

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum lögbundinna umsagnaraðila við matsáætlun vegna Múla vindorkugarðs.

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Borgarbyggð	
1.1	<p>„Skipulags- og byggingarnefnd telur að nokkuð vel sé gert grein fyrir fjölmörgu þáttum framkvæmdarinnar sem horfa þurfi til við umhverfismatið sem og gagna sem afla þarf og úrvinnslu þeirra. Borgarbyggð vill þó benda á nokkur atriði sem sveitarfélagið telur skipta máli varðandi matið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í kafla 2.2.3 Aðalskipulag, er umfjöllun um skilgreiningar og skilmála í aðalskipulagi er viðkoma áætlaðri framkvæmd við uppsetningu og rekstur vindorkuvers í landi Hvamms. <ul style="list-style-type: none"> ○ Borgarbyggð bendir á að í gildandi aðalskipulagi er afmörkuð hverfisvernd – birkiskógar og kjarr, neðan 200 m h.y.s. í hlíðum Hvammsmúla og einnig er hverfisvernd – flóar innan svæðis sem skilgreint er sem þróunarsvæði.“ 	<p>Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Í áframhaldandi vinnu við mat á umhverfisáhrifum verður tekið tillit til hverfisverndaðra svæða.</p>
1.2	<ul style="list-style-type: none"> • „Í umfjöllun í kafla 5.7 Samfélagsleg áhrif kemur fram að lagt verði mat á áhrif framkvæmdarinnar, áhrif á ferðaþjónustu og útivist. <ul style="list-style-type: none"> ○ Borgarbyggð leggur áherslu á að samráð sé haft við íbúa á svæðinu og aðra hagsmunaaðila sem mögulega geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar s.s. sumarhúsaeigendur og landeigendur sem ekki eiga lögheimili á svæðinu.“ 	<p>Samráð verður haft við íbúa samkvæmt lögbundnu samráðsferli. Skipulagsstofnun óskaði eftir athugasemdum á kynningartíma matsáætlunar og verður það aftur gert þegar umhverfismatskýrsla er tilbúin. Framkvæmdaraðili stóð auk þess fyrir opnum kynningarfundum 10. febrúar s.l. og stefnir á að halda annan kynningarfund þegar umhverfismatið er lengra á veg komið.</p>
1.3	<ul style="list-style-type: none"> • „Í kafla 4.8 kemur fram að gert sé ráð fyrir að allt að 100 starfsmenn verði við vinnu á framkvæmdatíma. <ul style="list-style-type: none"> ○ Gera þarf grein fyrir vinnubúðum eða dvalarstað þessara starfsmanna.“ 	<p>Í umhverfismatskýrslu verður nánar gerð grein fyrir vinnubúðum, umfangi þeirra, staðsetningu og hvernig lágmarka megi áhrif þeirra.</p>

1.4	<p>„Varðandi framkvæmd og rekstur vindorkuvers í Borgarbyggð þá þarf að koma til breyting á aðalskipulagi þar sem landnotkun, starfsemi og umfang er skilgreint sem og deiliskipulag fyrir svæðið. Sveitarstjórn Borgarbyggðar annast gerð skipulagsáætlana.</p> <p>Borgarbyggð bendir einnig á að ekki liggi fyrir stefna Borgarbyggðar hvað varðar vindorkuver í sveitarfélaginu í gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar, en í fyrirhugaðri endurskoðun verður unnin stefnumótun um nýtingu vindorku í samvinnu við íbúa sveitarfélagsins.</p> <p>Sækja þarf um framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi og stöðuleyfi hjá Borgarbyggð.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Framkvæmdin mun taka mið af stefnu sveitarfélagsins í vindorkumálum og verður gerð tillaga að breytingu á aðalskipulagi þegar þar að kemur.</p> <p>Sótt verður um öll nauðsynleg leyfi sem framkvæmdin er háð þegar þar að kemur.</p>
2	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	
2.1	<p>„2.2.1 Landskipulag og rammaáætlun</p> <p>Mikilvægt er að staðsetning vindorkuvera taki mið af gildandi landskipulagsstefnu um staðsetningu vindorkuvera og sé í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun“</p>	<p>Við mat á áhrifum vindorkugarðsins verður tekið mið af gildandi stefnum og lögum.</p>
2.2	<p>„2.2.3 Aðalskipulag</p> <p>Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulagi Borgarbyggðar og myndi framkvæmdin kalla á breytingu á því.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið Error! Reference source not found.1-4.</p>
2.3	<p>„4.12 Leyfi sem framkvæmdin er háð</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Námur sem nýttar eru til vegagerðar þurfa að hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. b. Þá kunna olíutankar á svæðinu að þurfa starfsleyfi skv. reglugerð nr. 880/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ef þeir eru yfir 10 þúsund lítrar. c. Starfsmannabúðir eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 með síðari breytingum. <p>Þá ætti að gera grein fyrir vatnsöflun á svæðinu og fráveitum þar sem við á.“</p>	<p>Sótt verður um öll viðeigandi leyfi sem framkvæmdin er háð þegar þar að kemur.</p>


2.4	<p>„5.3 Lífríki Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við aðferðafræðina en telur að jafnframt ætti að greina rask á náttúrulegum birkiskógum og votlendi sem fer undir framkvæmdina ef það á við. Þó svo að þessi svæði séu utan við skilgreiningu verndarsvæða ætti að skoða hvort þau hafi einhverja sérstöðu.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður rask á náttúrulegum birkiskógum og votlendi metið ef við á. Líkt og kemur fram í kafla 5.3.4.3 í matsáætlun mun matið byggja á rannsóknum á grunnástandi gróðurs þar sem vistgerðir verða kortlagðar. Eftir fremsta megni verður leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að forðast megi tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi.</p>
2.5	<p>„Vindmyllur hafa sums staðar haft veruleg neikvæð áhrif á fuglalíf. Á kynningarfundinum kom fram að unnt sé að auka sýnileika spaðanna t.d. með því að mála þá svarta, að sama skapi myndi sú aðgerð geta haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af náttúru.“</p>	<p>Möguleg áhrifum vindorkugarðsins á dýralíf verða metin þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Byggt á frammistöðustaðli Alþjóðalánastofnunarinnar (IFC) og bestu starfsvenjum verður leitast við að koma í veg fyrir, draga úr og bæta upp fyrir hugsanleg áhrif. Mótvægisáðgerðir verða ákvarðaðar í samstarfi við fuglafræðinga og landslagsarkitekta og útfærðar þannig að heildaráhrif verði sem minnst. Við útfærslu mótvægisáðgerða verður tekið tillit til þessarar athugasemdar.</p>
2.6	<p>„Skoða þarf sérstaklega áhrif á sjaldgæfa fugla s.s. arnarstofninn sem samanstendur af fáum pörum. Fjöldi fugla sem getur orðið fyrir áhrifum getur verið afstæður.“</p>	<p>Yfirgripsmiklar rannsóknir verða gerðar á fuglalífi á svæðinu. Rannsóknirnar munu ná yfir tveggja ára tímabil þar sem fylgst verður með tegundum og fjölda fugla, dreifingu þeirra, flugleiðum, varpstöðum og fleiru. Mat á áhrifum á fugla verður byggt á þessum rannsóknum. Til viðbótar við þær rannsóknir sem sérstaklega verða gerðar í tengslum við þetta umhverfismat hefur Qair Iceland stutt við rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á haförnum. Náttúrufræðistofnun stendur fyrir kortlagningu á ferðum hafarna með leiðarriturum og hefur Qair Iceland skuldbundið sig til að styrkja það rannsóknarverkefni með því að útvega leiðarritara árlega. Náttúrufræðistofnun veitir Qair Iceland gögn úr leiðarritum sem sýna ferðir hafarna í nágrenni verkefna Qair Iceland. Gögnin samstanda af GPS ferlum, hæðum og flugstefnum fugla, auk annarra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til þess að meta möguleg áhrif á hafarni.</p>
2.7	<p>„5.5. Hljóðvist Heilbrigðiseftirlitið telur að þó svo að unnt verði að halda hljóðvist innan við reglugerðarmörk s.s. nálægri byggð þá geti hávaði eða hljóð</p>	<p>Framkvæmdaraðili mun leitast við að lágmarka hljóðvistaráhrif eins og hægt er. Hljóðstig við viðtaka verður ekki stöðugt heldur breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni, en hljóðstigið er breytilegt eftir mörgum þáttum</p>

	<p><i>frá vindmyllum valdið ónæði. Þannig getur stöðugur niður sem mælist innan við meðaltalsmörk fyrir heilan sólarhring haft neikvæð áhrif á líðan og heilsu fólks. Fyrir íbúa og gesti getur þetta munað því að vera í þögn og að vera ekki lengur í þögn. Það kom fram á kynningarfundinum að unnt verði að stýra vindmyllum þannig að þeim sé snúið eða slökkt sé á ákveðnum vindmyllum við vissar aðstæður þannig að hljóðvist sé skipulögð. Heilbrigðiseftirlitið telur engu að síður að það geti verið mikil áskorun að ná sátt um þessi mál.“</i></p>	<p>s.s. vegna vindhraða og vindstefnu o. s. frv. Á grundvelli ítarlegra rannsókna á hljóðvist, sem mun m.a. samanstanda af mælingum á umhverfishljóðum, verður lagt mat á hljóðvistaráhrif og verða niðurstöðurnar birtar í umhverfismatsskýrslu. Lagðar verða til viðeigandi mótvægisáðgerðir til þess að koma í veg fyrir áhrif eins og hægt er.</p>
2.8	<p><i>„5.6 Landslag og ásýnd Staðarval framkvæmdar er á svæði sem er að mestu óraskað og má skilgreina sem óbyggð víðerni. Slík svæði eru að verða æ sjaldgæfari í heiminum og má reikna með að virði slíkra svæði muni aukast mikið í framtíðinni. Í umhverfismatsskýrslu ætti að fjalla verðmæti víðerna með tilliti til þess að manngera þau.“</i></p>	<p>Við mat á landslagi og ásýnd verður tekið tillit til óbyggðra víðerna og gerð grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu.</p>
2.9	<p><i>„Lokaorð Heilbrigðiseftirlitið telur að matsáætlunin sé vönduð og metnaðarfull og að tekið sé á flestum þáttum sem þörf er á að skoða. Það kemur þó nokkuð á óvart hvað verkefnið virðist langt komið í ljósi þess að ekki liggur fyrir hvort framkvæmdin verði heimiluð.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Hún krefst ekki frekari viðbragða.</p>
2.10	<p><i>„Undirritaður telur ekki útilokað að vindmyllur geti haft neikvæð áhrif á virði nálægs lands og fasteigna vegna sjónrænna áhrifa og vegna breytinga á hljóðstigi. Kanna ætti í umhverfismati viðhorf íbúa á svæðinu og ferðaþjónustuaðila til vindorkugarðs á þessum stað.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á umhverfis- og samfélagsleg áhrif vindorkugarðsins, þar með talið sjónræn áhrif og áhrif á hljóðvist. Jafnframt er íbúum á svæðinu, ferðaþjónustuaðilum og öðrum hagsmunaaðilum velkomið að leggja fram athugasemdir á kynningartíma umhverfismats. Öllum var gefið tækifæri að leggja fram athugasemdir á kynningartíma matsáætlunar og á opnum fundi framkvæmdaraðila 10. febrúar 2022. Að auki var óskað eftir tillögum staðkunnugra varðandi val á myndatökustöðum fyrir gerð fyrir/eftir mynda sem nýttar verða við mat á landslagi og ásýnd. Þá verður einnig óskað eftir athugasemdum á kynningartíma umhverfismatsskýrslu, á næsta kynningarfundum framkvæmdaraðila og í tengslum við breytingar á aðalskipulagi.</p>

3	Landsnet	
3.1	<p>„Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.</p> <p>Landsnet tekur undir og ítrekar mikilvægi þess að samráð verði haft við fyrirtækið um tengimöguleika og að fjallað verði um það frummatsskýrslu. Landsnet leggur á það mikla áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við Landsnet, eins og lýst er í skilmálum fyrirtækisins um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1.[1] Brýnt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku.</p> <p>Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og ef þurfa þykir óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.“</p>	<p>Samráð verður haft við Landsnet vegna tengimöguleika og gerð grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu. Jafnframt verður niðurstöðum kerfisgreiningar komið til Landsnets.</p>
3.2	<p>„Leyfi Landsnets þarf vegna tenginga við flutningskerfi fyrirtækisins. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Sótt verður um leyfi vegna tenginga við flutningskerfi og vegna vinnu við nálæg flutningsvirki í rekstri.</p>
4	Minjastofnun Íslands	
4.1	<p>„Í kafla 4 í matsáætlun eru ýmsar upplýsingar um framkvæmdina. Þar er fjallað um tengingu vindorkugarðsins við flutningskerfi Landsnets. Raforka sem vindmyllurnar framleiða verður flutt með jarðstrengjum og safnað í safnstöð innan svæðisins. Þaðan verður raforka flutt inn á flutningskerfi Landsnets í gegnum háspennulínur. Fram kemur að næstu tengivirki við svæðið eru tengivirki Landsnets í Hrutatungu eða Vatnshömrum. Ekki kemur fram að fara þurfi í vegagerð utan framkvæmdasvæðisins. Í kafla 4.9 er fjallað um efnisþörf. Þar segir að ef</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir tengingu við flutningskerfi og samráð haft við Landsnet um þau mál.</p> <p>Ef efni verður sótt í námur utan framkvæmdasvæðisins verður það frá samþykktum efnistökusvæðum þar sem tilskilinna leyfa hefur verið aflað.</p>

	<p><i>þörf verður á efni umfram það sem fæst á svæðinu séu líklegt að það efni verði sótt í nálægar námur utan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun minnir á að skrá þarf fornleifar á öllum svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað vegna framkvæmdarinnar. Ekki einungis á svæðinu innan vindorkugarðsins.“</i></p>	
4.2	<p><i>„Minjastofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði útlínur og staðsetning fornleifa sýnd á loftmynd/korti ásamt útlínum mannvirkja sem fyrirhugað er að reisa. Þannig koma áhrif mannvirkja á fornleifa skýrt fram.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða útlínur og staðsetning allra fornleifa sýnd á loftmynd/korti ásamt útlínum vindmylla og annarra mannvirkja samkvæmt bráðabirgðastaðsetningu.</p>
4.3	<p><i>„Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Loks skal vakin athygli á 31. gr. laganna en þar segir m.a.: Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Gildandi lögum um menningarminjar verður fylgt.</p>

5	Náttúrufræðistofnun Íslands	
5.1	<p>„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir matsáætlunina og telur að í henni sé komið inn á þá þætti sem þarf að fjalla um í frummatsskýrslu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar áður bent á að í flestum tilvikum þegar um er að ræða vindorkugarða þá er líklegt að áhrif þeirra á náttúrufar verði mest á landslag og fuglalíf þar undir m.a. jarðminjar, búsvæði og farleiðir fugla allt eftir stærð og staðsetningu vindorkugarðanna.“</p>	Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina, hún krefst ekki svars.
5.2	<p>„Framkvæmdasvæði og framkvæmdalýsing</p> <p>Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, frístundabyggð og óbyggt land í gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Mikilvægt er að sýnt sé á korti staðsetning býla og frístundahúsa og annarra innviða því tengt þ.m.t. göngustígar ef einhverjir eru þannig að hægt sé að leggja mat á t.d. áhrif á útivist og ásýnd frá þeim sjónarhól.“</p>	Í umhverfismatsskýrslu verða staðsetningar allra bygginga, vega, göngustíga og annarra viðeigandi innviða sýndar á korti og þær upplýsingar nýttar við mat á áhrifum, eins og við á.
5.3	<p>„Ekki kemur fram í matsáætlun hvert áætlað magn nýrra vega og vegslóða er innan framkvæmdasvæðisins verður. Miðað við að áætluð lögn jarðstrengja er um 12 km má reikna með að lengd vega og vegslóða verði a.m.k. 12 km og einnig kemur fram að vegir verða 4,5 m breiðir Út frá þessu er ljóst að vegir í tengslum við vindorkugarðinn munu hafa mikil áhrif á umhverfið og gróðurþekju.“</p>	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir gerð vega og slóða. Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gróður mun taka mið af því landi sem raskast. Eftir fremsta megi verður reynt að staðsetja vegi þannig að forðast megi tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi.
5.4	<p>„Vegna eðlis og umfangs mun áætluð framkvæmd fela í sér mikla breytingu á notkun og ásýnd svæðisins og töluverðu raski á lítt snortinni náttúru og því mikilvægt að greinargott mat fari fram á umhverfisáhrifum innan framkvæmdasvæðis og á stærra áhrifasvæði.</p> <p>Meðfylgjandi kort Náttúrufræðistofnunar sýnir óbyggð víðerni samkvæmt skilgreiningu Náttúruverndarlaga. Vindorkugarðurinn Múli (merktur með rauðu) myndi skerða þessi víðerni enn frekar en nú er.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.8.



5.5

„Aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum

Matsáætlunin og aðferðafræði við einstaka rannsóknarþætti og endanlegt mat á áhrifum byggist að stórum hluta á erlendum fyrirmyndum, sérstaklega er varðar líffræðilega fjölbreytni. Til dæmis er stuðst við svokallaðan frammistöðustaðal 6 (PS6) sem Alþjóðalánastofnunin (International Finance Corporation) hefur útfært fyrir fjármálastofnanir, fyrirtæki og aðra aðila sem standa í stórfelldum framkvæmdum. Staðallinn fjallar sérstaklega um líffræðilega fjölbreytni, náttúrulegt umhverfi og náttúruauðlindir. Ekki er enn komin hefð fyrir notkun þessa staðals hérlendis og þar af leiðandi getur reynst erfitt að meta notkun hans í samhengi þess matskerfis sem er innleitt í íslenskt regluverk um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Sé búist við aukningu í notkun slíkrar aðferðafræði, væri æskilegt að

Athugasemdin krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

	<p><i>Skipulagsstofnun eða annar opinber aðili myndi útfæra leiðbeiningar um notkun þeirra hér á landi.</i></p> <p><i>Verðugt verkefni er að samræma þessa aðferðafræði og hugtakanotkun henni tengdri við nágildandi umhverfi regluverks, stjórnsýslu og faglegrar umfjöllunar héraðs og að sjálfsögðu uppfæra og bæta hið síðarnefnda eins og hæfir. Meðal annars þarf að greina hvernig slík aðferðafræði samræmist alþjóðlegum skuldbindingum Íslands er varða líffræðilega fjölbreytni svo sem á vettvangi Samnings Sameinuðu Þjóðanna (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamningsins. Náttúrufræðistofnun mælist til að íslensk stjórnvöld taki þetta til skoðunar.“</i></p>	
5.6	<p><i>„Fram kemur í kafla 5.8 að stefnt sé að því að meta samlegðaráhrif við önnur áform um vindorkugarða á nálægum svæðum t.d. á Grjóthálsi og í landi Króks. Þetta er mjög mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar, sérstaklega með tilliti til áhrifa á fuglalíf og ásynðar.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi þess að samlegðaráhrif séu metin. Athugasemdin krefst ekki frekari viðbragða.</p>
5.7	<p><i>„Jarðminjar</i></p> <p><i>Umfjöllun um jarðminjar í matsáætlun er mjög takmörkuð og ekki útskýrt nákvæmlega hver viðfangsefni jarðfræðinga verða við mat á áhrifum framkvæmdar á jarðminjar. Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi um jarðfræði Baulusvæðisins:</i></p> <p><i>Innan svæðisins eru fjöldi bergganga og misgengja sem er nokkuð algengt að finnist í gamla berggrunninum. Ekkert nákvæmt jarðfræðikort er til af svæðinu og því þörf á frekari rannsóknum. Í norðan við fyrirhugaðan vindorkugarð eru bergmyndanir eftir forna megineldstöð, Reykjadalselfstöðin, kennd við Reykjadal í Dölum. Hún var virk fyrir um 4,5-6 millj árum. Jarðfræðin á svæðinu er afar flókin og eru Baula og Litla Baula taldar tilheyra þessari eldstöð.</i></p> <p><i>Baula hefur verið aldursgreind 3,5 millj ára, því töluvert yngri en Reykjadalselfstöðin. Haukur Jóhannesson jarðfræðingur telur að Baula sé eftirhreytur eldstöðvarinnar. Skiptar skoðanir eru á því hvort að Baula sé hraungúll sem myndaðist í troðgosi, að öllum líkindum undir</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar.</p> <p>Gert er ráð fyrir að við matið verði svæðið kortlagt af jarðfræðingum. Helstu jarðmyndanir, berggrunnur, ár, lækir og vötn verða kortlögð og gerð grein fyrir í sérstakri skýrslu. Jarðfræðikortlagningin verður gerð með úttekt jarðfræðings um svæðið, sem skoðar og rannsakar þá jarðfræðilegu þætti sem eru á svæðinu. Einnig verður stuðst við loftmyndir og fyrri rannsóknir á svæðinu. Niðurstöðurnar verða birtar í sérstakri skýrslu. Gerð verður grein fyrir þeim jarðmyndunum sem þar finnast og ítarlega umfjöllun fá þær jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar. Við mat á áhrifum á jarðmyndanir verður haft samráð við Náttúrufræðistofnunar Íslands í gegnum samráðsferli umhverfismatsins.</p>

<p>jökli vegna stuðlabergsins. Aðrir telja að Baula sé bergeitill sem myndaðist vegna grunns kvikuinskots líparíts í fornan hraunlagastafra svæðisins. Talið er að Litla-Baula hafa myndast í sama gosi, suðvestur hlíð hennar er einnig úr líparíti nema þá hafi kvikan komist á yfirborð, jafnvel gos undir jökli.</p> <p>Baula er formfagurt fjall sem setur mikinn svip á landslagið í Borgarfirði og í Dölum. Hún er ljós að lit vegna líparíts. Hlíðar Baulu eru afar skriðurunnar, smáflögótt berg eða grófkubbótt stórgryti. Ákaflega fallegt stuðlað berg er í vestur hlíð fjallsins</p> <p>Nokkuð er um fossa í Litluá vestan við Hvammsmúla. Fossar njóta verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga, en ekki hefur verið lagt mat á verndargildi þeirra sérstaklega og er þörf á því.</p> <p>Mikilvægt er að taka fram að ásýnd og nánasta umhverfi stórra jarðmyndana eins og Baulu hefur einnig áhrif á verndargildi hennar og taka þarf tillit til þess í umhverfismatinu þótt ekki sé hætt á eiginlegu jarðraski. Sama á við um jarðminjar sem setja svip á umhverfið eins og bergganga og fossa.“</p>	
<p>5.8 <u>„Gróðurfar og vistgerðir</u></p> <p>Á svæðinu er eitthvað um hallamýrar í hlíðum en helst ber að nefna mýrar í Fossaskarði norðan Litlu Baulu og mýrar á hábungu Hvammsmúla. Að mestu leyti er um að ræða starungsmýrar en mögulega gulstararflóa og fleiri mýravistgerðir. Mýrlendið er ekki samfellt og engin vötn finnast í því en um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi. Kaldavermsl eru á svæðinu. Þá eru áhrif landbúnaðar lítil og engin framræsla verið reynd á mýrunum.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir. Gróður verður kortlagður og eftir fremsta megi leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að forðast megi tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er.</p>
<p>5.9 <u>„Náttúrulegt birkikjarr vex í hlíðum Hvammsmúla og teygir sig inn dalinn með Litluá að vestan og Sanddalsá að austan. Líklega er rétt það sem tiltekið er í matsskýrslu að þar sé um kjarrskógavist og lyngskógavist að ræða þótt ekki sé hægt að útiloka blómskógavist. Allar vistgerðirnar þrjár hafa þó hátt verndargildi í frummati og endurmati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt landupplýsingaþekju NÍ er</u></p>	<p>Innan rannsóknarreitanna verða tegundir skráðar, tegundafjölbreytni metin og leit og skráning gerð að tegundum sem njóta verndar. Jafnframt verður vistgerðum innan reitanna lýst. Með rannsóknarreitum er því mögulegt að flokka vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og á sama tíma safna gögnum yfir tegundir plantna á svæðinu. Til viðbótar</p>

<p><i>ekki að finna æðplöntutegundir á valista á þessu svæði en nokkuð sjaldgæfar tegundir hafa fundist t.d. jöklasóley.</i></p> <p><i>Gert er ráð fyrir tveimur vettvangsferðum, 2022 og 2023. Í þeirri fyrri liggur fyrir að mæla háplöntur og lágplöntur á 50x50 cm mælireitum og verða gögnin notuð við að flokka viðkomandi mælireit til vistgerða. Mælingar á smáreitum taka tímann sinn og því er líklegt að þessi mæligögn ættu að svara annars konar spurningum í úttektinni en einungis að flokka til vistgerða. Áhugavert væri að sjá niðurstöður sambærilegra úttekta til að meta gagnsemi aðferðarinnar. Í seinni ferðinni er áhersla lögð á úttekt á vindmyllustæðum. Markmið úttektar fyrra árið ætti því að vera að fá góða gróðurfarslega mynd af heildarframkvæmdasvæðinu.</i></p> <p><i>Á mynd 5.13 eru rannsóknarreitir sýndir á korti sem “staðsetningar þar sem gróðurfar verður rannsakað”. Framkvæmdasvæðið er þó mun stærra og Náttúrufræðistofnun telur sérkennilegt að engir rannsóknareitir séu vestan Litluár. Einnig er einungis gert ráð fyrir einum rannsóknareit í birkikjarr, sem hefur hátt verndargildi sem er of lítið að mati Náttúrufræðistofnunar. Þá er óljóst hver tilgangur rannsóknareitanna er, þar sem ekkert er minnst á þá í aðferðafræðinni.”</i></p>	<p>verður sérstök leit gerð að viðkvæmum tegundum og/eða tegundum sem njóta verndar utan reitanna.</p> <p>Á fyrra ári gróðurrannsóknna verður einblínt á þau svæði þar sem líklegast er að vindmyllur verði staðsettar, þ.e. efst á Hvammsmúla. Gagna verður einnig aflað innan birkikjarsins en þær rannsóknir verða þó ekki eins umfangsmiklar, auk þess sem aðferðafræðin verður önnur og rannsóknarreitir stærri (5mx5m). Ef til þess kemur að einhver hluti verkefnisins verði staðsettur þar sem birkikjarr vex eða vestan Litluár verður gróðurúttekt gerð á þeim svæðum á seinna ári gróðurrannsóknna og nákvæm staðsetning vindmylla ákvörðuð þannig að eftir fremsta megni sé reynt að forðast viðkvæmar tegundir.</p> <p>Aðferðafræðin er aðlöguð sérstaklega að þessu umhverfismati og tekur mið af svæðinu og þeim plöntutegundum og vistgerðum sem þar mögulega vaxa.</p>
<p>5.10 <u>„Fuglalíf</u></p> <p><i>Lýsingar á fuglaathugunum eru ítarlegar og Náttúrufræðistofnun telur að áætlaðar athuganir ættu að ná fram ágætis mati á fuglalífi svæðisins. Svæðið telst ekki mikilvægt fuglasvæði en þó er líklegt á svo ósnortnu svæði að mófuglalíf geti verið fjölbreytt og auk þess eins og fram kemur í matsáætlun er þekkt fákaóðal innan framkvæmdasvæðis. Smyrill og hrafn eru einnig líklegir varpfuglar og þá hafa athuganir sýnt að umferð hafarna um Norðurárdal er töluverð. Ferðir ránfugla um svæðið eru ekki bundnar við varptíma eða hefðbundinn fartíma. Þar sem ránfuglar eru sérstaklega viðkvæmir fyrir áflugi á vindmyllur er mjög mikilvægt að kortleggja ferðir þeirra vandlega um áætlað framkvæmdasvæði. Sett hafa verið senditæki á 6-11 hafarnarunga undanfarin þrjú ár (2019-2021), m.a. með stuðningi framkvæmdaðila.</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina, hún krefst ekki viðbragða.</p>

	<p><i>Ætlunin er að halda þessu áfram a.m.k í tvö ár, svo fyllri mynd mun fást af ferðum arna um þetta svæði á komandi árum. Virkni sendanna er minnst yfir háveturinn vegna þess að þeir ganga fyrir sólarrafhlöðum en á þeim tíma hefur borið töluvert á örnum í Norðurárdal.“</i></p>	
5.11	<p><i>„Sérkennilegt er að einungis eigi að nota ratsjarmælingar yfir 8 mánaða tímabil og mælt með að þær nái yfir allt árið og best væri ef hægt væri að fá tveggja ára mælingaröð. Þannig minnka líkur á að óvenjulegt árferði hafi áhrif á niðurstöðurnar. Ekki kemur fram hvar áætlað sé að staðsetja ratsjána. Landslag er mjög hæðótt og því skiptir máli að ratsjá sé staðsett þannig að hún nái yfir sem stærst flugsvæði án truflana. Mögulega þarf að velja fleiri en einn stað fyrir ratsjarmælingar.“</i></p>	<p>Miðað er við að ratsjarmælingar nái utan um farfugla að vori og hausti og flugleiðir varpfugla að sumri. Rannsóknir til tveggja ára sem samanstanda af sjónarhólmælingum og sniðlínukönnunum verða notaðar til að meta sveiflur milli ára. Lengd og tímasetning ratsjarmælinga er í samræmi við fyrri aðferðalýsingar sem unnar hafa verið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og í samræmi við fyrri umsagnir stofnunarinnar við matsáætlanir vegna vindorkugarða.</p> <p>Staðsetning ratsjár hefur verið vandlega rannsökuð og byggist valið á legu og hæð landsins, tæknilegum eiginleikum ratsjárinnar, svæðunum sem þarf að skoða og fleiru. Staðsetningin sem varð fyrir valinu tryggir að ratsjain nái yfir sem stærstan hluta framkvæmdasvæðisins og að skuggasvæði séu sem minnst. Af þessum ástæðum er ekki talin þörf á að breyta staðsetningu ratsjárinnar á því 8 mánaða tímabili sem ratsjárathuganir ná yfir. Með því að breyta staðsetningunni hindrar það samanburð á niðurstöðum milli mánaða.</p>
5.12	<p><u>„Ásýnd og landslag</u> <i>Vegna nálægðar áætlaðs framkvæmdasvæðis við íbúasvæði, útivistarsvæði og þjóðveg er ljóst að ásýndaráhrif verða umtalsverð og hafa áhrif á marga sem dvelja eða fara um svæðið. Athygli vekur að flestir myndatökustaðir sem notast skal við eru frekar fjarri framkvæmdasvæðinu. Eðlilegt væri að leggja mat á ásýnd frá helstu stöðum í næsta nágrenni s.s. býlum, frístundahúsum, veiðistöðum við Norðurá, af Holtavörðuheiði og frá þjóðveginum. Þá ætti að horfa til þess að setja ásýndaráhrif í samhengi við mikilvæg kennileiti og hvernig útsýni að þeim verður fyrir áhrifum. Þar er Baula sérstaklega mikilvæg en einnig önnur fjöll í umhverfinu. Til dæmis er sérkennilegt að ekki sé myndatökustaður við þjóðveginn skammt austan við áætlað framkvæmdasvæði, t.d. austan við Krók eða Sveinatungu. Einnig vantar</i></p>	<p>Sjónræn áhrif vindorkugarðsins verða metin í umhverfismatsskýrslu. Í matsáætlun eru sýndar tillögur að myndatökustöðum, sem byggja m.a. á sýnileikagreiningu. Við valið var leitast við að endurspegla sem best mismunandi sjónarhorn, fjarlægðir, og sjónræna upplifun á svæðinu.</p> <p>Á kynningartíma matsáætlunar var samráðs leitað hjá íbúum í nágrenni framkvæmdarsvæðisins og öðrum staðkunnugum við val á myndatökustöðum. Útbúin var rafræn samráðsgátt um myndatökustaði sem kynnt var á opnum kynningarfundum 10. febrúar síðastliðinn. Þar var öllum boðið að merkja inn tillögur á kort. Þær tillögur, ásamt skriflegum ábendingum sem þessum, verða nýttar við lokaval á myndatökustöðum sem mat á landslagi og ásýnd mun m.a. byggja á. Auk þess verður haft samráð við Skipulagsstofnun við lokaval á myndatökustöðum. Myndatökustaðir skulu endurspegla útsýni á svæðinu en við val á</p>

	<p>myndatökustað af toppi eða úr hlíðum Baulu eða Litlu Baulu sem bæði eru vinsæl hjá fjallgöngufólki sem og önnur nálæg fjöll eins og Hraunsnefsöxl og Grjótháls. Miðað við frumathugun á sýnileika vindmylla eins og framsett er á mynd 5.15 er ljóst að þær munu sjást mjög víða að úr mikilli fjarlægð sérstaklega úr austri og suðri. Bæta ætti við myndatökustöðum frá völdum stöðum úr slíkri fjarlægð t.d. vinsælum útivistarsvæðum til að sýna myndrænt hvernig þau ásýndaráhrif gætu orðið.</p> <p>Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemda á síðari stigum.“</p>	<p>myndatökustöðum skal þó tekið tillit til öryggis ljósmyndara og aðgengis að stöðunum.</p> <p>Stuðst er við leiðbeiningar NatureScot (Scotland's Nature Agency) við val á myndatökustöðum¹.</p>
6	Orkustofnun	
6.1	<p>„Samkvæmt 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver og afmarkar framangreint lagaákvæði stjórnslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd á síðari stigum.“</p>	<p>Sótt verður um leyfi Orkustofnunar vegna uppsetningar og reksturs vindorkugarðsins þegar þar að kemur.</p>
6.2	<p>„Í matsáætluninni kemur fram að gert sé ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði á bilinu 13-17 alls, og að vindorkugarðurinn komi til með að vera 78-95 MW.</p> <p>Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið verið tilkynnt til Orkustofnunar í 4. áfanga rammaáætlunar (R4339A-Múli), og í þeim gögnum sem fylgdu umsókn þeirri er tekið fram að vindmyllur verði í heildina alls 13 talsins, með áætlað afl 72,8 MW, með hámarksafli 95 MW.</p> <p>Orkustofnun vill benda á að nauðsynlegt sé að samræma þessar upplýsingar, á hvorn veginn sem það verður, þ.e. breyta upplýsingum í umsókn til rammaáætlunar, eða breyta upplýsingum í umræddri skýrslu matsáætlunar til Skipulagsstofnunar. Orkustofnun bendir á að komi til þess að umræddur virkjunarkostur fari í gegnum rammaáætlun, verða þær upplýsingar um fjölda vindmylla sem fylgdu umsókninni bindandi á stigi umhverfismats framkvæmda og áætlana.</p>	<p>Heildarfjöldi og nákvæm staðsetning vindmylla mun byggja á ítarlegum rannsóknum þessa umhverfismats og m.a. ráðast af umhverfislegum, samfélagslegum og tæknilegum þáttum framkvæmdarinnar. Lokafjöldi vindmylla verður tilgreindur í umhverfismatsskýrslu og tilkynntur viðeigandi aðilum, þ.m.t. Orkustofnun.</p> <p>Uppfærð gögn voru send Orkustofnun í desember 2020.</p>

¹ <https://www.nature.scot/sites/default/files/2019-09/Guidance%20-%20Visual%20representation%20of%20wind%20farms%20-%20Feb%202017.pdf>

	<i>Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar vegna leyfisveitingastofnunarinnar á síðari stigum.“</i>	
7	Samgöngustofa	
7.1	<i>„Samgöngustofa gerir ekki athugasemd við matsáætlunina, enda gerir tillaga að matsáætlun ráð fyrir samráði við stofnunina undir kafla 6 í matsáætlun dags. 25. janúar 2022.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir athugasemdina, hún krefst ekki svara.
7.2	<p><i>„Ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana sem tók gildi 15. september 2019, sem dregur saman og skýrir lög, reglugerðir og alþjóðasamninga sem gilda um merkingu hindrana, þ.m.t. vindmylla má finna á þessari vefslóð: (http://www.samgongustofa.is/media/log-og-reglur-i-flugmalum/akv1a209.pdf)</i></p> <p><i>Samgöngustofa vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi fyrirhugað umhverfismat, deiliskipulag og framkvæmdir:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>• Mikilvægt er að farið sé að kröfum laga um loftferðir og reglugerða settum með stoð í þeim, m.a. vegna hindrana í nágrenni flugvalla, í aðflugsléiðum, leiðarhindrana o.fl.</i> <i>• Ef hindrun er nálægt áætlunarflugvelli eða öðrum lendingarstöðum leggur Samgöngustofa áherslu á að við fyrirhugað skipulag/framkvæmd sé farið að kröfum reglugerðar 464/2007 sem vísar til viðeigandi greina í Viðauka 14 við stofnsamning reglugerðar Alþjóðaflugmálstofnunarinnar (ICAO).</i> <i>• Ef hindrun er nálægt alþjóðaflugvelli leggur Samgöngustofa áherslu á að við fyrirhugað skipulag sé farið að kröfum reglugerðar nr. 75/2016 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, en sú reglugerð innleiðir reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014</i> 	Framkvæmdaraðili þakkar ábendingar Samgöngustofu og verður tekið tillit til þeirra í umhverfismatsskýrslu.

	<ul style="list-style-type: none"> • Tilkynna þarf þessar hindranir til færslu á flugleiðsögukort áður og eftir að hindrunin hefur verið reist. Mæligögn vegna hindrana skulu vera af þeirri nákvæmni sem krafist er í reglugerð 772/2010. Tilkynna skal til Samgöngustofu auk afrits á Isavia ANS og Landhelgisgæslu Íslands. • Tryggja þarf m.a. viðeigandi merkingar og hindranaljós séu einnig sýnileg með nætursjónaukum (NVG). • Athygli er vakin á 68. grein laga nr. 60 um loftferðir frá árinu 1998 en þar segir: „Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að tálmar utan svæðis sem skipulag tekur yfir, er vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð, séu fjarlægðir eða merktir.“ • Í frummatsskýrslu þarf að sýna fram á að sú uppsetning vindmylla sem hér um ræðir sé ekki hættuleg flugumferð. Rétt er að benda á að lágmarkshæð loftfara í sjónflugi utan þéttbýlis er 500 fet.“ 	
8	Umhverfisstofnun	
8.1	<p>„Mat á umhverfisáhrifum þeir umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og verður fjallað nánar um í umhverfismatsskýrslu eru skv. matsáætluninni jarðminjar, lífríki (þ.m.t. fuglar), menningarminjar, hljóðvist, landslag, ásýnd og samfélag. þeir valkostir sem skoðaðir verða varða uppröðun og staðsetningu vindmylla innan skilgreinds þróunarsvæðis. Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda matsáætlun og telur að í henni séu tilgreindir þeir þættir sem helst munu hafa áhrif vegna framkvæmdarinnar. Þó telur stofnunin vert að neðangreind atriði séu höfð til hliðsjónar við gerð umhverfismatsskýrslu umfram það sem kemur fram í matsáætlun.“</p>	Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina, hún krefst ekki svar.
8.2	<p>„Votlendi Umhverfisstofnun bendir á að á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um</p>	Líkt og fram kemur í matsáætlun verður eftir fremsta megni leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að forðast megi tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er. Ef brýn nauðsyn er á röskun

<p>náttúruvernd. Í matsáætlun kemur fram að dæmi um mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika verði m.a. sneitt hjá áhrifum með því að forðast rask á náttúrulegum búsvæðum sem þykja mikilvæg, t.d. votlendis.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlögunna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á vistkerfi eða jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Mikilvægt er að í umhverfismati komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi, ef framkvæmdin veldur slíkri röskun“</p>	<p>vistkerfa eða jarðminja sem njóta sérstakrar verndar verða færð rök fyrir því í umhverfismatskýrslu og munu niðurstöður matsins taka mið af því.</p>
<p>8.3 „Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvæðinganna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið</p>	<p>Athugasemdin krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.</p>

	<p><i>sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.“</i></p>	
8.4	<p><i>„Birkiskógur</i> <i>Umhverfisstofnun bendir á að sunnarlega á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er birkiskógur en samkvæmt skógavefsjá² Skógræktarinnar eru birkitrén á bilinu 2-3 m á hæð og krónuþekja er 80%. Stofnunin bendir á að skv. b. lið 1. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré sérstakrar verndar. Skv. 7. mgr. sömu greinar heldur Skógræktin skrá yfir birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaraðila á að fá úr því skorið hjá Skógræktinni hvort um sé að ræða birkiskóg sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaganna.</i></p> <p><i>Skv. mynd 5.13 er syðsti rannsóknarreiturinn á svæði þar sem áðurnefndur birkiskógur vex. Umhverfisstofnun telur jákvætt að það svæði verði metið og bendir á að ef um náttúrulegan birkiskóg sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga er að ræða gilda um hann 3. mgr, 4. mgr og 5. mgr. 61. greinarinnar.</i></p> <p><i>Enn fremur bendir Umhverfisstofnun á 19. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 en samkvæmt henni er varanleg eyðing skóga að hluta eða í heild óheimil.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili mun leita til Skógræktarinnar til þess að fá úr því skorið hvort að birkiskógur í syðri jaðri framkvæmdarsvæðisins fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Að öðru leiti er vísað til svars við athugasemd í lið 8.2 og lið 5.9.</p>
8.5	<p><i>„Landslag og ásýnd</i> <i>Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi.</i></p> <p><i>Í matsáætlun kemur fram að við mat á áhrifum á ásýnd verður stuðst við leiðbeiningar NatureScot um sjónrænt mat á vindmyllum. Lagt er til</i></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.8.</p>

² Náttúrulegt birki á Íslandi (arcgis.com)

að rannsóknarsvæðið nái 45 km út frá ystu vindmyllum vindorkugarðsins í allar áttir, líkt og kveðið er á um í áðurnefndum leiðbeiningum fyrir vindmyllur með allt að 200 m langa spaða. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að ætlunin sé að meta svo stórt svæði enda mun að mati stofnunarinnar áhrifa vindmyllanna á landslag og ásynð gæta mjög víða. Samkvæmt mynd 5.5 í matsáætlun munu t.a.m. 13 vindmyllur vera sjáanlegar frá hluta friðlandsins Geitlandi, frá Arnarvatnsheiði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár og frá svæðum sem hafa verið skilgreind sem óbyggð víðerni.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði og víðerni, segir í e. lið 1. mgr.: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“

Óbyggð víðerni eru í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Á Íslandi er að finna stóran hluta allra óbyggðra víðerna í Evrópu og því er mikilvægt að stuðlað sé að verndun þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á unnin hefur verið skýrsla sem ber heitið Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu sem kom út í október árið 2021.³ Skv. korti sem þar er lagt fram má glöggst sjá að finna má óbyggð víðerni í námunda við framkvæmdasvæðið, innan 5 km. Umhverfisstofnun telur því að í umhverfismatskýrslu skuli fjalla um áhrif framkvæmdar á upplifunargildi óbyggðra víðerna á áhrifasvæði framkvæmdar, m.a. ásynð svæðanna.“

³ https://www.hi.is/sites/default/files/mas/ostmanetal2021_wildernessiceland.pdf

8.6	<p>„Verndarsvæði</p> <p>Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að engin verndarsvæði séu innan eiginlegs framkvæmdarsvæðis, sé mikilvægt að metin verði áhrif framkvæmdarinnar á þau verndarsvæði þar sem margar vindmyllur verða sjáanlegar. Skv. mynd 5.15 má gera ráð fyrir að í friðlandinu Geitlandi, vestan við Langjökul, verði 13 vindmyllur sjáanlegar. Einnig má gera ráð fyrir að fjöldi vindmylla verði sjáanlegur á Arnarvatnsheiði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár.</p> <p>Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að í umhverfismatskýrslu verði metin áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði en þau má m.a. sjá á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁴“</p>	<p>Við mat á landslagi og ásýnd verður tekið tillit til verndarsvæða, þ.m.t. friðlandinu Geitlandi og Arnarvatnsheiði.</p>
8.7	<p>„Vinnubúðir</p> <p>Fram kemur í matsáætlun að gert verði ráð fyrir að um 100 starfsmenn verði við vinnu á þróunarsvæðinu þegar mest verður. Ekki er gerð grein fyrir vinnubúðum sem hljóta að fylgja slíkum hópi starfsmanna.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismatskýrslu er mikilvægt að fjalla um áhrif vinnubúða og hvernig megi lágmarka þau. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að fráveitumál samræmist reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Í umhverfismatskýrslu verður nánar gerð grein fyrir vinnubúðum, umfangi þeirra, staðsetningu og hvernig lágmarka megi áhrif þeirra. Fráveitumál verða í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.</p>
8.8	<p>„Olíumengun</p> <p>Í matsáætlun segir að á rekstartíma gæti verið þörf á olíu til að viðhalda gírkassa vindmyllunnar en þá þyrfti hver vindmylla um 500 lítra af olíu á 5 ára tímabili. Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þurfi um hvernig olían verði geymd í umhverfismatskýrslu en hún skal samræmast reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.“</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður nánar gerð grein fyrir geymslu á olíu í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.</p>
8.9	<p>„Vegir</p>	<p>Við gerð skipulags fyrir framkvæmdasvæðið er varðar vegagerð verður það í samræmi við reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.</p>

⁴ <https://natturuminjaskra.ni.is/>


	<i>Umhverfisstofnun bendir á að við gerð skipulags fyrir framkvæmdarsvæði er varðar vegagerð skal það vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Í 3. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.“</i>	
9	Veðurstofa Íslands	
9.1	<i>„Bent skal á að í matsáætluninni er ekkert fjallað um þá náttúruvá sem kann að hafa áhrif á vindorkugarðinn. Má þar sérstaklega nefna illviðri og ísingarhættu.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um náttúruvá sem kann að hafa áhrif á vindorkugarðinn, s.s. illviðri og ísingarhættu.
10	Vegagerðin	
10.1	<i>„Vegagerðin óskar eftir upplýsingum sem geta varðað umferðaröryggi svo sem nálægð framkvæmdasvæðis við vegi, sjónræn truflun vegfarenda, ískast og möguleika á ókyrrð í lofti. Huga þarf að sjónrænum áhrifum á vegfarendur sem geta haft áhrif á umferðaröryggi.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gerð grein fyrir mögulegu ískasti. Ítarlega verður fjallað um áhrif á landslag og ásýnd í umhverfismatsskýrslunni. Útbúið hefur verið sýnileikakort sem sýnir fræðilegan sýnileika vindmyllanna í allt að 45 km fjarlægð. Byggt á sýnileikakorti verða nokkrir myndatökustaðir, úr mismikilli fjarlægð, valdir af veginum (e. sequential viewpoints), og tölvugerðar líkanmyndir af fyrirhugaðri framkvæmd færðar inná ljósmyndir til þess að lýsa ásýndarbreytingum þegar ekið eftir veginum. Með þessum gögnum verður hægt að meta sjónræn áhrif á vegfarendur. Þá verður skuggaflökkt frá vindmyllunum metið í umhverfismatsskýrslu.
10.2	<i>„Einnig er óskað eftir að framkvæmdaraðili gerir grein fyrir í umhverfismatskýrslu hvernig á að koma íhlutum á leiðarenda. Þá er m.a. átt við burð vega og brúa og ásamt áætlun um fyrirhugaða breikkun vega og vegamóta vegna flutninganna. Leggja þarf fram ferla sem sýna breiddarþörf ökutækja, t.d. í vegamótum.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri flutningsleið sem valin verður fyrir flutning á íhlutum og burði vega og brúa á þeirri leið. Ef fyrirhugaðar eru breikkanir á vegum og vegamótum vegna flutninga verður einnig gerð grein fyrir þeim og lagðir fram ferlar sem sýna breiddarþörf ökutækja. Haft verður samráð við Vegagerðina ef þörf er á tímabundnum eða varanlegum breytingum á almennu vegakerfi.
10.3	<i>„Vegagerðin bendir á:</i>	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna.

	<i>Breidd veghelgunarsvæði Hringveggar (1-h2) sem liggur í gegn um land Hvamms er 30 m frá miðlínu.“</i>	
--	--	--

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við matsáætlun vegna Múla vindorkugarðs.

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
11	Jóhanna Björg Hanssen	
11.1	<p><i>„Undirrituð er eigandi sumarhúsalands í landi Háreksstaða innan skilgreinds áhrifasvæðis framkvæmdarinnar, en vindorkugarðurinn mun hafa neikvæð áhrif á útsýni og rýra verðgildi þeirra eigna sem eru í Norðurárdal, sérstaklega í efri hluta dalsins.</i></p> <p><i>Norðurárdalur nýtur aukinna vinsælda meðal ferðamanna enda eru þar ófáar náttúruperlur, s.s. Glanni, Hreðavatn, Norðurá, Grábrók og Baula. Þær vinsældir munu rýrna með framkvæmd vindorkugarðs í Hvammsmúla og hafa neikvæð áhrif í för með sér á uppbyggingu ferðapjónustu auk þess að hafa neikvæð áhrif á Norðurá sem vinsæla veiðiá. Fjallið Baula er einstakt í sinni röð fyrir formfegurð, en vindorkugarður í nálægð við fjallið mun vera til mikilla lýta fyrir landslag og náttúru í nágrenninu. Grábrók er vinsæl til uppgöngu meðal ferðamanna en af toppi fjallsins munu vindmyllur blasa við samkvæmt matsskýrslunni. Áhrifasvæði vindorkugarðsins nær yfir talsverða byggð, bæði býla og sumarhúsa í Norðurárdal og mun hafa mikil og neikvæð áhrif á útsýni og skapa hávaðamengun.</i></p> <p><i>Vindorkugarður í Hvammsmúla mun ennfremur hafa neikvæð áhrif á fugla, en á þessu svæði er mjög fjölbreytt fuglalíf, bæði smærri fugla og ránfugla s.s. smyrta og fálka. Framkvæmdin mun hafa í för með sér neikvæð og óafturkræfar skemmdir á náttúruna vegna vegagerðar í bröttu landi Hvammsmúla en ryðja þarf burtu birkiskóg sem staðið hefur þar um aldir.</i></p> <p><i>Náttúrufergurð Norðurárdals og formfegurð Baulu er einstök í sinni röð á Íslandi, það þarf því að koma í veg fyrir óafturkræf neikvæð</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif vindorkugarðsins á landslag og ásýnd metin og m.a. útbúnað líkanmyndir sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins frá völdum stöðum, s.s. vinsælum ferðamannastöðum og nálægri byggð. Byggt á því mati verður leitast við að draga úr mögulegum sýnileika framkvæmdarinnar.</p> <p>Einnig verða áhrif á hljóðvist metin og jafnframt tekið tillit til hljóðvistar við hönnun vindorkugarðsins.</p> <p>Yfirgripsmiklar rannsóknir verða gerðar á fuglalífi á svæðinu. Rannsóknirnar munu ná yfir tveggja ára tímabil þar sem fylgst verður með tegundum og fjölda fugla, dreifingu þeirra, flugleiðum, varpstöðum og fleiru. Mat á áhrifum á fugla verður byggt á þessum rannsóknum.</p> <p>Þá verður gróður kortlagður og eftir fremsta megi verður leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að forðast megi tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er.</p>

	<p><i>umhverfisáhrif sem óhjákvæmilega munu hljóttast af þessari framkvæmd.</i></p> <p><i>Það að staðsetja vindorkugarð í Hvammsmúla er að mati undirritaðrar óásættanlegt.“</i></p>	
12	Pétur Péturson	
12.1	<p>„ Ég mun aldrei trúá því að upp rísi vindmyllugarður á svo fallegum stað í Norðurárdal austan við Baulu.</p> <p>Norðurárdalur nýtur aukinna vinsælda meðal ferðamanna enda eru þar ófáar náttúruperlur, s.s. Glanni, Hreðavatn, Norðurá, Grábrók og Baula. Þær vinsældir munu rýrna með framkvæmd vindorkugarðs í Hvammsmúla og hafa neikvæð áhrif í för með sér á uppbyggingu ferðaþjónustu auk þess að hafa neikvæð áhrif á Norðurá sem vinsæla veiðiá. Fjallið Baula er einstakt í sinni röð fyrir formfegurð, en vindorkugarður í nálægð við fjallið mun vera til mikilla líta fyrir landslag og náttúru í nágrenninu. Grábrók er vinsæl til uppgöngu meðal ferðamanna en af toppi fjallsins munu vindmyllur blasa við samkvæmt matsskýrslunni.</p> <p>Áhrifasvæði vindorkugarðsins nær yfir talsverða byggð, bæði býla og sumarhúsa í Norðurárdal og mun hafa mikil og neikvæð áhrif á útsýni og skapa hávaðamengun. Vindorkugarður í Hvammsmúla mun ennfremur hafa neikvæð áhrif á fugla, en á þessu svæði er mjög fjölbreytt fuglalíf, bæði smærri fugla og ránfugla s.s. smyrta og fálka. Framkvæmdin mun hafa í för með sér neikvæð og óafturkræfar skemmdir á náttúruna vegna vegagerðar í bröttu landi Hvammsmúla, en ryðja þarf burtu birkiskóg sem staðið hefur þar um aldir.</p> <p>Náttúrufegurð Norðurárdals og formfegurð Baulu er einstök í sinni röð á Íslandi, það þarf því að koma í veg fyrir óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif sem óhjákvæmilega munu hljóttast af þessari framkvæmd.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.
13	María Björg Gunnarsdóttir	

<p>13.1</p>	<p>„Ég er landeigandi í Sanddal og á reytinn sem kallast Bugamýri 3 og ég mótmæli öllum virkjunarframkvæmdum sem áætlaðar eru á Múla í Hvammslandi. Vegna umhverfissjónarmiða, sjónmengunar sem og hávaðmengunar, einnig vegna gróðuráhrifa og dýralífs.</p> <p>Ég er búin að vera í Sanddal í 40 ár og hef notið þess að vera sjálbær með rafmagn sem og annað sem til þaf til að eiga gott líf. Ég hef líka gróðursett mikið af plöntum og finnst þessi hugmynd algerlega óþörf og eyðileggjandi fyrir þennan fagra dal sem Sanddalur er.</p> <p>Svo finnst mér þetta ömurleg ásjúnd fyrir Norðurárdalinn og það fólk sem þar býr og þetta mun sjást víða að og yrði ófögur ásjúnd fyrir Borgfirðinga almennt.</p> <p>ps. sendi með mynd sem tekin er frá húsi mínu þar sem áætlað er að 11 vindmillurnar kæmu og get ekki hugsað þá hugsun til enda.“</p> 	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.</p>
<p>13.2</p>	<p>„Ég mótmæli algjörlega þessum fyrirhuguðu framkvæmdum þar sem allar reglur vegna hávaða eru þverbrotnar vegna sumarhúsa í Sanddal samanbr grein 5 í þessari úttekt efttir Yngva Óttarssonar</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verða áhrif á hljóðvist metin og jafnframt tekið tillit til hljóðvistar við hönnun vindorkugarðsins. Ef nauðsyn þykir verður hægt að skerða framleiðsla vindorkugarðsins við ákveðnar aðstæður til</p>

Fjarlægð fyrirhugaðra 2ja syðstu vinmyllanna frá sumarhúsum í Sanddal er 1-1,3km – þannig að hávaði í sumarhúsunum frá þeim verður örugglega yfir reglugerðamörkum 35dB Jafngildishljóðstig Laeq eða Hámarkshljóðstig LAFmax:

Hljóðmengun frá vindmyllum:

1. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða tiltekur að hávaði megi ekki fara yfir 35 dB í frístundabyggð. Það á við hvort sem er Jafngildishljóðstig í 8kst að degi/kvöld/nótt L_{aeq} eða Hámarkshljóðstig L_{AFmax}. (sjá töflu III í viðauka reglugerðar).

Vísindagreinin hér fyrir neðan tiltekur að við 9m/s vindhraða efst á mastri á heldur minni vindmyllu þarf 2-3km fjarlægð til að komast niður í 35dB hámarkshljóðstig undan vindi í 2m hæð frá jörðu (graslendi).

Mesti hávaði frá vindmyllu er væntanlega undan vindi við mesta nýtanlega vindhraða t.d. 15-20 m/s vindhraða efst á mastri (meiri hraði vindmylluspaða/hávaði og hljóðið berst betur undan vindi). Gera þarf kröfu um að mörk 35dB hámarkshljóðstigs L_{AFmax} sé kortlagt við óhagstæðustu aðstæður (t.d. undan 15-20 m/s vindi í vindmylluhæð(100m) í stefnu á sumarhús).

*2. Vísindagrein um hljóðmengun frá Vindmyllum (2017): Consistent modelling of wind turbine noise propagation from source to receiver
Consistent modelling of wind turbine noise propagation from source to receiver*

*The Journal of the Acoustical Society of America 142, 3297 (2017);
<https://doi.org/10.1121/1.5012747>*

*National Renewable Energy Laboratory (NREL) 5?MW reference wind turbine.
The wind turbine has a rotor diameter of 126?m and a hub-height of 90?m.*

Case 1+2: 6?m/s hub-height wind speed

Case3+4: 9?m/s hub-height wind speed

að tryggja að hljóðstig við viðtaka sé innan viðmiða. Matið mun byggja á líkangerð þar sem tekið er tillit til núverandi umhverfishljóða á svæðinu, landslags, gerð vindmylla, vindhraða, vindátta á svæðinu o.fl. Mælingar á umhverfishljóðum verða gerðar sumarið 2022. Einnig verða gerðar hljóðmælingar að framkvæmdum loknum ef þurfa þykir, til að tryggja að viðmiðum reglugerða sé fylgt.





FIG. 11. (Color online) Time-averaged SPL at a 2m receiver height for the downwind and upwind propagations over the grassland in the cases listed in Table I. Both A-weighted and unweighted results are shown. The turbine is located at x=0m.

- Við 9m/s vindstyrk efst á vinmyllumastri er 35dB hávaði undan vindi í 2-3km fjarlægð (græna og svarta línan á grafinu til hægri).

4. Samantekt Zephyr Feb 2020 til Orkustofnunar vegna Lambhagavirkjunar (í Þverárhlið) – (Vindmyllugerð: 5-6MW, mastur 90-120m, spaðar 60-80m, hæð í toppstöðu 150-200m):




Kort 2: Kortið sýnir spá um hljóðvist fyrirhugaðrar Lambavirkjunar.

• Við 8 m/s vindhraða spá þeir 40dB Jafngildishljóðstigi L_{eq} 24klst í allt að 2km fjarlægð frá vindmyllu. Hámarkshljóðstig L_{AFmax} upp á 35dB við 8 m/s yrði því mun lengra en það frá þessum vindmyllum, sennilega ca 4km (dofnar um ca 5dB/km undan vindi + Hámarkshljóðstig hef ég séð í öðrum gögnum vera 3-6dB yfir Jafngildishljóðstigi). Við 15-20 m/s vindhraða í masturshæð gæti þurft 5-6km fjarlægð til uppfylla reglugerð er varðar hávaða við sumarhús.“


3. Í enskri útgafu af Múlaverkefninu (sem er merkt Qair frá Feb 2020) er sýnd 35 dB hávaðamörk í innan við 1000m fjarlægð frá myllum (ekki tiltekið við hvaða vindhraða, né hvort um sé að ræða Jafngildishljóðstig L_{aeq} eða Hámarkshljóðstig L_{AFmax}). Passar alls ekki við vísindagreinina eða útreikninga Mannvits vegna Lambhagavirkjunar nema Qair sé að miða við mjög lítinn vindhraða.

Figure 6 Modelled Standoff Distance from Sensitive Receptors



5. Fjarlægð fyrirhugaðra 2ja syðstu vinmyllanna frá sumarhúsum í Sanddal er 1-1,3km – þannig að hávaði í sumarhúsum frá þeim

verður örugglega yfir reglugerðamörkum 35dB Jafngildishjóðstig L_{Aeq} eða Hámarkshjóðstig L_{AFmax} :



4 syðstu staðsetningarnar eru um eða innan við 2km frá sumarhúsum. 6-7 vindmyllur eru innan 4km fjarlægðar frá sumarhúsum og svo til allt vindmyllusvæðið er innan 5km fjarlægðar frá sumarhúsum. Líklegt að það þurfi 5-6km fjarlægð við mikinn vindhraða í stefnu að sumarhúsabyggð til að koma Hámarkshjóðstig L_{AFmax} undir 35 dB.“

14

Kristín Helga Gunnarsdóttir, Erla Guðný Helgadóttir og Soffía Sóley Helgadóttir

14.1	<p>„Hversvegna vindorkuiðnaður í Norðurárdal: Svo það megi þóknast örfáum einstaklingum og erlendum stórfyrirtækjum sem vilja hasla sér völl á íslenskum orkumarkaði og fljóta á einkavæðingaröldunni á meðan stjórnvöld sofa. Einkaaðilar sem eru að grípa gæs á meðan enn liggur ekki fyrir heildaráætlun fyrir vindmylluvirkjanir og staðsetningar þeirra á landsvísu, á meðan enn hefur ekki tekist að skapa lagaramma fyrir samhæfingu í einkavæðingu orkuiðnaðarins og aðgengi að landskerfi í almannaeigu.“</p>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.
14.2	<p>„Hversvegna ekki vindorkuiðnaður í Norðurárdal:</p> <p>1. Náttúran. Norðurárdalur er að stórum hluta á náttúruminjaskrá. Grábrókargígar eru friðlýst náttúruvætti. Grábrókarhraun og Hreðavatn teljast til náttúruminja, hraunið norðan hreppamarka allt norður að Bjarnadalsá og Norðurá sjálf ásamt Hraunsey og fossinum Glanna eru náttúruminjar. Áin er heimspekkt perla allt frá upptökum á Holtavörðuheiði, enda ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn varðveitir hinn einstaka villta lax úr Norður Atlantshafi. Þá er fjallafegurð Norðurárdals í raun einkennismynd og ímynd Vesturlands þar sem Hvassafell, Grjótháls, Litla Baula, Hvammsmúli og dýrmætar villtar heiðar ramma inn Baulutind sem gnæfir yfir Grábrókarhrauni á náttúruminjaskrá. Allt Hreðavatn telst einnig til náttúruminja og suðurhlíðar Setmúla á milli Kiðár og Brekkuár. Brekkuárgil, Hestabrekka og Þrimildalur eru einstök svæði sökum setlaga og heildarmynd Norðurárdals er sterk náttúruímynd Borgarfjarðarhéraðs. Þá er ótalið heiðalandið upp af afréttarlandi Borgarfjarðar til allra átta. Það er einstakt á heimsvísu. Flest Evrópulönd hafa misst víðerni heiðalandsins undir mannvirki. Samfelldar heiðar í Evrópu heyra nær sögunni til. Heiðalöndin víðfeðmu á Íslandi geyma náttúru- og dýralíf sem er einstakt á veraldarvísu og Borgfirðingar hafa þar stóru verndarhlutverki að gegna fyrir heiminn. Og ef verðmiði þarf að vera á öllu og mæla þarf land eftir gjaldskrá þá má benda á að erlendir ferðamenn leita í auknu mæli til Íslands til að upplifa heiðalandið, víðernið ósnortna, lyngið, þúfurnar, stöðuvötnin á hálsunum og heiðum</p>	Svæðið sem hér um ræðir, Hvammsmúli, er utan skilgreindra verndarsvæða. Grábrókarhraun er nálægasta verndarsvæði, í um 10,5 km fjarlægð. Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif vindorkugarðsins á landslag og ásýnd metin og m.a. útbúnar líkanmyndir sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins frá völdum stöðum, m.a. vinsælum ferðamannastöðum. Byggt á því mati verður leitast við að lágmarka möguleg sjónræn áhrif.

	<p><i>til að njóta og stunda göngur og fjölbreytta útivist. Sú framtíðartónlist mun bara verða háværi. Norðurárdalur státar líka af einstökum vötnum: fögrum heiðavötnum í samfelldri festi niður hálsa eins og Grjótháls. Nægir að nefna Fiskivatn á hálsinum ofan við skógræktarbæina Krók og Sveinatungu. Vindorkuver sem Qair vill reisa mun breyta landnáms-birkiskóginum í Hvammsmúla í iðnaðarsvæði. Að setja vindorkuiðnaðarsvæði á þennan stað jafnast á við að setja upp viðlíka mannvirki á barm Almannagjár á sjálfum Þingvöllum.“</i></p>	
14.3	<p><i>„2. Mannlíf og fólk í dalnum. Yfirmenn orkumála í landinu hafa látið hafa eftir sér að hvergi sé hægt að setja niður vindorkuvirkjanir í byggð nema með sátt og samþykki íbúanna sem þar eru fyrir. Að auki hefur komið fram í yfirlýsingum frá Landsvirkjun að nóg rými sé fyrir vindorkuvöxt á iðnaðarsvæðum Landsvirkjunar við Sigöldu og Blönduvirkjun. Þær virkjanir eru hinsvegar í eigu almennings og henta því illa einkafyrirtækjum sem þessi slagur er stöðugt við niður allan Norðurárdal. Aldrei hafa sveitarstjórnaryfirvöld kannað hug íbúa og landeigenda í Norðurárdal svo fulltrúar fólksins megi vinna eftir þeirra óskum og þörfum. Aldrei hafa þessi sömu yfirvöld kannað drauma, vonir og þrár þeirra sem hafa staðið vörð um dalinn um áratuga skeið, alið þar upp börn og ræktað land mann fram af manni – kannað þeirra áform og áætlanir fyrir dalinn. Hvað vill þá fólknið í dalnum gera? ef einhver skyldi spyrja. Fólknið sem á landið, fólknið sem hefur ræktað landið og annast það, lifað og hræst í dalnum fagra - hvað vill það gera? Jú, það hefur margvísleg og fjölbreytt áform- sem sum hver hefur tekið áratugi að undirbyggja. Einhverjir rækta skóglendi, aðrir vernda land og loka sárum eftir aldagamla beitaránauð. Til eru þeir vilja rækta matjurtir í stórum stíl og hafa um það áætlanir. Margir hyggja á náttúrutengda ferðaþjónustu með heiðalandið í huga og hafa undirbúið þá atvinnustarfssemi lengi með skógrækt og allskyns virðisauka. Aðrir eru með hefðbundinn búskap. Einhverjir skipuleggja hesta- og gönguferðir inn í framtíðina á milli sveita og yfir einstaka heiðalandið. Og þá eru það þeir sem vaka yfir ánni dýrmætu, laxveiðiá á heimsmælikvaða. Þeir þekkja vel hina einstöku upplifun við alla hyl</i></p>	<p>Lögð er áhersla á að upplýsa almenning um framgang verkefnisins og er almenningi boðið að leggja fram athugasemdir á öllum stigum umhverfismatsins og í tengslum við breytingar á aðalskipulagi. Tekið verður tillit til þeirra athugasemda og upplýsinga sem berast. Að auki mun framkvæmdaraðili leggja sérstaka áherslu á að upplýsa íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu um framgang umhverfismats og niðurstöður rannsókna.</p> <p>Vindorka er einn þeirra orkukosta sem eru til skoðunar á Íslandi og hafa verið til umræðu á Alþingi. Fjölbreytt öflun endurnýjanlegrar orku skapar því ákveðið öryggi og stuðlar jafnframt að orkuskiptum þannig að Ísland verði geti orðið óháð jarðefnaeldsneyti.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á samfélag metin, þ.m.t. áhrif á ferðamennsku og útivist.</p>

	<p>árinnar, frá ármótum og upp á heiði. Nægir að nefna þar Krókshyli Norðurár, víðfræga veiðistaði, sem standa beint á móti fyrirhuguðum vindorkuvirkjunum. Verðmætahrun verður í þeim hluta árinna við að gera þennan hluta dalsins að orkuiðnaðarsvæði. Það er skrásett og rannsakað áratugina aftur í tímann hve gjöfulir þessir hyljir hafa verið, ekki einasta hvað varðar fiska á land heldur einnig í ánægjustundum viðskiptavina sem koma ár eftir ár og borga veiðileyfi sín til að fá að njóta í kyrrð og náttúrufegurð dalsins en ekki undir virkjanamöstrum á iðnaðarsvæði.“</p>	
14.4	<p>„3. Aðkeyptar umsagnir. Það bar vott um óvönduð vinnubrögð og þekkingarskort þegar aðkeyptu verkfræðingarnir frá Eflu tilgreindu á kynningarfundum fyrir viðskiptavin sinn Qair fyrirbæri sem þeir kölluðu myndatökustaði. Staðsetning þessara svokölluðu myndatökustaða sem Efla valdi fyrir viðskiptavininn Qair var í hæsta máta hlutdræg. Myndatökustaðirnir sem Efla kaus að kalla svo voru sjónarhorn valin víða niður dal og í næstu sveitum til að sýna dæmi um hvaðan iðnaðar og vindorkusvæði Hvammsmúla myndu sjást. Sýning þessi var haldin fyrir íbúa og landeigendur til að fegra og smækka hið risavaxna vindorkuver sem Qair, viðskiptavinur Eflu, vill reisa í Hvammsmúla. Sem dæmi um hlutdrægni má nefna að á meðan Efluteymið lagði á sig að fara niður að Kleppjárnsreykjum í annarri sveit til að sýna hvernig Hvammsvirkjun liti út þaðan – þá höfðu þessir aðkeyptu umsagnaraðilar ekki fyrir því að fara yfir þjóðveginn andspænis Hvammsvirkjun til þess að sýna myndatökustaðinn Krók og þá ásýnd sem myndi blasa við skógræktarjörðunum Króki og Sveinatungu og laxveiðiánni Norðurá, spölkorn frá iðnaðarsvæðinu fyrirhugaða. Og af því að verkfræðingarnir frá Eflu, landeigendur í Hvammi og vindmyllubraskarar Qair þekkja ekki hina einstöku veiðistaði á efra svæði Norðurár- vita ekki hvað veiðistaðirnir sem munu standa undir risamöstrum virkjunnar þeirra heita og hafa heitið í gegnum aldirnar - þá er rétt að þau örnefni fylgi hér: Laxalá, Neðri-Ferjuhylur, Efri-Ferjuhylur, Þvottahylur, Litlufossar, Poki, Króksfoss, Gljúfrin og</p>	<p>Á kynningarfundum voru kynntar fyrstu tillögur að myndatökustöðum, sem byggja m.a. á sýnileikagreiningu. Við valið er leitast við að endurspeglar sem best mismunandi sjónarhorn, fjarlægðir, og sjónræna upplifun á svæðinu, í samræmi við leiðbeiningar NatureScot. Eitt af meginmarkmiðum kynningarfundarins var þó að leita samráðs fundargestanna við val á myndatökustöðum, og voru leiðir til þess kynntar. Útbúin var rafræn samráðsgátt um myndatökustaði í tengslum við fundinn þar sem öllum var frjálst að merkja inn tillögur á kort. Margar gagnlegar tillögur komu þar fram sem munu nýtast við gerð líkanmynda. Við lokaval á myndatökustöðum verður auk þess haft samráð við Skipulagsstofnun. Í umhverfismatsskýrslu verða birtar fyrir/eftir myndir til að lýsa ásýndarbreytingu. Við ljósmyndun, vinnslu og birtingu mynda verður farið að leiðbeiningum NatureScot um sjónrænt mat á vindmyllum.</p>

	<p><i>Klapparhylur og áfram mætti telja upp í heiðina og einnig niður dalinn fagra.“</i></p>	
<p>14.5</p>	<p><i>„4. Lýðræðishalli. Virkjanir á vef Orkustofnunnar eru þar efllaust einhverjar í mikilli óþökk landeigenda. Þar er til dæmis svokölluð Hálsvirkjun á vegum Zephyr, þrettán síðna skýrsla um það hvernig hægt er að sölsa undir sig annarra manna lönd fyrir eigin hagsmuni. Lúkkuriddarar fengu að kanna virkjanakosti í Krókslandi, gerðu um það skýrslu og lögðu fram og landeigendur höfnuðu svo þessum virkjanahugmyndum alfarið og þar við sat. Skýrslan fer samt áfram og er lögð fram eins og raunhæf hugmynd að virkjanakosti á vef Orkustofnunnar sem tillaga í Rammaáætlun. Orkustofnun er í eigu allrar þjóðarinnar og þar með almennings, okkar allra. Hún er ekki í eigu Qair og Zephyr og annarra erlendra lúkkuriddara með íslenska fyrirgreiðslumenn. Þó fást þær upplýsingar út úr stofnuninni að hlutverk OS sé að samhæfa aðgerðir á milli einkafyrirtækja og ríkisvalds. Þar með er hagur einstaklinga fyrir borð borinn og landeigendur lesa um áform um stórvirkjun á sínu eignarlandi á vef OS. Þarna er mikill lýðræðishalli sem endurspeglast svo aftur í áformum í Hvammsmúla þar sem einstaklingar þurfa að reyna að taka sig saman og verjast einkafyrirtækjum í innrás með verkfræðistofur og stjórnvald í vinnu. Stutt er síðan annað fyrirtæki hugðist reisa vindorkuvirkjun neðar á Grjóthálsi. Íbúar dalsins þuftu að taka saman höndum og verjast þeim áformum rétt eins og nú þegar næsta fyrirtæki fer af stað nokkrum kílómetrum ofar í þessum fallesta dal í alfaraleið sem geymir náttúrumynd Borgarfjarðar. Það er vitlaust gefið þegar íbúar þurfa aftur og aftur að verjast sama áganginum, rétt eins og verið sé að þreyta lax og landa honum í algjörri uppgjöf. Einstaklingar, landeigendur og hagsmunaaðilar víðsvegar um Norðurárdal verða þrífalt fyrir yfirgangi og ásælni og reyna að verjast af mismiklu þreki. Stjórnvaldið í formi Orkustofnunar og sveitarstjórnar vinna með einkafyrirtækjum og framkvæmdavaldi. Þarna er vitlaust gefið og lagaramminn er rammskakkur. Samfélagsstofnanir eiga gæta hagsmuna einstaklinga og landeigenda líka, ekki bara stórfyrirtækjum</i></p>	<p>Hér á landi eru aðstæður til reksturs vindorku hagstæðar, en jafnframt hafa tækniframfarir á síðari árum gert vindorku að vænlegri kosti. Matsáætlun sú sem hér hefur verið kynnt er fyrsta skrefið í mati á umhverfisáhrifum og umhverfismat er undanfari allra leyfisveitinga. Eins og staðan er í dag hefur ekki verið settur skýr lagarammi utan um vindorku. Vorið 2021 var lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem fjallað er um málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku. Frumvarpið varð ekki að lögum. Hvað þetta verkefni varðar þá hefur leigusamningur verið undirritaður við landeiganda.</p> <p>Haft verður áframhaldandi samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila við gerð umhverfismats, bæði á kynningartíma umhverfismatskýrslu og á kynningarfundum, og jafnframt í tengslum við skipulagsgerð.</p>

	<i>í sókn. Auk þess sem löggjafarvaldið verður að fara í saumana á þessum skipulagsmálum einkavirkjana áður en farið er um sveitir til að buga og misbjóða heimafólki.“</i>	
14.6	<i>„5. Skógræktarjörðin Krókur. Í þrjátíu ár hefur skógrækt verið stunduð í Króki og er jörðin um þúsund hektarar. Þegar skógarbændur komu þar fyrst að árið 1987 var landið örfoka og ofbeitt. Upphófst öflugt ræktunarstarf í samvinnu við Vesturlandsskóga og á 35 árum hefur tekist að rækta fagran skóg á stóru svæði undir heiðinni auk þess að loka landi, vernda land og græða. Markmið þessa fyrirtækis hefur ávallt verið að skapa skilyrði fyrir næstu kynslóð, búa til tækifæri sem vinna með náttúrunni en ekki á móti henni, skapa komandi kynslóð skilyrði til áframhaldandi ræktunnar jafnt fyrir náttúru sem manneskjur. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt, síður en svo. Króksbændur hafa þurft að verja sína búgrein og sitt ræktunarstarf fyrir sauðfjárágangi og staðið í stöðugum málaferlum við sveitarfélag sem ágirnist land fyrir hönd sauðfjorbænda. Króksbændur vinna nú að því með Landsneti að finna leið fyrir Holtavörðulínu í gegnum skógræktarlandið og nú síðustu ár hafa vindorkuriddarar herjað á Króksbændur með beinum og óbeinum hætti. Það er mál að linni. Það eina sem skógarbændum undir heiðinni hefur gengið til undanfarna áratugi er að rækta landið sitt fyrir næstu kynslóð að taka við. Samfélag sem keyrir á græðgi vinnur aldrei fyrir næstu kynslóð en aðeins fyrir augnablikið. Kosningar eru framundan í Borgarfjarðarhéraði og bráðnauðsynlegt að hver einasti frambjóðandi geri grein fyrir sinni framtíðasýn í þessu mikilvæga máli.“</i>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.
14.7	<i>„Við krefjumst þess að fallið verði frá áformum um að Norðurárdalur verði gerður að iðnaðarsvæði fyrir orkuver. Við krefjumst þess að stefnumótun og áætlanir um stórtækar breytingar á landssvæðum í nafni virkjana fari fram á Alþingi með fulltyngi orkufyrirtækja í almannaeigu en ekki heima í héruðum við eldhúsbörð einstaklinga á móti einkafyrirtækjum úti í heimi.“</i>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.

15	Gunnar Jónsson og Helga Erla Hjartardóttir	
15.1	<p>„Þann 10. febrúar s.l var haldinn kynningarfundur á vegum Qair um fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Hvamms. Þar sem það fyrirtæki áætlað að reisa stóran og umfangsmikinn vindmillugarð. Þessi fundur var að því leiti þarfar að þar fengum við íbúar í dalnum glögga yfirsýn á hugsanlegar athafnir þessa fólks. Það vekur mesta undrun og veldur mestum vonbrigðum að til skuli vera fólk, sem kemur í þessa dali, sem eru víðfrægir fyrir fegurð og virðist albúið til þess að fremja slík skemmdraverk á umhverfinu.</p> <p>Norðarárdalur og Þverárlíð eru náttúruperlur í þjóðleið og nærri henni. Fjallendið á milli þeirra, Grjóthálsinn, er ósnortið land í beinu framhaldi af afréttinni og öræfunum, sem nú er unnið að því að friða og gera að þjóðgarði. Slíkt land er mikið verðmæti. Öll nýting þess er viðkvæmt mál, sem krefst aðgæslu og fyrirbyggju. Frá upphafi byggðar í landinu hefur aðallega verið stundaður landbúnaður á þessum slóðum en náttúrufegurð og veiðar í víðfrægum laxveiðiám hafa löngum dregið að sér fólk, sem sækist eftir afþreyingu í fögru og ósnortnu umhverfi. Á síðustu áratugum hefur hefðbundinn landbúnaður á þessu svæði dregist mjög saman þó enn séu þar rekin myndarleg bú. Það er ljóst að þarna er orðin og er að verða veruleg breyting á búskaparháttum. Hér er að vaxa upp, hægum skrefum, umhverfi afþreyingar, heilsuræktar og menningartengdrar starfsemi. Nú þegar er hér umtalsvert skólahald, hótélrekstur, veitingasala og ferðaþjónusta. Við árnar hafa risið myndarleg veiðihús. Hér er kominn golfvöllur og talsverð sumarhúsabyggð samfara skógrækt og hefðbundnum búskap á þeim jörðum, sem best henta til landbúnaðar. Þá er ótalinn sá mikli fjöldi ferðamanna innlendra og erlendra, sem á leið um, á þjóðvegi 1 eða eftir öðrum vegum og slóðum, göngufólk og hestaleiðangrar. Fólk, sem kys að hafa hér viðstöðu á leið sinni og njóta þess, sem í boði er. Það er skoðun margra, sem hér búa að vindmillugarðar falli illa að þessu umhverfi, og þeirri uppbyggingu, sem fyrirsjáanleg er. Vindmillur eru vafalaust góð tæki til þess að framleiða</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.</p>

	<p>rafmagn og notkun þeirrar er á margan hátt heppileg lausn á því viðfangsefni. Eins og svo oft vill verða fylgja þó slíkri starfsemi bæði gallar og álitaeftni. Samfara þeim er veruleg breyting á ásjáð umhverfisins, raunar mjög óásættanleg sjónmengun, að margra dómi. Ásjáð þeirra breytir umhverfinu. Þeim fylgir hljóðmengun og röskun á ósnortnu umhverfi. Fjárhagslegur hagnaður sveitarfélagsins af rekstri þeirra sýnist vera óverulegur ef tekið er mið af óhagræði því, sem rekstri þeirra fylgir og þeim óþægindum og áreiti, sem þær valda íbúunum. Þá er full ástæða til þess að óttast áhrif þeirra á ferðaþjónustu svæðisins, sem og lífríki þess, svo sem fuglalíf og gróðurfar og að auki telja margir að návist þeirra muni verðfella þær eignir, sem næstar þeim eru. Vindmillur eiga einfaldlega ekki heima á þessu svæði, sem er ætlað til annarra nota eins og hér hefur verið sýnt fram á. Þeir annmarkar á vindmillurekstri, sem hér eru taldir mæla allir gegn þessari fyrirhuguðu framkvæmd sem við álitum vera náttúruspjöll. Það mætti rekja í löngu máli og verður vafalaust gert. Við eigendur skógræktarjarðarinnar í Króki mótmælum þeim harðlega og litum á þær sem aðför að starfi okkar á liðnum áratugum.</p> <p>Kjarni þessa máls er hins vegar sá að mikill meiri hluti þeirra íbúa og jarðeigenda, sem hér eiga hlut að máli er eindregið andvígur öllum hugmyndum um vindmillurekstur á þessu svæði. Þeir telja að hann falli engan veginn að því samfélagi, sem þeir vilja búa í og sé því bæði skaðlegur og óviðunandi. Sveitarstjórninni ber að virða þau sjónarmið og standa með íbúunum í þessari verndarbaráttu þeirra.“</p>	
16	<p>Málfríður Kristjánsdóttir, Tuomas Järvelä, Sesselja Hannele Järvelä, Aino Freyja Järvelä, Geir Matti Järvelä, Nanna Guðmundsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir</p>	
16.1	<p>„Kynningarfundur um verkefnið var haldinn 10. febrúar 2022. Friðjón Þórðarson gerði grein fyrir verkefninu, eigendum fyrirtækisins og fyrirhugaðri notkun væntanlegrar vindorku. Þar kom fram að fyrirhugað er að nota rafmagnið frá orkuverinu Múla til vetnisframleiðslu sem verður staðsett á Grundartanga.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gerð grein fyrir nýtingu raforkunnar sem vindorkuverið Múli kemur til með að framleiða. Jafnframt er vísað til svars við athugasemd í lið 23.5.</p>

	<i>Það þarf að koma skýrt fram í matskýrslunni hvernig hægt er að réttlæta að byggja orkuver í afdal sem er 75 km frá notkunarstað orkunnar, framkvæmd sem veldur stórfelldum náttúruspjöllum og mun hafa mikil áhrif á samfélagið.“</i>	
16.2	<p>„Aðföng</p> <p><i>Ef áætlun um það magn steypu sem þarf í grunnana stenst, um 14000 m³ (bls. 24), munu 100 steypubílar fram og aftur frá Akranesi að framkvæmdasvæðinu 78 km leið að mestu á Þjóðvegi nr. 1. Í matsáætluninni (bls. 21) kemur fram að grunnur hvernar vindmyllu sé 30x30 m og má gera ráð fyrir að dýpt hans í jörðu sé 2 m þá þyrfti 23400-30600 m³ af steypu í þá alla. Flutningur á 39-51 vindmylluspöðum sem eru allt að 85 m langir, auk þess stáls sem á að nota í turnana verður sömuleiðis ekið 75 km. leið eftir Þjóðvegi 1 ásamt nauðsynlegum byggingarkrönum. Þá þarf að gera grein fyrir magni þess efnis sem þarf til vegagerðar innan svæðisins og hvar það verður tekið. Í matskýrslu verður að koma fram kolefnisspor framkvæmdarinnar og hvernig staðið verður að flutningum (lögreglufylgd?) stórra og þungra hluta og hver greiðir nauðsynlegar vegaskemmdir vegna þeirra.“</i></p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður frekar gerð grein fyrir efnisþörf og flutningi á byggingarefnum og vindmyllueiningum. Samráð verður haft við Vegagerðina varðandi val á flutningsleið og mögulegar breytingar á almennu vegakerfi vegna flutninga á framkvæmdatíma. Vegna stærðar og þyngdar vindmyllueininga getur verið þörf á lögreglufylgd við flutninga, en það er á ábyrgð yfirvalda að meta hverju sinni, skv. 14. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.</p> <p>Kolefnisspor vindmylla hefur verið reiknað út bæði erlendis og hérlendis með aðferðafræði vistferilsgreiningar. Við útreikninga er tekið tillit til framleiðslu, flutninga, uppsetningu, reksturs, niðurrifs og förgunar vindmylla. Í fimmtu stöðuskýrslu IPPC sýndu samanteknar niðurstöður að í samanburði við aðra óendurnýjanlega orkukosti er kolefnisspor vindorku lágt eða á bilinu 7-56 g CO₂-ígilda fyrir hverja unna kWst fyrir vindorkuvinnslu á landi, samanborið við t.d. 410 - 910 g CO₂-ígilda/kWhst fyrir raforkuvinnslu með kolum eða jarðgasi (Bruckner o.fl., 2014).</p>
16.3	<p>„Tenging við flutningskerfi</p> <p><i>Í umhverfismatinu verður að koma fram hvernig tengja á orkuna við flutningskerfi Landsnets, staðsetning á línunum og hver greiðir kostnað á lagningu þeirra. Umhverfismat tenginga þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdir við vindorkuverið hefjast.“</i></p>	<p>Á þessu stigi er ekki ljóst hvernig tengingu við flutningskerfi verður háttáð en í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir því. Við greiningu á mögulegum tengingum við flutningskerfið verður haft samráð við Landsnet.</p>
16.4	<p>„Niðurrif</p> <p><i>Í umhverfismatinu þarf að koma fram hvernig staðið verður að niðurrifi vindorkuversins ef hinn erlendi aðili telur það ekki arðbært. Koma þarf fram hvaða tryggingar liggja að baki niðurrifi og hvernig efni úr því verður fargað ásamt kolefnisspori förgunar.“</i></p>	<p>Í kafla 4.10 í matsáætlun kemur fram að rekstrartími vindorkugarðsins sé að minnsta kosti 25 ár. Niðurrif myndi felast í sundurhlutun á vindmyllunum, flutningi þeirra af svæðinu auk þess sem grunnar og vegir á svæðinu verða fjarlægðir, nema annars sé óskað af yfirvöldum eða landeigendum. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um niðurrif vindorkugarðsins.</p>

		<p>Uppbygging vindorkugarðsins er háð því að samið hafi verið um tryggingu vegna niðurrifs.</p> <p>Endurnýta má stærstan hluta vindmyllueininga (t.d. stál í turni og rafbúnaður) en mesta áskorun sl. áratuga hefur verið endurvinnsla á spöðum vindmylla. Samtök vindmylluframleiðenda í Evrópu hafa kallað eftir banni á urðun vindmylluspaða fyrir 2025, en stærstu framleiðendur hafa unnið ötult að því að gera spaðana endurnýtanlega og/eða endurvinnanlega að loknum líftíma þeirra. Gerð verður grein fyrir fyrirætlanir þeirra framleiðenda sem koma til greina hvað niðurrif og endurvinnsla efna varðar sem og hvaða umhverfisáhrif eða ávinning súa meðhöndlun hefur í för með sér.</p>
16.5	<p><i>„Umhverfisþættir</i> <i>Á kynningarfundinum var greint frá þeim rannsóknum sem umsækjandi ætlar að framkvæma á árunum 2022-2023. Staðkunnugir vita að þetta svæði er mikilvægt uppeldissvæði rjúpnna í kjarri og lággróðri en það kemur væntanlega fram í endanlegri umhverfismatsskýrslu. Þá er talið rétt að skrá önnur spendýr sem kunna að sjást. Í upptalningu spendýra vantar sauðkindina en þetta er nú beitaland búfjár.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá öllum tegundum og fjölda fugla sem sjást á framkvæmdasvæðinu. Spendýr sem sjást verða einnig skráð, þ.m.t. sauðkindur.</p>
16.6	<p><i>„Þá þarf að koma fram hvort að ísing af vindmylluspöðum skapi hættu og í hvaða fjarlægð.“</i></p>	<p>Vísað er til svara við athugasemdum í lið 10.1.</p>
16.7	<p><i>„Hljóðvist</i> <i>Vindorkuverið verður mjög nálægt fjallinu Baulu sem er 930 m há (hæð vindmyllu í hæstu stöðu getur orðið 300+200 m eða nán samtals í 500 m hæð y.s.). Kanna þarf bergmálsáhrif frá fjallinu á hljóðvist. Skilgreind frístundahúsabyggð er í Sanddal. Þar eru nú 8 sumarhús og 10 óbyggðar lóðir. Norðurá „fegurst áa“ er fengsæl laxveiðiá. Það að njóta óspilltrar náttúru í kyrrð er ómetanlegt. Í umhverfismati þarf að koma fram hvernig umsækjendur hyggjast bæta þau gæði sem tapast vegna dyns frá orkuverinu.“</i></p>	<p>Við mat á áhrifum á hljóðvist verður kannað hvort að hljóð sé líklegt til að magnast upp vegna bergmálsáhrifa frá landslagi. Að öðru leyti er vísað til svars við athugasemd í lið 13.2.</p>

16.8	<p><i>„Landslag og ásýnd</i> <i>Baula er stolt Borgfirðinga og oft notuð við markaðssetningu. Auglýsingagildi hennar fellur um leið og framkvæmdir hefjast. Margir ganga á fjallið og fyllast stolti á toppnum. Á góðum degi sést í níu sýslur og kyrrðin er alger. Á kynningarfundum var óskað eftir að ásýnd á orkuverið frá Baulu yrði sýnd. Svárið var að ljósmyndarar væru lagir í hættu við að taka myndir. Verkfræðistofan hefur sennilega aldrei notað flygildi til myndatöku.“</i></p>	<p>Ábendingin er tekin til greina og verður tekin til skoðunar við mat á áhrifum á landslag og ásýnd. Lagt er til að útbúin verði svokölluð grindarmynd (e. wireframe) frá Baulu sem mun sýna útlínur vindmyllanna.</p>
16.9	<p><i>„Taka þarf tillit til ljósmengunar frá lýsingu sem verður á endur hvers spaða.“</i></p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að lýsing verði á endum vindmylluspaðanna. Ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana verður fylgt (sjá athugasemd 7.2), auk þess sem haft verður samráð við Samgöngustofu varðandi lýsingu.</p>
16.10	<p><i>„Mengun</i> <i>Í matsáætlun bls. 24 kemur fram að 100 lítra af olíu á ári þurfi fyrir hverja vindmyllu eða fyrir 13 vindmyllur eru það 1300 lítrar á ári. Hvernig verður þess gætt að mengun af völdum flutninga og vörslu olíu berist ekki í Norðurá. Það þarf einnig orku til að stjórna hraða spaðanna og þarf að gera grein fyrir þeirri útfærslu. Það þarf líka að koma fram hvaða efni verður notað við afísingu á spöðunum og hvaða áhrif þau hafa á umhverfið.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gerð grein fyrir geymslu á olíu í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Fjallað verður um öryggisatriði og afísingu í umhverfismatsskýrslu.</p>
16.11	<p><i>„Þá er þekkt að örplast losnar úr spöðum vindmyllna og dreifist um heiðarlandið og berst þannig í fæðukeðjuna. Gera má ráð fyrir að það berist einnig í vatn og í laxveiðíanna í dalnum. Svar verkfræðistofunnar við spurningu um örplast á kynningarfundum var að það væri alls staðar t.d. í útivistarfatnaði og færi með vatni úr þvottavélum út í sjó. Það réttlætir ekki meiri mengun. Í umhverfismati ber að greina frá magni örplasts og annarra efna sem berast frá vindorkuverinu í náttúruna og skal sú greining taka mið af nýjustu rannsóknum.“</i></p>	<p>Spaðar vindmylla eru í dag að mestu úr samsettum efnum, þ.e. glertrefjum eða koltrefjum (um 60-70%) og úr hitaföstu plastefni (um 30-40%) (Cooperman o.fl., 2021). Allra stærstu uppsprettur örplasts hér á landi eru bifreiðahjólbarðar, þar á eftir koma vegmerkingar og málning, en einnig má nefna þvott og gervigras (Valtýr Sigurðsson og Pétur Halldórsson, 2019). Á þessu stigi er ekki hægt að ætla að örplastmengun frá vindmyllumannvirkjum sé meiri en af öðrum nálægum mannvirkjum, s.s. frá vegum og byggingum. Sænska rannsóknarstofnunin RISE vinnur nú að rannsókn á áhrifum veðrunar á hitafast plast og myndun örplasts, og verður gerð grein fyrir niðurstöðum slíkra rannsókna í matsskýrslu ef fyrir liggja.</p>

16.12	<p>„Einnig var á fundinum spurt út í áhrif lágtíðni á fólk og var svarið: „It does not affect people“. Í umhverfismati þarf að sýna vísindalega fram á að það sé rétt að lágtíðni hafi ekki áhrif á dýr og menn og í hvaða fjarlægð frá orkuverinu það er.“</p>	<p>Rannsóknir hafa sýnt að almennt þarf hljóðstyrkur lágtíðni hljóðs að vera mjög hár til þess að menn geti greint það⁵. Sem dæmi þá skilgreinir ISO staðall 389-7 mörk heyranlegs hljóðs fyrir 40Hz tíðni við 53 dB hljóðstyrk. Vegna fjarlægðar milli vindmyllanna og næstu bygginga má gera ráð fyrir að lágtíðni hljóð munu ekki hafa áhrif á íbúa.</p>
16.13	<p>„Samfélagsleg áhrif Á kynningarfundum kom fram að hlustað yrði á athugasemdir íbúa og staðkunnugra en enginn fundarmanna kannaðist við að haft hefði verið samband við þá. Það er ljóst að vindorkuver mun hafa mikil áhrif á íbúa, landeigendur og sumarhúsaeigendur í Norðurárdal og víðar. Ferðarþjónusta sem hefur verið byggð upp í dalnum verður ekki söm. Væntanleg framkvæmd er óafturkræf, erfiðara verður að selja laxveiðileyfi, útivist við vindmylludyn er ekki aðlaðandi, skotveiði leggst af á stóru svæði, ljósmengun frá orkuverinu truflar stjörnu- og norðurljósaskoðun og reiðleið sem nú er farin úr Reykjadal, eftir Sanddal og yfir Grjótháls verður ónothæf. Þá mun verðmæti fasteigna í dalnum lækka. Það þarf einnig að koma fram hvernig umsækjendur hyggjast bæta það tjón og ónæði sem fasteignaeigendur verða fyrir vegna framkvæmdarinnar. Með ósk um að faglega verði staðið að umhverfismati og að náttúruan fái að njóta vafans.“</p>	<p>Á kynningartíma matsáætlunar, sem stóð frá 25. janúar til 25. febrúar, gafst almenningi kostur á að koma athugasemdum sínum við matsáætlun á framfæri. Jafnframt stóð framkvæmdaraðili fyrir kynningarfundum 10. febrúar síðastliðinn þar sem framkvæmdin ásamt matsáætlun fyrir komandi umhverfismat var kynnt. Kynning á matsáætlun er fyrsta skrefið í samráðsferli umhverfismatsins. Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif metin.</p>
17	<p>Sigurlaug Guðmundsdóttir</p>	
17.1	<p>„Ég heiti Sigurlaug Guðmundsdóttir og er eigandi landskika og sumarhústaðs sem á honum stendur í Hvammsmúla innan jarðarinnar Hvamms í Norðurárdal. Landskiki minn er innan skilgreinds áhrifasvæðis framkvæmdarinnar við vindorkugarðinn í Hvammsmúla. Vindorkugarðurinn stendur nánast við landamerki míns skika og ljóst er að af honum verður töluverð hávaðamengun sem rýrir mjög</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða bæði áhrif á hljóðvist í nágrenni framkvæmdarsvæðisins og landslag og ásýnd metin. Við matið verður tekið tillit til nálæggra bygginga. Byggt á rannsóknum mun framkvæmdaraðili eftir fremsta megni leitast við að staðsetja vindmyllur þannig að draga megi úr áhrifum eins og hægt er. Auk þess verða lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef þurfa þykir.</p>

⁵ Sources and effects of low-frequency noise; Birgitta Berglund and Peter Hassmén; Institute of Environmental Medicine, Karolinska Institute and Department of Psychology, Stockholm University, Sweden; 1996

	<p><i>lífsgæði okkar sem þarna eigum athvarf. Þá verður af honum mikil sjónmengun, bæði fyrir okkur sem hér eiga sumarhús, sem og fyrir vegfarendur um Norðurárdal. Það er því mat mitt að garðurinn sé allt of nálægt byggðinni og muni klárlega rýra bæði gæði umhverfis, sem og verðgildi þeirra eigna sem eru framarlega í Norðurárdal og þar með nálægt þessum vindorkugarði.</i></p> <p><i>Norðurárdalur er ómetanleg náttúruperla og við sem erum alin þarna upp viljum vernda um ókomna tíð. Vindorkugarðar eru svo sem gott mál í sjálfu sér, en þeir eiga ekkert erindi nálægt byggð, hvort sem það eru bæir eða frístundahús og þeir eiga alls ekki að hafa áhrif á lífsgæði íbúa eða sumarhúsaeigenda, útsýni eða upplifun bæði Íslendinga og ferðamanna af umhverfinu.“</i></p>	
17.2	<p><i>„Framkvæmdunum fylgja ennfremur óafturkræfar skemmdir á náttúrunni, því ljóst er að það felur í sér rask á náttúrulegum og aldagömlum birkiskógi í Hvammsmúla, þar sem þarf að leggja vegi að vindorkugarðinum. Ég hef einnig áhyggjur af áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf í dalnum.</i></p> <p><i>Norðurárdalurinn er einstakur og okkur Íslendingum ber að varðveita slíka perlu sem hann er. Að mínu mati er óásættanlegt með öllu að staðsetja vindorkugarð í Hvammsmúla. Slíkar framkvæmdir eiga að vera fjarri byggðu bóli.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður rask á náttúrulegum birkiskógum metið ef við á, sjá nánar í svarlið 5.9. Líkt og kemur fram í kafla 5.3.4.3 í matsáætlun mun matið byggja á rannsóknnum á grunnástandi gróðurs þar sem vistgerðir verða kortlagðar. Leitast verður við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að reynt sé að forðast tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er.</p> <p>Yfirgripsmiklar rannsóknir verða gerðar á fuglalífi á svæðinu. Rannsóknirnar munu ná yfir tveggja ára tímabil þar sem fylgst verður með tegundum og fjölda fugla, dreifingu þeirra, flugleiðum, varpstöðum og fleiru. Mat á áhrifum á fugla verður byggt á þessum rannsóknnum.</p>
18	Inga Jóna Friðgeirsdóttir og Óskar B. Hauksson	
18.1	<p><i>„Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við þá matsáætlun fyrir umhverfismat sem lögð hefur verið fram af Eflu fyrir hönd Qair Iceland ehf.</i></p> <p><i>1. Ljóst er að þeir umhverfisþættir sem lagðir eru til grundvallar matsáætluninni eru takmarkaðir og handvaldir til að þjóna markmiðum þeirra sem að fyrirhugðum framkvæmdum standa. Af þeim sökum virðist sniðið fram hjá mikilvægum þáttum sem koma til álita þegar framkvæmd af þessari stærðargráðu er metin.“</i></p>	<p>Í matsáætlun eru tilgreindir þeir umhverfisþættir sem taldir eru líklegir til þess að geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni og starfseminni sem henni fylgir m.v. fyrirbyggjandi vitneskju. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr 111/2021 ber Skipulagsstofnun auk þess að gefa álit sitt á matsáætlun og skal það fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu, m.a. með hliðsjón af framkomnum umsögnum annarra aðila.</p>

18.2	<p>„2. Í matsáætluninni er ekki minnst á örplastmengun frá vindmyllum og ekki er gert ráð fyrir að meta slík áhrif. Í nýlegri norskri skýrslu er áætlað að um 62 kg. af úrgangsefnum falli til á hverju ári frá vindmyllum af þeirri stærðargráðu sem áformað er að setja upp í Múla. Miðað við fjölda vindmylla má áætla alls falli til 26 tonn á 25 ára líftíma virkjunarinnar. Veðurskilyrði hafa mikil áhrif á tæringu vindmylluspaða og má álykta að íslensk veðráttu hafi mun meiri áhrif en víða annars staðar. Af þeim sökum má vænta að mengunin verði enn meiri, bæði vegna vindálags og regns. Um er að ræða úrgangsefni sem samanstanda af glertrefjum, epoxy leypum og hersluefnum. Epoxy inniheldur eiturefnið Bisphenol A en 1 kg. af því efni nægir til að menga 10 Gíga lítra vatns. Nánari upplýsingar um skýrsluna er að finna á https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbineblades_5_july_English.pdf“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.</p>
18.3	<p>„3. Um Norðurárdal rennur ein fengsælasta laxveiðiá landsins með hrygningarstöðum nálægt fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Ekki virðist áformað að leggja mat á áhrif virkjunarinnar á lífríki árinna þ.m.t á laxastofn. Í kafla 5.3.4 um vistfræðirannsóknir er ekki minnst á fiska í vötnum og ám, þrátt fyrir að slík vistkerfi séu innan 500 m. jaðarsvæðis virkjunarinnar.“</p>	<p>Uppbygging vindorkugarðsins mun eiga sér stað á toppi Hvammsmúla og ekki hafa bein áhrif á árfarvegi og vatnsstrauma. Umhverfismatið skal vera í samræmi við umfang mögulegra áhrifa og næmni umhverfisins í næsta nágrenni. Því verður fjallað um lífríki í umhverfismatinu og mun umfjöllunin byggja á fyrirliggjandi gögnum. Ráðstafanir verða gerðar til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif. Ekki er talin þörf á sérstökum rannsóknum í tengslum við þennan þátt.</p>
18.4	<p>„4. Ekki liggur fyrir í matsáætluninni hvar gerðar verða mælingar á hljóðvist og einungis er gert ráð fyrir mælingum á umhverfishljóðum á tveimur staðsetningum. Gera verður kröfur um fleiri mælipunkta og að staðsetning liggji fyrir við næstu útgáfu matsáætlunar.“</p>	<p>Við mælingar á umhverfishljóðum er horft til viðmiða Alþjóðalánastofnunarinnar⁶ og reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þar er miðað við að umhverfishljóð séu mæld við einn eða fleiri viðkvæma viðtaka, þ.e. þá viðtaka sem eru næst vindmyllunum. Staðsetningarnar verða valdar þannig að þær endurspegli sem best núverandi hljóðvist á svæðinu.</p>
18.5	<p>„5. Hvað sjónræn áhrif varðar kom fram á kynningarfundum hörd gagnrýni á val myndatökustaða m.a. að ekki skuli teknar myndir frá lögbýlum sem eru handan Norðará. Í matsáætluninni er nefnt að val</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 14.4.</p>

⁶ https://www.ifc.org/wps/wcm/connect/b82d0563-b39a-42a7-b94e-0b926b4a82f9/FINAL_Aug%2B2015_Wind%2BEnergy_EHS%2BGuideline.pdf?MOD=AJPERES&CVID=mpusVXy

	<i>myndatökustaða gegni mikilvægu hlutverki og því undarlegt að ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim, frá þeim sjónarhornum þaðan sem vindmyllurnar blasa við.“</i>	
18.6	<i>„6. Til þess að hægt sé að gera vitrænt umhverfismat þarf að leggja mat á nauðsynlegar línuframkvæmdir vegna tengingar við flutningskerfi raforku. Á meðan ekki liggur fyrir frumhönnun á slíkum tengingum er ekki hægt að leggja fram matsáætlun um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.“</i>	Tenging vindorkugarðsins við flutningskerfi telst sem tengd framkvæmd og verður gerð grein fyrir tengingunni í umhverfismatskýrslu. Haft verður samráð við Landsnet.
18.7	<i>„7. Ekki er gert ráð fyrir að meta ljósmengun af þeirri öryggislýsingu sem Samgöngustofa krefst af þeim mannvirkjum sem eru af þeirri hæð sem umræddar vindmyllur eru.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.9.
18.8	<i>„8. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku hagrænu mati á verðgildi þeirra jarða sem fyrir hvað mestum áhrifum verða frá fyrirhugaðri virkjun, m.a. vegna skuggaflökts, sjónrænna áhrifa og hljóðmengunar. Það er umhugsunarvert að virkjun af þessu tagi skuli plantað niður við hlið Baulu, helsta kennileiti Borgarfjarðar.“</i>	Ekki ert gert ráð fyrir sérstöku mati á verðgildi eigna í umhverfismatinu. Hins vegar verða þeir umhverfisþættir sem geta haft áhrif á verðgildi eigna metnir, svo sem landslag og ásýnd, skuggaflökkt og hljóðvist.
19	Þröstur Eyvinds	
19.1	<i>„Í ljósi reglugerðar um hávaða og hávaðavarnir, mótmæli ég fyrirhuguðum vindmyllum í landi Hvamms Norðurárdal. Ég er sumarhúsa eigandi í Sanddal frá landi Sveinatungu, Norðurárdal.“</i>	Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif vindorkugarðsins á hljóðvist og þar horft til reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Í reglugerð eru sett mörk fyrir frístundabyggð uppá 35 dB. Gerð verður rannsókn á grunnástandi hljóðvistar, þ.e. umhverfishljóðum, áður en framkvæmdir hefjast og þau gögn nýtt við mat á áhrifum á hljóðvist.
20	Dagmar Guðrún Gunnarsdóttir	
20.1	<i>„Ég lýsi hér með yfir eindregni andstöðu minni og andúð á fyrirhuguðum áformum um uppbyggingu vindorkuvers í Norðurárdal í Borgarbyggð. Afstöðu mína byggir ég fyrst og fremst á þeirri skoðun minni að ef af verður, verði um óafturkræf náttúruspjöll að ræða þar sem gróðafíkn</i>	Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif vindorkugarðsins á gróður, fugla og annað dýralíf, og landslag og ásýnd. Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.

	<p>örfárna aðilla verði látin ráða á kostnað einstakrar náttúruvegurðar og dýralífs sveitarinnar.</p> <p>Til margra áratuga hef ég og fjölskylda mín átt athvarf í dalnum og notið óspiltrar náttúru hans hvert sem litið hefur verið eða um hana gengið.</p> <p>Ég stilli mér því hér með í röð þeirra fjölmörgu sem hafa um langann tíma tengst dalnum tryggðar- og tilfinningaböndum og eigum því erfitt með að skilja það dómgreindarleysi að vilja dreifa vindmyllumöstrum sem að mínu mati munu hafa í för með sér umtalsverða sjónmengun auk hugsanlegrar annarar mengunnar sem ég er að svo komnu máli ekki megnug að meta að fullu og tjá mig því ekki frekar um að sinni..</p> <p>Auk þess sem áður er um getið, tel ég víst að skjótvinnur gróði þeirra sem sækja nú stíft að reisa vindmyllugarð á umræddu svæði, verði jafnframt til að rýra eignir annarra landeigenda í dalnum.</p> <p>Sumarbústaðalönd og ferðapjónusta á t.d. litla samleið með vindorkuiðnaði svo ekki sé talað um tillit við ábúendur jarðanna.</p> <p>Ég mótmæli því eindregið fyrirhuguðum áformum og vona að okkur sem unnum dalnum beri gæfa til að afstýra þessu umhverfisslysi og hafa betur í baráttu við útsendara gróðaafllanna.“</p>	
<p>21</p>	<p>Birgir Þór Borgþórsson</p>	
<p>21.1</p>	<p>„ Ég undirritaður eigandi Háreksstaðalands í landi Háreksstaða, Norðurárdal Borgarfirði, mótmæli harðlega hugmyndum um vindorkugarð í landi Hvamms í Norðurárdal.</p> <p>Ég og fjölskylda mínu höfum frá árinu 1989 átt okkar annað heimili að Háreksstöðum, en þar hefur verið búið frá landnámi óslitið.</p> <p>Íbúðarhúsið að Háreksstöðum er uppi í hlíðinni austanvert við Norðurá með tignarlegt útsýni til vesturs yfir Baulu, Litlu Baulu, Hvammsmúla, Sveinatungu og upp og niður Norðurárdal m.a..</p> <p>Það er ljóst að verði af hugmyndum um vindorkugarð í landi Hvamms mun það hafa veruleg áhrif á hagi mína og fjölskyldunnar,</p>	<p>Athugasemdin krefst ekki viðbragða.</p>

	<i>fjárhagslega en ekki síður tilfinningalega. Óspillt og tignarleg fjallasýn frá Háreksstöðum mun skaðast varanlega ná þessi áform fram að ganga. Þriðja kynslóð fjölskyldu minnar er nú að alast upp á bökkum Norðurár við náttúrufegurð sem að mestu er öröskuð af mannanna verkum frá landnámi Arnars hins gamla er nam dalinn ofanverðan skv Landnámu.“</i>	
21.2	<i>„Það er stórslys í uppsiglingu náí skammtíma gróða sjónarmið kaupahéðna fram að ganga í dalnum. Áhrifin yrðu ekki eingöngu sjónræn, þau hefðu alvarlegar afleiðingar gagnvart fuglalífi að ógleymdri þeirri örplastmengun sem af myndi hljótast. Það skýtur skökku við ,að á tímum þar sem með réttu er haldið uppi sterku andófi gegn plastnotkun, skuli ákveðin öfl gera lítið úr þeirri vá sem örplast í umhverfinu er. Bendi á að einkum trefjaplastspáðar vindmylla eru síður en svo endurnýtanlegir orkugjafar, þá þarf að endurnýja með nokkurra ára millibili. Þetta þýðir að búast megi við sem næst varanlegri viðveru stórvirkra krana og vinnuvéla á svæðinu um ókomna tíð.“</i>	Almennt er miðað við að líftími vindmylluspaða sé um 25 ár. Tækniframfarir í vindorkutækni eru allt frá hönnun endurvinnanlegra spaða úr mismunandi efnum yfir í þróun endurvinnslustöðva fyrir mismunandi hluta vindmyllanna, þ.m.t. vindmylluspaðanna. Framkvæmdaraðili mun taka allri viðhaldsvinnu vegna vindorkugarðsins alvarlega. Gera má ráð fyrir að á 25 ára rekstartíma vindorkugarðsins verði þörf á notkun krana en þeir verða þó ekki geymdir varanlega á framkvæmdasvæðinu. Varðandi örplastmengun er vísað til svars við athugasemd í lið 16.11.
21.3	<i>„Þeim þjóðum sem heimilað hafa stóra vindorkugarða í neyð sinni er kanski vorkunn. En þjóð sem býr yfir ótal möguleikum á sírennslisvirkjun fallvatna, með umtalsvert minna raski, mengun, sjónrænni og eiginlegri er engin vorkunn að gæta hófsemi í umgengni um náttúru landsins.“</i>	Vindorka er einn þeirra orkukosta sem eru til skoðunar á Íslandi og hafa verið til umræðu á Alþingi. Fjölbreytt öflun endurnýjanlegrar orku skapar ákveðið öryggi og stuðlar jafnframt að orkuskiptum þannig að Ísland geti orðið óháð jarðefnaeldsneyti.
21.4	<i>„Til eru vítin að varast. Þjóðin fylgdist með öndina í hálsinum yfir stórkostlegum vandræðum við að taka niður eina staka vindmyllu í Þykkvabæ í vetur. Við hverju má búast ef glíman yrði við tugi eða hundruði í landi Hvamms?“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurrifi á vindmyllunum.
22	Brynjólfur Guðmundsson	
22.1	<i>„Ég tel eðlilegt og geri kröfu um að myndatökustöðum í sunnanverðum Norðurádal ofanverðum verði fjölgað. Það er það svæði þar sem hugsanlegur vindmyllugarður verður mest áberandi. Norðurá er ein af laxveiðiperlum landsins. Eðlilegt er að það séu</i>	Myndatökustaðirnir sem hér eru nefndir verða teknir til skoðunar.

	<i>einherjir myndatökustaðir við ána á svæðinu næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í því sambandi má nefna svæðið frá og með bílastæðinu við Krók og niður eftir ánni, t.d. þar sem bílum er lagt við Neðri – Ferjuhyl veiðistaður nr. 177.“</i>	
22.2	<i>„Við mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar og áhrif hennar á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu geri ég kröfu um að tekið verði m.a. tekið tillit til alls þess fjölda laxveiðimanna sem koma í Norðurá til veiða og til að njóta útivistar í sem ópilltustu umhverfi. Leggja verður mat viðhorf þeirra til hugsanlegs vindmyllugarðs. Við mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar geri ég kröfu um að reynt verði að leggja mat á þau áhrif sem framkvæmdin getur haft á verðgildi eigna á svæðinu, jarða, íbúðar og sumarhúsa. Eðlilegast væri að fá mat fasteignasala sem er sérhæfður í sölu bújarða.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif metin, þ.m.t. áhrif á ferðaþjónustu og útivist.
23	Þórhildur Þorsteinsdóttir, Gunnar Þór Þorsteinsson, Elvar Ólason og Íris Grönfeldt	
23.1	<i>„Bréf þetta er ritað í mótmælaskyni gegn fyrirhuguðum vindmyllum (vindorkuveri) á landi Hvamms í Norðurárdal. Undirritaðir landeigendur á Brekku í Norðurárdal lýsa sig mótfallna framkvæmdinni og færa fyrir því eftirfarandi rök 1) Fasteignaverð á svæðinu. Landeigendur lýsa yfir áhyggjum af því að vindorkuver í landi Hvamms muni hafa neikvæð áhrif á verðmæti jarðarinnar Brekku (sem og annarra jarða í nágrenninu). Vindmyllurnar verða auðsjáanlegar frá stórum hluta jarðarinnar auk þess sem gera má ráð fyrir að Norðurárdalur verði síður eftirsóknarverður staður til búskapar og sumarbústaðabyggingar í ljósi atriða sem koma fram hér á eftir.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.
23.2	<i>„2) Sjónmengun. Fyrir utan mögulega rýrnun á verðgildi jarðarinnar lýsa undirritaðir landeigendur áhyggjum af því að gríðarstórar vindmyllur muni spilla útsýninu yfir Norðurárdalinn. Svona stór</i>	Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif vindorkugarðsins á landslag og ásýnd metin og m.a. útbúnar líkanmyndir sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins frá völdum stöðum, s.s. vinsælum

	<i>mannvirki falla illa inn í landslagið og trufla kyrrðina. Til að mynda hefur það notið mikilla vinsælda að ganga á Grábrók til að brjóta upp langar bílferðir. Útsýnið af Grábrók mun bera skaða af ef vindmyllur blasa við himin, og á það sama við ef gengið er á Baulu eða nokkurt annað kennileiti í dalnum“</i>	ferðamannastöðum eins og Grábrók. Byggt á því mati verður leitast við að lágmarka möguleg sjónræn áhrif.
23.3	<i>„3) Skaðleg áhrif á umhverfið og lífríkið í kring. Nýting lands þarf að vera í sátt við umlykjandi náttúru. Stór mannvirki hafa alltaf einhver áhrif á umhverfið í kring en ætla má að vindmyllur hafi sérstaklega skaðleg áhrif á fuglalíf. Það liggur í hlutarins eðli að hávaði frá stórum vængjum vindmyllanna muni fela í sér rask fyrir lifnaðarhætti þeirra fugla sem búa sér hreiður í nágrenninu. Þá má einnig gera ráð fyrir að annað dýralíf beri skaða af sökum hátíðnihljóða, jarðrasks og mögulegrar plastmengunnar“</i>	Yfirgripsmiklar rannsóknir verða gerðar á fuglalífi á svæðinu. Rannsóknirnar munu ná yfir tveggja ára tímabil þar sem fylgst verður með tegundum og fjölda fugla, dreifingu þeirra, flugleiðum, varpstöðum og fleiru. Mat á áhrifum á fugla verður byggt á þessum rannsóknum. Þá verður gróður kortlagður og leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að reynt sé að forðast tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er.
23.4	<i>„4) Veiðitekjur og laxveiði. Brekka á land að Norðurá og fær af henni veiðitekjur. Einboðið er að ásókn í Norðurá, sem er laxveiðiá á heimsmælikvarða, muni minnka í ljósi þátta sem áður hefur verið tæpt á (sjónmengun og hávaðatruflun). Aðalsmerki Norðurár er ekki síður falllegt, óspillt og rólegt umhverfi heldur en laxinn sem í henni veiðist. Erlendir ferðamenn sem koma hingað til laxveiða kaupa vörur, þjónustu og gistingu í héraðinu og því myndi fækkun þeirra koma illa niður á ferðamannaíðnaðinum í Borgarbyggð.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 22.2.
23.5	<i>„5) Fjárhagslegur ávinningur sveitarfélagsins takmarkaður. Ljóst þykir að fjárhagslegur ávinningur Borgarbyggðar verður takmarkaður og koma fasteignagjöld til með að vera óveruleg fyrir sveitarsjóð. Þá munu engin störf skapast til lengri tíma þar sem ekki þarf stöðuga vöktun á svæðinu.“</i>	Ávinningur framkvæmdarinnar felst meðal annars í auknu framboð á raforku sem skapar tækifæri til nýsköpunar. Jafnframt mun fjölbreytt öflun endurnýjanlegrar orku auka raforkuöryggi og hjálpa til við að ná markmiðum um orkuskipti sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér. Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif metin.
23.6	<i>„6) Áhrif á mannlífið í sveitinni. Í ljósi alls ofantalins má ætla að fyrirhugað vindorkuver muni í heildina litið hafa slæm áhrif á samfélagið í Norðurárdal og öðrum sveitum sem vindmyllurnar hafa áhrif á. Neikvæð áhrif á dýralíf og landslag hafa óneitanlega</i>	Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif metin.

	<i>keðjuverkandi áhrif á fólkið sem dalinn byggir og því vandséð að réttlæt看legt séð að ráðast í svo afgerandi framkvæmdir.“</i>	
23.7	<i>„7) Kynningarmál. Að lokum vilja undirritaðir árétta mikilvægi þess að ábúendum og landeigendum sé veitt ítarleg kynning á áformum sem þessum og þeim veittur nægur tími til viðbragða“</i>	Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kynnti Skipulagsstofnun matsáætlun um fjögurra vikna skeið og á kynningartíma hélt framkvæmdaraðili opinn kynningarfund.
23.8	<i>„Muni áform um vindorkuver koma til framkvæmda telja landeigendur á Brekku einboðið að þeir muni kanna rétt sinn til skaðabóta, ásamt öðrum landeigendum á svæðinu. Því er mikilvægt að ef til framkvæmda komi fari fram óháð úttekt á lífríki og fólki sem búa í nágrenninu áður en hafist er handa. Niðurstöður úr þeirri úttekt má nýta í langtímarannsókn á áhrifum vindorkugarðsins á umhverfið sem og í mögulegu skaðabótamáli.“</i>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.
24	Sigurður Hj. Leópoldsson og Oddný Leópoldsdóttir	
24.1	<i>„Við mat á umhverfisáhrifum er grundvallar atriði að stærð og umfang allra þátta tengdum byggingu og rekstri orkuvers liggi fyrir í aðalatriðum. Matsáætlun þarf og á að vera fagleg og sett fram á hlutlaustan hátt, það er því miður ekki rauninn með þá matsáætlun sem hér er til umfjöllunar. Við skoðun kafla í matsáætlunni sem lýsa útfærslu og umfangi Múla orkuversins kemur í ljós að það vantar töluvert af mikilvægum grunn upplýsingum og að hluta eru ekki réttar og/eða jafnvel villandi upplýsingar settar fram. Hér að neðan er farið yfir nokkur dæmi og gerðar viðeigandi athugasemdir. Vindorkugarður Til að byrja með verður að gera athugasemd við að orðið vindorkugarður er notað í matsáætlunni. Þetta orð er ekki til í íslensku samkvæmt Nútímamálsorðabók. Hér er augljóslega verið að reyna að skapa jákvæð hugrenningar tengsl. Garður er samkvæmt sömu orðabók ræktað svæði (t.d. kringum hús) með runnum, blómum og trjám, eða þykkur veggur hlaðinn úr steini.“</i>	Síðari ár hafa ýmis orð verið notuð yfir þyrpingar af vindmyllum, s.s. vindlundur, vindbú, vindorkuver, vindmyllugarður og vindorkugarður. Orðið vindorkugarður er í raun þýðing af enska orðinu „wind park“ og er það orð notað víða.

24.2

„Tengivirki og háspennulínur

Um staðsetningu á tengivirki við Hrutatungulínu (Byggðalínu) og háspennulínu frá Hvamsmúla að tengivirki eru nánast engar upplýsingar í matsáætlunni.

Nema að því leiti að nálægð við spennu og-tengivirki í Hrutatungu og Vatnshömrum er m.a. tiltekið sem rök fyrir staðarvali á Hvamsmúla.

Þessir tveir staðir eru í tuga kílómetra fjarlægð frá Hvamsmúla og flestum ljóst að þeir koma ekki til greina sem tengistaðir fyrir rafmagn inná dreyfikerfi Landsnets af þeirri augljósu ástæðu að það yrði verulega dýrt, rekstraröryggi minna, töp í línu töluvert og umhverfisáhrif af þetta langri línu verulega mikill o.s.f.v. Núverandi tengivirki yrði einnig að stækka og endurnýja töluvert til að taka við viðbótar 80MW.

Því er tal um Hrutatungu og Vatnshamra er í besta falli til að afvegaleiða umræðuna.

Að því gefnu að ný 220kV Hrutatungulína verði á svipuðum stað og núverandi lína koma varla aðrir staðir til greina undir tengivirki en í suð-austanverðum Norðurárdal t.d. í landi Króks, Háreksstaða, Hóls eða Hafþórsstaða með tilheyrandi 220kV háspennulínu þvert yfir Norðurárdal.

Landsnet kynnti fyrir ári fyrsta áfanga nýrrar Byggðalínu frá Hvalfirði að Hrutatungu. Ekki var annað hægt að skilja en til stæði að byggja tengivirki í sunnanverðri Holtavörðuheiði. Ef sá staður verður tengi punktur fyrir Múla orkuver þá kallar það á háspennulínu yfir Sveinatungumúla. Væntanlega spilaði það inni að Zephyr Iceland hefur lagt inn umsók til Orkustofnunar um vindorkuver sunnan í Holtavörðuheiði.

Það er tekið fram í matsáætlunni að til standi að gera grein fyrir fyrirætlunum um tengivirki og línulagnir í Umhverfismatssskýrslu (sem væntanlega lýsir niðurstöðu matsins). Það verður að gera þá kröfu að þessar fyrirætlanir verði fyrst kynntar og gefin kostur á

Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.6 [Error! Reference source not found.](#)

	<p><i>athugasemdum frá hagsmunaaðiljum og almenningi, annað stenst varla lög og reglur.</i></p> <p><i>Að ofan sögðu, raunhæf staðsetning á háspennulínu og tengivirki þarf að liggja fyrir í aðalatriðum svo hægt verði að leggja heildstætt og hlutlægt mat á umhverfisáhrif vegna Múla orkuvers“</i></p>	
24.3	<p><i>„Landnotkun undir vegi, athafnasvæði og jarðstrengi</i></p> <p><i>Landnotkun undir vegi og athafna svæði er klárlega verulega vanmetin. Vegir sagðir aðeins þurfa að vera 4,5m á breidd þannig að aðeins litlir bílar geta mætast og ekki reiknað með landi undir vegfláa og skeringar o.s.f.v.</i></p> <p><i>Til að framkvæmdir gangi upp þurfa fluttingabílar að geta mæst við fluttning á þeim um 250 þúsund tonnum sem sagt er að þurfi til verksins (ca.12-14000 ferðir fluttningabíla x 2 fram og til baka), en til þess þarf hluti vegarins að vera a.m.k. 6 metra breiður, og annarstaðar þar sem hann er mjórri að vera fjöldi útskota og snúnings plana. Einnig þurfa vegfláar að vera góðir til að kantar haldi 40-50 tonna fluttningabílum. Skeringar verða óhjákvæmilega inni hlíðina þar sem vegur fer uppá Hvammsmúla.</i></p> <p><i>Að því gefnu að meðalbreidd á vegi verði 5,5 m, vegfláar 1 m hvoru megin og skeringar/skurðir að meðatali 1 m þá er landnotkun undir vegi um 0,120 ferkílómetrar eða um 100% meiri en gefið er upp í matsáætlunni.</i></p> <p><i>Landnotkun og varanleg röskun á landi vegna vinnuplana og jarðstrengja er líka vanmetin. Jarðstrengir sem flytja 5-6MW á millispennu þurfa að vera lagðir með ákveðnu millibili vegna hitamyndunar, því má gera ráð fyrir að þar sem fleiri strengir koma saman á leið að tengivirki verði röskun á landi a.m.k 2-3 metrar að breidd.</i></p> <p><i>Ekki eru líkur á að vinnu plön verði fjarðlægt nema að hluta þar sem aðstaða þarf að vera fyrir stóra krana vegna viðhalds og útskiptingar á</i></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 5.3. Varðandi jarðstrengi, þá verður leitast við að staðsetja þá undir vegum, eins og hægt er.</p>

	<p><i>spöðum, rafölum o.s.f.v. Og reyndar einnig ef kemur til niðurrifs, sem verður reyndar að telja litlar líkur á.</i></p> <p><i>Land á svona stað sem hefur verið grafið upp eða notað undir vinnuþlön er varanlega raskað þó reynt sé að fjarlægja þlönin.“</i></p>	
24.4	<p><i>„Efnispörf</i></p> <p><i>Ekki er nefnt í kaflanum um efnispörf að nokkur þúsund lítra af olíu verða í háspennu spennum í safn og-spennuvirki og mögulega á spennum sem spenna uppí millispennu við hverja vindmyllu, þessu fylgir áhætta á mengun. Það kallar á tilheyrandi þrær, olúgildir og landnotkunn ef leki verður í spennum.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.10.
24.5	<p><i>„Ásýnd</i></p> <p><i>Gera verður verulega athugasemd við að aðal-áherslan í matsáætluninni er á að skoða sýnileika í mikilli fjarðlægð frá Hvammsmúla. Þetta kom einnig skýrt fram á kynningarfundum 10. febrúar.</i></p> <p><i>Gera verður þá kröfu að raunhæf ásýndar líkön verði gerð fyrir all bæi og sumarþustaði í nágrenni við Hvammsmúla og í Norðurárdal a.m.k. innan 10-12 km radiusar. Þetta er ekki mikið mál með nútíma tækni og einnig eins og nefnt er í matsáætluninn, það eru aðeins “nokkur bóndabýli og sumarhús” í nágrenninu.</i></p> <p><i>Nauðsynlegt er að sýna líka sem víðast frá hverning ásýnd er frá þjóðvegi 1 og vegi í austanverðum Norðurárdal, einnig frá helstu laxveiðistöðum í Norðurá.“</i></p>	<p>Við val á tillögum að myndatökustöðum sem tilgreindar eru í matsáætlun og kynntar voru á kynningarfundum 10. febrúar síðastliðinn var leitast við að endurspeglar sem best mismunandi sjónarhorn, fjarlægðir, og sjónræna upplifun á svæðinu.</p> <p>Á kynningarfundum var óskað eftir tillögum frá íbúum á svæðinu og öðrum hagsmunaaðilum. Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Þeir myndatökustaðir sem hér eru nefndir verða teknir til skoðunar. Frá hverjum stað verður leitast við að endurspeglar sýnileika fyrirhugaðra mannvirkja með sem gleggstum hætti.</p>
25	Gunnar Óli Dagmararson	
25.1	<p><i>„Það er, að mínu mati, ómöguleg að gera sér í hugarlund hvað vakir fyrir fólki sem dregur þá ályktun að hyggilegt sé að reisa vindorkuver í Hvammsmúla í Norðurárdal. Óhugsandi er, að mínu mati, að það sama fólk hafi svo mikið sem séð umrætt land, hvað þá gengið um það eða varið tíma sínum í því. Kunnugir vita nefnilega að umrætt land,</i></p>	Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar og vísar jafnframt til svars við athugasemd í lið 22.2.

sem og allur Norðurárdalurinn raunar, á sér fáar hliðstæður hvað varðar náttúruvegurð, dýralíf, plönturíki eða trjágróður.

Í dalnum er vissulega mikil orka. Fólk hefur sótt í þessa orku í árhundruði, orku sem einkennist af friði, fegurð og veðursæld. Kannski þykir það tilvalinn staður fyrir vindorkuiðnað hjá einhverjum sem meta fjárhagslegan hagnað ofar öllu öðru en fyrir langflestum þeim sem alið hafa manninn í dalnum, hvort sem er langdvölum eða til styttri tíma, ættu þau áform sem kynnt voru á fundi Qair þann 10. febrúar 2022 vart að vera umræðuhæf. Ég skora á fólkið sem stendur fyrir þessum óhugnaði að dvelja í dalnum og upplifa orkuna í þessari náttúru. Fólkið þarf engar áhyggjur að hafa af gistingu eða afþreyingu enda glæsileg ferðapjónusta upp og niður allan dalinn, hvort sem er á Bifröst, við Hreðavatn, á Hraunsnefi, í Munaðarnesi eða í Borgarnesi. Og staðirnir eru vitaskuld miklu fleiri.

Í dalnum er stundaður margskonar landbúnaður, veiði í einni eftirsóttustu laxveiðiá landsins og fjölmörgum vötnum sem í dalnum leynast, öll stig skólahalds er í dalnum auk hótélrekstrar, veitingasölu og margskonar ferðapjónustu eins og áður er um getið. Í dalnum er golfvöllur, fjölmargar sundlaugar, margskonar söfn og menningarhús, mikil sumarbústaðarbyggð sem dreift er víða um dalinn og almennt allt það er prýða skal dal sem gefur sig út fyrir náttúru- og menningartengda ferðapjónustu. Öll starfsemi í dalnum samræmist á engan hátt þeim áformum að reysa vindmylluiðnað í Hvammsmúla eða nokkursstaðar annarsstaðar sé út í það farið. Þessi áform eru vart umræðuhæf nema þá til þess eins að draga fram í ræðu og riti hve víðáttu heimskuleg þau eru og hve ófyrirleitin og ógeðfæld græðgi einkaðila í orkuiðnaði er gagnvart náttúru og mannlífi í þessu landi. Áformin draga einnig fram í dagsljósið aðgerðaleysi og máttleysi yfirvalda, hvort sem er á sveitastigi eða Alþingi, til þess verja náttúruna, fólkið og menninguna fyrir þessum ósköpum og þá staðreynd að verið sé að notfæra sér það. Skömm þeirra sem það gera er mikil.

	<i>Ég krefst þess að fallið verði frá áformum um að Norðurárdalur verði gerður að iðnaðarsvæði fyrir orkuver. Stefnumótun og áætlanir um stórtækar breytingar á landssvæðum í nafni virkjana á að sjálfssögðu að fara fram á Alþingi með fulltyngi orkufyrirtækja í almannaeigu en ekki heima í héruðum við eldhúsbörð einstaklinga á móti einkafyrirtækjum úti í heimi. Þetta ætti öllum að vera ljóst að er sjálfssögð krafa. Norðurárdalur er ekki virkjanavöllur. Hann er náttúruperla á heimsvísu.“</i>	
26	Einar Torfi Finnsson	
26.1	<p>„Ég undirritaður legst eindregið gegn byggingu vindorkuorkuvers á Hvamsmúla í Norðurárdal Borgarfirði.</p> <p>-Um er að ræða mjög stóra óafturkræfar framkvæmdir þar sem m.a. þarf að gera mjög stóra vegi til að koma möstrum á staðinn, steypa gríðarstórar undirstöður undir hverja vindmyllu.</p> <p>-Sjónmengun er gríðarleg</p> <p>-Hagsmunir íbúa og eigenda frístundahúsa eru virtir að vettugi</p> <p>-Hætta er á fugladauða, plastmengun og hljóðmengun.</p> <p>-Engin sérstök þörf á að byggja orkuver þarna“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1 og lið 16.11 þar sem fjallað er um örplast. Einnig er vísað til svars við athugasemd í lið 23.5.
26.2	<p>„-Þetta vindorkuver hefur ekki verið tekið fyrir af Rammaáætlun og á því ekkert erindi í umhverfismat áður en kostinum hefur verið raðað í Rammaáætlun.“</p>	Vindorkukosturinn Múli var sendur verkefnastjórn 4. áfanga Rammaáætlunar til umfjöllunar í desember 2019 og var verkefnið samþykkt til skoðunar í febrúar 2020. Aðeins náðist að ljúka mati á og drögum að flokkun 13 virkjunarkosta áður en skipunartíma verkefnisstjórnar lauk ári síðar, í apríl 2021, og var vindorkugarðurinn Múli ekki þar á meðal.
27	Finnur Torfi Hjörleifsson	
27.1	<p>„Ég undirritaður, Finnur Torfi Hjörleifsson, kt. 071136-2219, mótmæli harðlega byggingu fyrirhugaðs vindorkugarðs í Hvamsmúla og í Sanddal í landi Hvamms í Norðurárdal.</p>	Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar metin og útivistar á svæðinu.

	<p>Ég á hús í Sanddal þar sem heitir Skógarhóll, undir Hvammsmúla norðanverðum. Húsið stendur á leigulóð í Hvammslandi, leigusamningur til 2042. Mér sýnist augljóst að af vindorkugarði þessum hljótist veruleg nattúruspjöll og landið allt umhverfis verði mun lakara til útivistar, dvalar í húsi mínu og til náttúrunautnar. Þetta leiðir vitaskuld til lækkunar á verðgildi húsa og lóða í Sanddal og víðar.“</p>	
27.2	<p>„Ég áskil mér allan rétt til skaðabóta, ef að byggingu þessa vindorkugarðs verður. Einnig áskil ég mér rétt til að koma að athugasemdum, mótmælum og ítarlegri rökstuðningi á síðari stigum mals.“</p>	<p>Þegar umhverfismatsskýrsla hefur verið útbúin mun Skipulagsstofnun kynna fyrirhugaða framkvæmd og umhverfismatsskýrslu fyrir almenningi á áberandi hátt og hafa umhverfismatsskýrsluna aðgengilega á netinu. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal almenningi að lágmarki veittur sex vikna frestur til að skila umsögn um skýrsluna. Framkvæmdaraðili mun auk þess standa fyrir opnum kynningarfundum þar sem gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsókna í tengslum við umhverfismatið.</p>
28	Flóki Ásgeirsson lögmaður, f.h. Farkosts ehf.	
28.1	<p>„Farkostur ehf., eigandi aðliggjandi jarðanna Sveinatungu og Geststaða, gerir eftirfarandi athugasemdir við áætlunina á þessu stigi. Áskilinn er réttur til að koma að frekari athugasemdum við fyrirhugaða framkvæmd á síðari stigum.</p> <p>Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana ganga út frá því að umhverfisáhrif áætlana, þar sem mörkuð er stefna fyrir leyfisveitingar til framkvæmda, skuli metin sjálfstætt samkvæmt III. kafla laganna áður en til mats á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar kemur samkvæmt IV. kafla þeirra. Frá framangreindu er gerð sú undantekning í lögum nr. 111/2021 að heimilt er samkvæmt 9. og 10. gr. laganna að sameina skýrslugerð og kynningu vegna mats á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana og framkvæmda samkvæmt þeim. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í lögnum að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar án þess að fram fari áður, eða í það</p>	<p>Umhverfismat vegna vindorkugarðs í Múla er undanfari leyfisveitingar til framkvæmda líkt og umhverfismat áætlana.</p> <p>Ekki fæst séð að óheimilt sé, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að vinna umhverfismat framkvæmdar þrátt fyrir að umhverfismat áætlana liggi ekki fyrir. Hins vegar er það sveitarstjórnar að ganga úr skugga um að framkvæmdin samræmist skipulagi áður en hún gefur út framkvæmdaleyfi.</p>

	<p><i>minnsta samhliða, mat á umhverfisáhrifum þeirra áætlana sem marka stefnu um leyfisveitingu fyrir framkvæmd.</i></p> <p><i>Framkvæmd af því tagi sem hér er um að ræða er, eins og fram kemur í fyrirbyggjandi matsáætlun, háð leyfum sem aftur byggjast á og þurfa að samrýmast þeirri stefnu og þeim áætlunum sem gerðar hafa verið m.a. samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, raforkulögum nr. 65/2003, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og skipulagslögum nr. 123/2010. Um er að ræða áætlanir sem eftir atvikum sæta sem slíkar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt III. kafla laga nr. 111/2021.</i></p> <p><i>Af fyrirbyggjandi matsáætlun verður ekki ráðið að gert sé ráð fyrir hlutaðeigandi framkvæmd, eða að hún samrýmist þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, í gildandi áætlunum um orkunýtingu og skipulag hlutaðeigandi landsvæðis. Enn síður verður ráðið að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum áætlana sem geri ráð fyrir, eða a.m.k. heimili, hina fyrirhuguðu framkvæmd.</i></p> <p><i>Ekki verður séð að mat á umhverfisáhrifum einstakrar framkvæmdar, sem unnið er án þess að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana sem framkvæmdin þarf að byggjast á og vera í samræmi við, og án þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé samþætt mati á umhverfisáhrifum hlutaðeigandi áætlana, geti orðið lögmætur grundvöllur framkvæmdar, enda hefur því matsferli sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 111/2021 í því tilviki ekki verið fylgt.</i></p> <p><i>Vakin er athygli á framangreindu og þeirri spurningu beint til framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar á þessu stigi hvort mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé tímabært og þá hvort slíkt mat geti farið fram án þess að það verði samþætt mati á umhverfisáhrifum þeirrar áætlunargerðar, þ.m.t. skipulagsbreytinga, sem fyrirhuguð framkvæmd kallar óhjákvæmilega á.“</i></p>	
28.2	<p><i>„Þá er eftirfarandi athugasemdum við matsáætlunina komið á framfæri á þessu stigi:</i></p>	<p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um það hvernig lykilstærðir voru valdar, svo sem stærðir og fjöldi vindmylla.</i></p>

	<p>1. Áætlun um mat á valkostum, sbr. kafla 3, virðist takmörkuð við staðsetningu og uppröðun á vindmyllum og núllkost. Ekki virðist gert ráð fyrir umfjöllun í matsskýrslu m.a. um valkosti varðandi stærð, gerð og/eða fjölda myllna og staðsetningu og gerð tengivirkja eða línulagnir frá svæðinu. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að mat í samræmi við fyrirbyggjandi áætlun getur að þessu leyti tæplega orðið grundvöllur fullnægjandi mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar.“</p>	
28.3	<p>„2. Í matsáætluninni er ekki vikið nánar að þeim raforku- og tengivirkjum, sbr. kafla 4.5, sem ljóst er að framkvæmdin gerir ráð fyrir og eru órjúfanlegur hluti hennar. Þá verður ráðið af áætluninni að hún taki ekki til mats á umhverfisáhrifum tengingar við dreifikerfi. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að meta verður umhverfisáhrif fyrirhugaðs vindorkuvers og tengingar þess við dreifikerfi heildstætt.</p> <p>Í enskri útgáfu framkvæmdaraðila um fyrirhugaða framkvæmd sem aðgengileg er á vef Orkustofnunar⁷ er þó uppráttur á bls. 6 sem sýnir tillögu að legu tengingar við dreifikerfi til austurs um land Sveinatungu áleiðis að tengivirki í Hrútatungu. Um þetta hefur ekki verið haft neitt samráð við eiganda Sveinatungu og rétt að taka fram að tengingar fyrirhugaðar framkvæmdar við dreifikerfi um land Sveinatungu og Gestsstaða munu ekki verða heimilaðar.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.6.
28.4	<p>„3. Á umræddum uppdrætti á bls. 6 má sjá tillögu að staðsetningu 13 vindmylla eftir endilöngum Hvammsmúla. Austan Sanddalsár í landi Sveinatungu er skipulögð frístundabyggð með fjölda sumarhúsaloða og eru þegar byggð sumarhús á hluta þeirra. Regulgerð nr. 724/2008 um hávaða tilgreinir mörk hávaða frá atvinnustarfssemi í frístundabyggð sem 35dB, hvort sem er jafngildishljóðstig (L_{aeq}) eða hámarkshljóðstig ($L_{A_{Fmax}}$). Í samantekt um annað vindorkuver með</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 13.2.</p> <p>Gera má ráð fyrir að hljóð verði mest þegar það er vindasamt. Hins vegar þarf að hafa í huga að með vaxandi vindhraða minnkar hljóð þar sem að hljóðið í vindinum mun yfirgnæfa hljóðið frá vindmyllunum. Við mat á áhrifum verður m.a. horft til viðmiða Alþjóðalánastofnunarinnar (IFC EHS) en þar er miðað við að notaður sé vindhraði uppá allt að 12 m/s í 10 m hæð við gerð spákorta um hljóðvist.</p>

⁷ https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4339A-Muli-Quadran_Iceland_Development.pdf

	<p>sömu stærð af vindmyllum, Lambhagavirkjun, sem aðgengileg er á vef Orkustofnunar⁸, þar sem miðað er við 5-6MW vindmyllur, er á bls 7 spákort um hljóðvist unnin af verkfræðistofunni Mannvit. Þar kemur fram að mörk 40dB jafngildishljóðstigs L_{aeq} við vindhraða 8 m/s eru í allt að 2km fjarlægð frá vindmyllum og deyfist um nálægt 5dB/km. Því má áætla að 3 km fjarlægð frá vindmyllum þurfi þar til jafngildishljóðstig L_{aeq} er komið niður í 35dB. Leiða má að því líkum að hámarkshljóðstig sé þar um 4-6dB hærra sem þýðir að 4km fjarlægð frá vindmyllum þurfi til að hámarkshljóðstig L_{AFmax} ná þeim mörkum sem reglugerðin setur, 35dB, og það miðað við vindhraða 8 m/s.</p> <p>Frístundabyggð í landi Sveinatungu er í 1-1,3km fjarlægð frá tillögu að syðstu tveimur vindmyllustaðsetningum. Sjö vindmyllur af 13 eru í innan við 4 km fjarlægð frá frístundabyggð og allar fyrirhugaðar staðsetningar innan 6 km fjarlægðar. Því má öruggt telja að fyrirhugaðar staðsetningar uppfylli ekki skilyrði reglugerðar 724/2008 um leyfilegan hávaða frá atvinnustarfssemi nærri frístundabyggð.</p> <p>Gerð er krafa um að í umhverfismati verði gert spákort um mörk 35dB hámarkshljóðstigs L_{AFmax} við verstu mögulegu aðstæður, t.d. 15-20 m/s vind í stefnu frá vindmyllu að frístundabyggð.“</p>	
28.5	<p>„4. Í umfjöllun í matsáætluninni um lífríki, sbr. kafla 5.3, er hvorki vikið að lífríki í ám né að áhrifum örplastsmengunar af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki og vistkerfi. Skýrslur frá Noregi⁹ sýna að búast má við að örplast í tonnatali og tilheyrandi eiturefni þyrlist árlega frá fyrirhugaðri framkvæmd og skolist niður í hliðarár Norðurár með tilheyrandi hættu fyrir lífríkið m.a. ungvíði laxfiska. Ekki er heldur vikið að áhrifum slíkrar mengunar á heilsu manna eða húsdýra. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að vindmyllum fylgir örplastmengun sem leggja þarf mat á.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.</p>

⁸ https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4310A-Lambavirkjun-Zephyr_Iceland.pdf

⁹ https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbineblades_5_july_English.pdf

28.6	<p>„5. Í matsáætluninni er ekki gerð nægileg grein fyrir mati á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar, þ.m.t. ferðapjónustu og útivist, sbr. kafla 5.7. Gerð er athugasemd við þetta og tekið fram að vísindalegar aðferðir eru til staðar til að meta áhrif af þessu tagi með sama hætti og önnur umhverfisáhrif. Ekki er nægilegt að meta slík áhrif án gagnaöflunar eins og gert virðist ráð fyrir í matsáætlun.“</p>	<p>Við mat á samfélagslegum áhrifum verður stuðst við fyrirliggjandi gögn, s.s. gögn úr gagnabanka Ferðamálastofu, tölur frá Hagfræðistofu Íslands og rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðhorfi almennings og útivistarfólks til vindorkugarða. Jafnframt verða þær athugasemdir sem berast í þessu lögbundna samráðsferli nýttar við mat á áhrifum. Auk þess hafa margir þeirra umhverfisþátta sem metnir verða í umhverfismatinu bein áhrif á samfélagslega þætti, s.s. hljóðvist og ásýnd, og þetta eru einhverjir mikilvægustu þættirnir til að meta áhrif á ferðapjónustu og útivist.</p>
28.7	<p>„6. Í matsáætlun er ekki vikið að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti. Gerð er athugasemd við þetta og bent á fyrisjáanleg og veruleg áhrif framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti á aðliggjandi fasteignum, þ.m.t. veiðiréttindi í Norðurá.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.</p>
28.8	<p>„7. Í matsáætluninni er ekki gerð nægileg grein fyrir mati á samlegðaráhrifum, sbr. kafla 5.8. Gerð er athugasemd við það og tekið fram að ástæða þess að þessi umfjöllun matsáætlunarinnar er ekki fullnægjandi tengist því sem rakið er hér að framan um skort á fyrirliggjandi áætlunum þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdinni. Áður en unnt er að taka afstöðu til samlegðaráhrifa framkvæmdarinnar á fyrirhuguðum starfstíma hennar þarf eðli máls samkvæmt að liggja fyrir stefnumörkun um starfsemi og framkvæmdir á svæðinu á þessum tíma. Samkvæmt gildandi áætlunum er yfir höfuð ekki gert ráð fyrir hinni fyrirhuguðu framkvæmd. Mat á samlegðaráhrifum við aðrar framkvæmdir sem heldur ekki hafa verið skipulagðar eða áætlað fyrir er því ljóslega ekki tímabært á þessu stigi og ljóst að mat á þessum þætti í samræmi við fyrirliggjandi matsáætlun mun ekki þjóna tilætluðum tilgangi laga nr. 111/2021.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 28.1.</p>
28.9	<p>„Framangreindar athugasemdir eru ekki tæmandi og fela ekki í sér endanlega afstöðu Farkosts ehf. eða fyrisvarsmanna félagsins til þeirra áforma sem lýst er í fyrirliggjandi matsáætlun. Fyrirliggjandi athugasemdum er komið á framfæri án ábyrgðar og allur réttur áskilinn til frekari viðbragða, þ.m.t. til að koma að frekari</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 27.2.</p>

	<i>athugasemdum á síðari stigum. Sem eigandi jarðanna Sveinatungu og Gestsstaða lýsir félagið eindreginni afstöðu gegn byggingu vindorkuvers í friðsælli sveit sem við það myndi breytast í iðnaðarsvæði með tilheyrandi mengun og ónæði í næsta nágrenni við dvalarstaði fólks“</i>	
29	Stjórn Veiðifélags Norðurár, Guðrún Sigurjónsdóttir	
29.1	<i>„Stjórn Veiðifélags Norðurár lýsir yfir eindreginni andstöðu við skipulagningu og uppbyggingu vindmyllusvæðis í Hvammi, Norðurárdal, nefnd Múli-vindorkugarður. Augljóst er að umhverfis-áhrif og ónæði verður gríðarlegt, bæði sjónmengun og hljóðmengun. Það er ljóst að svona framkvæmd stórskaðar sveitina. Afkoma Veiðifélagsins er í hættu, margt sem þar getur haft neikvæð áhrif en erfitt að koma auga á nokkuð jákvætt.“</i>	Vísað er til svara við athugasemdum hér að neðan.
29.2	<i>„1) Sjónmengun verður gríðarleg frá 200m háum vindmyllum í hlíðum upp frá ánni. Í stað friðsællar náttúru breytist svæðið í iðnaðar og virkjunarsvæði. Bent er á að fjarlægð frá myllunum að ánni og vinsælum veiðistöðum s.s. Beinhól og Símastreng er aðeins nokkur hundruð metrar.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif vindorkugarðsins á landslag og ásýnd metin og m.a. útbúnað líkanmyndir sem munu sýna ætluð sjónræn áhrif vindorkugarðsins frá völdum stöðum, s.s. vinsælum veiðistöðum í Norðurá. Byggt á því mati verður leitast við að lágmarka möguleg sjónræn áhrif.
29.3	<i>„2) Hljóðmengun frá myllunum mun trufla menn og dýr. Bæði hljóðið frá hverflum, og eins hljóðpúlsar sem myndast þegar spaðar fara framhjá mastri. Það hljóð er af tíðni um eða undir 20 Hz sem berst allt að 10km og fer í gegnum vegg hýbýla að því er hægt er að lesa sér til um á netinu (turbine infrasound). Þekkt að skepnur forðast þessi hljóð úr langri fjarlægð. Mun þetta hafa áhrif á náttúru í Norðurá og hliðarám og valda þar truflun á lífríki. Getur aðsókn að veiðistöðum tapast vegna óþæginda sem veiðimenn finnu fyrir, bæði vegna hvins og skuggamyndunar.“</i>	Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á hljóðvist metin. Jafnframt er vísað til svars við athugasemd í lið 16.12. Þá verða áhrif skuggaflökts jafnframt metin. Út frá áætlaðri staðsetningu vindmyllanna, norðan Norðurár, er þó talið ólíklegt að veiðimenn við ána muni verða fyrir áhrifum af skuggavarpum.
29.4	<i>„3) Upplifun veiðimanna við Norðurá snýst fyrst og fremst um að njóta veiða, úti í náttúrunni, að sjá laxa og njóta náttúrulegs umhverfis sem lífríki vatnasvæðisins hefur uppá að bjóða. Verði af þessari framkvæmd er ljóst að draga mun verulega úr aðdráttarafli árinna</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 23.4.

	<p>samanborið við aðrar veiðiár. Félagsmenn Veiðifélags Norðurár hafa því raunverulegar áhyggjur af því að veiðiáin Norðurá verði fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, bæði hvað varðar áhrif á lífríki og upplifun við ána enda augljóst að sjón- og hljóðmengun sem stafa mun frá vindmyllunum getur gert Norðurá ófýsilegri kost í augum veiðimanna sem leita að ósnortinni náttúru. Það geti valdið því að veiðimönnum fækki og stangagjald lækki í verði. Fuglarnir eru hluti af lífríki svæðisins og ef þeim fækkar hefur það áhrif á lífríkið og dregur úr náttúruupplifun þeirra sem koma til veiða en fuglalíf mun skaðast af vindmyllunum.“</p>	
29.5	<p>„4) Þekkt er að mikið magn af plasti og eiturefnum flísast af spöðum vindmylla sem berst í ár og þar með inn í lífríki og mögulega í maga seiða og veldur þeim tjóni. Epoxy sem notað er í blöðin inniheldur Bisphenol A sem talið er mjög hættulegt heilsu. Hver vindmylluspaði 4 MW myllu er 60 tonn. Í Noregi er áætlað að af hverri þannig vindmyllu flísist 62 kg á ári vegna regnálags, og meira ef um er að ræða ísingu og snjó. Það mun því plast í tonnávís þyrlast árlega frá þessum 13-17 myllum og væntanlega að töluverðum hluta lenda í ám og lækjum með tilheyrandi hættu fyrir lífríkið þar.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.2.
29.6	<p>„5) Veiðifélagið leigir íbúðarhúsið á Háreksstöðum hluta úr ári fyrir veiðimenn á þessu efra veiðisvæði. Vindorkuverið blasir við bænum. Það er algjörlega öruggt mál að það kemur til með að hafa verulega mikil neikvæð áhrif og er alls ekki sú ósnortna náttúra sem okkar viðskiptavinir eru að sækjast eftir.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 29.2.
29.7	<p>„Stjórn Veiðifélags Norðurár fer fram á við Skipulagsstofnun að beðið verði með leyfisveitingu af þessu tagi þar til búið verður að vinna regluverk sem slíkri starfsemi ber að fara eftir og síðan að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki svæðisins verði rannsökuð til hlítar áður en til leyfisveitingar kemur. Framkvæmdum verði frestað þar til niðurstaða liggur fyrir, öðrum kosti verði öllum áformum um þessa framkvæmd hætt.“</p>	Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir í tengslum við vindorkugarðinn munu hefjast en ljóst er að það verður ekki fyrr en álit Skipulagsstofnunar á umhverfismati liggur fyrir og nauðsynlegra leyfa hefur verið aflað, sbr. kafla 4.12.

29.8	<p>„Fyrir hönd veiðiréttareigenda Veiðifélags Norðurár áskiljum við okkur rétt til skaðabóta ef anað verður af stað í framkvæmdir sem munu valda umbjóðendum okkar fjárhagslegu tjóni. Einnig áskiljum við okkur rétt til frekari skoðana á síðari stigum ef þetta mál fer lengra í kerfinu.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 27.2.</p>
30	Hrafnhildur Sverrisdóttir	
30.1	<p>„Ég, Hrafnhildur Sverrisdóttir, mótmæli harðlega fyrirhugaðri uppbyggingu á vindorkuveri, kennt við Múla, á jörðinni Hvammi í Norðurárdal. Framkvæmd upp á 13-17 stykkjum af 200 metra háum vindmyllum á ekki að kalla jafn huggulegu nafni og garður, heldur er um orkuver að ræða. Þetta er villandi framsetning og mun ég í athugasemd minni nota orðið vindorkuver.</p> <p>Ég ólst upp að bænum Hvammi og jörðin var í eigu foreldra minna til ársins 2015. Ég hef því sterkar rætur til landsins og eru fáir sem þekkja svæðið jafn vel og faðir minn og við systkinin. Auk þess er ég einn af landeigendum Hreðavatns neðar í Norðurárdal. Umfjöllun mín um fyrirhugaðar framkvæmdir er samt ekki eingöngu byggð á þeirri sýn, heldur þá er ég lærður arkitekt og starfa ég við skipulagsmál hjá Reykjavíkurborg og þekki stjórnsýsluna og framsetningu á gögnum mjög vel og jafnframt á lítið eftir af meistaranámi í Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum.““</p>	<p>Athugasemdin krefst ekki viðbraða.</p>
30.2	<p>„Hvammur stór jörð í Norðurárdal, með miklu fjalllendi, skóg og fallegum ám. Bærinn stendur í 90 m.y.s. Í Hvammi hefur staðið kirkja frá því snemma á öldum. Þar er legsteinnur merktur ártalinu 1237. Skógurinn á jörðinni hefur verið fleiri aldir, núlifandi elstu menn muna eftir öldungum frá því um miðja 20. öldina tala um að skógurinn hafi alltaf verið. Á korti má sjá hvernig skógurinn stoppar á landamörkum milli Dýrastaða og Hvamms annars vegar og hins vegar á gömlum landamörkum Hvamms og Galtarhöfða (jarðirnar voru sameinaðar í seinni tíð). Sú saga hefur gengið gegnum kynslóðirnar að ástæðan fyrir þessum skörpu mörkum sé sú að tíund til kirkjunnar hafi verið</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina og vísar jafnframt til svars við athugasemd í lið 2.4.</p>

	<i>greidd í beit dýra, byggingarefni og eldivið. Þannig hafi skóglendinu í Hvammi verið hlíft í gegnum aldirnar en skógurinn annars staðar í dalnum horfið vegna nýtingar.“</i>	
30.3	<p>„Náttúruspjöll Núverandi aðstæður</p> <p><i>Fjölbreytt náttúra finnst í Hvammi. Um landið renna ýmis vatnsföll, Norðurá, Litlaá og Sandalsá þar þekktastar. Eins og áður segir er mikið skóglendi og önnur gróðurþekja en jafnframt er sandur, melar og opnar klappir víða. Við göngu um jörðina kemur maður reglulega að kaldavermslum og öðru votlendi. Öfgarnar í landinu eru miklar; hæð fer allt frá 60 m.y.s. upp í nokkur hundruð metra; sandar, votlendi, kaldavermsl, gróðurþekja og skóglendi mætast víða. Jarðfræðin er mjög spennandi. Landslagið er hefðbundnar farleiðir eftir jökla, dalir neðst í hæð yfir sjávarmæli, en jökulsorfnar klappir og ruðningar ofar í landinu. Gil og hamrar rjúfa hlíðarnar með fossum og stórum lækjum. Í Selgili og í Litluá má sjá líparítsinnskot frá kviku úr eldgosi Baulu, þar sem botninn verður allt í einu gylltur í annars svörtu berginu. Frá því ég man eftir mér hafa einnig fræðimenn reglulega heimsótt landið í leit að gulli.“</i></p>	Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar.
30.4	<p>„Vegna fjölbreytileika í landslaginu er að finna margar tegundir fugla; þar hrafna verpir þarna á hverju ári; fálki átti varpstað til fjölda ára á stað sem heitir Ból en eftir að rjúpu fækkaði mikið hefur sést sjaldnar til hans; spörfuglar (skógarpröstur, auðnutittlingur, snjótittlingur, starri, maríuerla, músarrindill og steindepill); vaðfuglar (heiðlóa, hrossagaukur, jaðraka, óðinshani, sandlóa, spói, stelkur og tjaldur); fjöldi andategunda; rjúpa; ránfuglar eins og smyrill, uglá, fálki, og örninn úr Breiðafirðinum flýgur eftir þeirri línu, þar sem gert er ráð fyrir vindmyllum, í sínu skoðunarflugi.</p> <p><i>Dýralíf annað en fugla er fjölbreytt. Í ám og lækjum eru silungur, hornsíli, smásíli og ýmis vatnadýr. Refur og minkur virðast ekki þrífast þar samtímis, en alltaf er annar hvor þeirra á staðnum. Sauðfé hefur verið á beit á sumrin um alla jörðina. Við votlendið eru ýmis smærri</i></p>	Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á fuglalíf og gróður metin og verður matið byggt á yfirgripsmiklum rannsóknum. Rannsóknirnar á fuglalífi munu ná yfir tveggja ára tímabil þar sem fylgst verður með tegundum og fjölda fugla, dreifingu þeirra, flugleiðum, varpstöðum og fleiru. Þá verður gróður kortlagður og leitast við að staðsetja mannvirki og vegi þannig að eftir fremsta megni megi forðast tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er.

	<p><i>lífverur eins og bobbar og fjöldi skordýrategunda. Plönturíkið á jörðinni er fjölbreytt eftir landslagi, birkiskógur með hefðbundnum skógarbotni, lyng og mosi, gróðurpekja af grösum, votlendisgróður, mólendi, og smágerðar blómategundir. Á Svinagilsöxl hefur fundist jöklasóley og annar hálendisgróður.</i></p> <p><i>Á Íslandi er kappsmál í að koma upp skógum og endurheimta votlendi. Í Múla og víða um jörðina Hvamm er náttúrulegur skógur og votlendi hefur ekki verið framræst. Það ætti að leggja sérstaka áherslu á að varðveita þessi fyrirbæri vegna loftslagsmála.</i></p> <p><i>Þær framkvæmdir sem lýst er í kafla 4.4 í matsskýrslunni gera ráð fyrir stórkostlegum náttúruspjöllum og eyðileggingu á þessu landslaginu, landi og líffræðilegum fjölbreytileika þar.“</i></p>	
30.5	<p><i>„Vindafar</i></p> <p><i>Uppi á Múlanum og inn eftir fjallgarðinum er mjög misvindasamt og getur orðið mjög hvasst. Spurt er hvort þess háttar stormar úr öllum mögulegum vindáttum henti fyrir beislun á vindorku.“</i></p>	<p>Ákveðin forathugun hefur farið fram á vindafari þar sem svæðið var kortlagt m.t.t. vinds, og þykir það henta vel fyrir beislun vindorku. Þá hefur verið settur upp svokallaður LiDAR á svæðinu til a.m.k. eins árs, sem mun gefa nákvæmari upplýsingar um veðurfar.</p>
30.6	<p><i>„Aðalskipulag og skipulagsreglugerð</i></p> <p><i>Samkvæmt skipulagsreglugerð eiga svæði fyrir vindmyllur að þessari stærðargráðu vera skilgreind í aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði.</i></p> <p><i>f. Iðnaðarsvæði (I).</i></p> <p><i>Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.</i></p> <p><i>Það er eitthvað mjög rangt við það að fara skilgreina það svæði sem ég lýsti hér að ofan á þennan hátt. Það er rangt við það að skilgreina svæði með landnámskógi og fjölbreyttu vistkerfi á þennan hátt.“</i></p>	<p>Allar breytingar á skipulagi eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Athugasemdin krefst ekki frekari viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.</p>

30.7	<p>„Uppsetning og undirbúningur vindmylla</p> <p><i>Til þess að svona framkvæmd verði að veruleika þarf að leggja vegi, gera mikið jarðrask, jafnvel námur á staðnum, grafa og sprengja á djúpt ofan í landið, flytja mikið byggingarefni. Ekki er gerð grein fyrir því hvað verður gert við þann jarðveg sem upp kemur af framkvæmdinni né hvernig og hve miklu byggingarefni verður komið á staðinn. Það er sorglegt að virt stofa eins og Efla fullyrðir að þetta sé allt endurheimtanlegt í umhverfinu þegar það er það ekki.“</i></p>	<p>Gert er ráð fyrir að uppgrafið efni úr grunnnum vindmyllanna verði endurnýtt, t.d. í undirstöður fyrir krana og í vegslóða innan framkvæmdarsvæðisins. Ef þörf er á efni umfram það verður það efni sótt í nálæga námu og ekki gert ráð fyrir námum innan framkvæmdarsvæðisins. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gerð grein fyrir efnisþörf, efnisflutningum og vegagerð.</p>
30.8	<p>„Samantekt úr kafla</p> <p><i>Hér er um stórkostleg náttúruspjöll að ræða á marga vegu, landslagi, vistkerfi, jarðvegi, skóglendi, votlendi og líffræðilegan fjölbreytileika. Víða um landið er verið að keppast við að gróðursetja og búa til skóga. Hér er um náttúrulegan landnámskóg að ræða og í honum felast mikil náttúruleg verðmæti sem jafnframt binda mikið magn koltvísýrings. Í loftslagsmálum skipta votlendi líka miklu máli, þar sem þau binda margs konar og mikið magn gróðurhúsalofttegunda. Þar sem þetta er allt að finna í Múla og víðar á jörðinni Hvammi, þá hefur fyrirhugað vindorkuver alvarleg og gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif, bæði staðbundin og hnattræn.“</i></p>	<p>Vísað er til svara við athugasemdum í liðum 30.3 til 30.7.</p>
30.9	<p>„Neikvæð umhverfisáhrif</p> <p><i>Náttúruupplifun</i></p> <p><i>Foreldrar mínir kenndu mér að lifa með náttúrunni, njóta hennar, og nýta með virðingu. Á jörðinni Hvammi eru margir dásamlegir staðir þar sem hægt er að upplifa náttúruna mjög sterkt. Upplifun á náttúru er ekki bara um hið sjónræna, heldur skiptir lykt, hljóð, snerting og önnur skynjun miklu máli. Auk þess er hægt að upplifa minningar, sögu og frásagnir í náttúrunni. Sálfræðileg endurheimt er meiri og hraðari í náttúru en annars staðar. Hér vísa ég í skrif umhverfissálfræðingsins Páls Línadal. Náttúran í Hvammi gefur ofboðslega mikið á mjög fjölbreyttan hátt. Það eru margir staðir sem hægt er að setjast niður í mjúkan gróður í skjóli dældar, hlusta á vind, fugla, rollur, tófuna,</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina, hún krefst ekki viðbragða.</p>

	<p>vatnsnið, hljóðin í skóginum, finna lykt árstíðarinnar, snerta lyng og mosa, bragða á jurtum og berjum, fá sér vatnssopa úr læknum, horfa á þúfu sem mús hefur grafið út og litla dæld þar sem refafjölskylda bjó fyrir nokkrum árum. Forvitinn örninn flýgur yfir til að kanna þessar mannaferðir. Minningar um gönguferðir með fjölskyldumeðlimum og vinum spretta upp og frásagnir að það sé bannað að fara tilteknar leiðir vegna þess að fálkinn liggur á hreiðri. Hugsanir um náttúruöflin sem hafa verið að verki þegar tilteknir klettur hafa brotnað eða gil opnast. Svona náttúruupplifanir eru forréttindi. Þetta er það sem ferðamannaiðnaðurinn markaðssetur til erlendra aðila sem upplifun íslenskrar náttúru. Þetta er íslensk náttúra sem almenningur þarf á að halda.“</p>	
30.10	<p>„Sjónmengun 200 metra há mannvirki eru mjög framandi í þessu umhverfi. Til að setja þessa stærð í samhengi við eitthvað sem við þekkjum og skiljum, þá er Hallgrímskirkjuturn 74,5 metrar á hæð. Þetta samsvarar í hæðina 2,7 Hallgrímskirkjuturnum ofan á hver öðrum. Mælikvarðinn er ekki í samræmi við þá byggð sem er þarna er fyrir né í samræmi við þá náttúru sem þarna er. Það verður seint hægt að sannfæra mig um að þessi mannvirki verði sett upp til að fegra umhverfið. Þau verða lýti á umhverfinu, samfélaginu, náttúrunni og kennileitum. Þess ber geta að vikurnar í kringum sumarsólstöður er dásamlegt að fara upp í hæðirnar í Hvammi og sjá miðnætursól. Inngrip þessara vindmylla eru gríðarleg. Þær munu ekki eingöngu vera sýnilegar þeim sem búa í sveitinni heldur munu þær koma til með að sjást ofan af hálendi, frá mörgum af þekktari ferðamannastöðum landsins.“</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á landslag og ásýnd metin. Byggt á rannsóknnum mun framkvæmdaraðili leitast við að staðsetja vindmyllur þannig að draga megi úr áhrifum. Auk þess verða lagðar til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef þurfa þykir.</p>
30.11	<p>„LjósMengun Vegna hæðar verður að setja viðvörunarljós fyrir flugumferð. Stjörnuþjört vetrarkvöld finnast hvergi fegurri en í Norðurárdal, sérstaklega ef að er snjór.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.9.</p>

30.12	<p>„Hljóðvistarmengun Í umhverfi þar sem hljóð einskorðast við náttúrulegt umhverfi eru áhrifin af hávaða og lágtíðnihljóðum frá vindmyllum gríðarleg. Stöðug hljóðvistarmengun getur haft skaðleg áhrif á heilsu fólks og dýra.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.7 og 16.2.
30.13	<p>„Plastmengun Ég hef verulegar áhyggjur af mengun vegna veðrunar mannvirkjanna. Eitt mikilvægasta byggingarefni vindmylluspaða er plast. Ég hef miklar áhyggjur af plastmengun í náttúrunni vegna þessa, bæði stærri plasthlutir sem brotna úr spöðunum en einnig mengun vegna örtrefja sem færi í náttúruna og líffræðilegan fjölbreytileika þarna.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.10.
30.14	<p>„Líftími og urðun Ekki er gerð grein fyrir raunverulegum líftíma vindorkuversins, hvernig gert er ráð fyrir viðgerðum eða hvað gerist þegar vindmylla verður ónýt. Í janúar síðastliðnum þurfti 6 tilraunir til þess að sprengja niður vindmyllu í Þykkvabæ. Þetta átti allt að vera svo auðvelt en þegar á reyndi þurfti Landhelgisgæslan að taka þetta niður. Í skýrslunni kemur fram að það eigi að flytja ónýta spaða til Danmerkur til endurvinnslu. Hver mun sjá um það? Verður það gert?“</p>	<p>Í matsáætlun kemur fram að áætlaður líftími vindorkugarðsins sé um 25 ár. Í matsáætlun kemur ekki fram hvert spaðar verða fluttir þegar rekstrartíma vindorkugarðsins líkur, sem gera má ráð fyrir að sé um 25 árum eftir byggingu hans. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurrifi á vindmyllum.</p>
30.15	<p>„Loftslagsáhrif Framkvæmdin gerir ráð fyrir að þurrka upp og ræsa fram töluverðu af votlendi. Fullyrt er að skógurinn verði ekki snertur en framkvæmdin mun samt hafa mikil áhrif á gróðurþekju og jarðveg. Núverandi landslag, jarðvegur og gróður í Múla bindur mikið magn gróðurhúsalofttegunda. Hver er kostnaður við það að eyðileggja það? Hvert er kolefnissporið sem bundið er í núverandi ástandi. Það er mikilvægt að skoða þá eyðileggingu í útreikningum að kolefnisspori framkvæmdarinnar“</p>	Við mat á gróðri verður gróður kortlagður og leitast verður við að staðsetja mannvirki og vegi þannig reynt sé að forðast tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi eins og hægt er, t.d. votlendi. Ekki er gert ráð fyrir útreikningum á kolefnisspori í umhverfismati, sjá nánar í svarlið 16.2.
30.16	<p>„Neikvæð áhrif á samfélagið „Not in my backyard“ er frasi sem notaður er oft um eitthvað sem enginn vill hafa nálægt sér. Vindorkuver í Múla er sett í forgarð</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 28.6.

	<p><i>byggðarinnar í Norðurárdal, forgarð kennileita, þekktu ferðamannastaða og náttúruperla, forgarð samfélagsins, forgarð við þjóðveginn, forgarð almennings.</i></p> <p><i>Með uppbyggingu vindorkuvers í Múla er verið að setja framandi og óþægileg mannvirki sem eru ekki í neinu samhengi við núverandi umhverfi. Íbúar og eigendur sumarbústaða sem eru allt í einu þvinguð til að fá í nærumhverfi sitt. Heimili og nærumhverfi þeirra er eyðilaggt. Slíkur gjörningur er mikil ógn fyrir sálarlíf og íbúana sjálfa. Mikilvægt er þegar rannsókn verður gerð að gerð verði þverfagleg rannsókn og leitað verði til annarra fræðimanna en verkfræðinga með bakgrunn úr félagsvísindum.“</i></p>	
30.17	<p><i>„ Það hefur sýnt sig í Evrópu að fasteignir í nágrenni við vindorkuver hafa lækkað í verði. Hvernig verður komið til móts við þá eignaskerðingu sem landeigendur, íbúar og sumarbústaðaeigendur verða fyrir við framkvæmdina?“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.
30.18	<p><i>„Sýnt hefur verið fram á neikvæð áhrif á heilsu og líðan íbúa í nágrenni við vindorkuver, bæði líkamlega og andlega.</i></p> <p><i>Rétt eins og með heilsu og líðan íbúa eru ritrynd gögn sem sýna fram á neikvæða heilsu og líðan dýra, hvort sem þau eru villt eða búpeningur. Villtu dýrin forða sér af svæðinu en búpeningurinn verða stressuð. Mikið stress í búpening hefur áhrif á líftíma þeirra, afurðir og framleiðslu. Vindorkuver eru frábær leið til þess að drepa útivistarsvæði og ferðamennsku. Í Helsta atvinnustarfsemi í Borgarbyggð er landbúnaður, ferðamennska og menntastofnanir. Í ljósi neikvæðra áhrifa á landbúnað og ferðamennsku verður að segjast að vindorkuver hefur neikvæð áhrif á ríkjandi atvinnustarfsemi í Borgarbyggð.“</i></p>	Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar metin og þar tekið tillit til áhrifa á heilsu og líðan íbúa í nágrenni sem og áhrif á atvinnustarfsemi.
30.19	<p><i>„Fugladauði</i></p> <p><i>Fuglar verða fyrir miklum slysum og dauða af völdum vindmylla. Í Noregi hefur verið hrun í stofni hafarnar eftir að vindmyllur voru settar</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.6.

	<i>utan við strandsvæði þar. Þetta er einnig þekkt dæmi í Bretlandi og Evrópu.“</i>	
30.20	<p><i>„Einkahagsmunir og almenningshagsmunir Eigendur Hvamms koma til með að hagnast á uppbyggingunni. Einkahagsmunir þeirra eru settir í forgang annarra einkaaðila og samfélagsins.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <i>• Með uppbyggingunni er dregið úr verðgildi fasteigna í héraðinu, bæði jarða og sumarhúsa.</i> <i>• Uppbygging ferðamennsku er fótum troðin með gjaldfellingu víðernis, lýti í landslaginu og áreitis í náttúruupplifun.</i> <i>• Norðurá hefur verið vinsæl náttúrparadís og laxveiðia í fleiri áratugi. Hætta er á að vinsældir hennar minnki við uppbygginguna.</i> <i>• Verði tillagan samþykkt munu margir eiga bótarétt á sveitarfélagið vegna rýrnunar á verðgildis eigna þeirra.“</i> 	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar meti, m.a. áhrif á ferðaþjónustu.</p>
30.21	<p><i>„Samantekt Hver mun eiga og reka vindmyllurnar? Hver borgar urðun og viðhald? Ef gerð væri svo kölluð kostnaðargreining og verðmætamat af núgildandi náttúru, hvaða verðmætum er verið að kasta á glæ? Hver situr uppi með kostnað af skemmdum?“</i></p>	<p>Vindorkugarðurinn verður í eigu framkvæmdaraðila og ber hann fulla ábyrgð á rekstri hans. Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif á náttúru metin. Það er ekki fyrr en að rannsóknum loknum sem hægt er að framkvæma og leggja mat á þá greiningarvinnu sem hér er spurt um.</p>
30.22	<p><i>„Vinnubrögð, framsetning og kynning á efninu. Athygli vekur að ekki tillaga að vindorkuveri í Hvammi hefur ekki ratað inn í rammaáætlun, né fengið umfjöllun þar. Það eru skiptar pólitískar skoðanir um það hvort vindorkuver eigi að fara í gegnum það ferli eða ekki. Tillaga að vindorkuveri á Múla sýnir hversu mikilvægi þess að það megi alls ekki stytta ferlið á slíku og að það er mikil þörf á að rannsóknir vali á staðsetningu og hönnun og uppbyggingu verði í höndum aðila sem hafa enga hagsmuni að gæta. Það er frekar óþægileg tilfinning að lesa skýrslu um umhverfisáhrif framkvæmdar frá sama fyrirtæki og er að hanna og sjá um skipulagsmál fyrir</i></p>	<p>Varðandi rammaáætlun er vísað til svars við athugasemd í lið 26.2. Hönnun í tengslum við framkvæmdirnar eru í höndum framkvæmdaraðila en EFLU verkfræðistofu hefur verið falið að annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er ekki komin á það stig að farið sé að huga að skipulagsmálum. Þá má benda á að matsáætlun er verkáætlun hinnar eiginlegu matsvinnu sem umhverfismatið mun byggja á. Nánar verður gerð grein fyrir framkvæmdinni og tengdum framkvæmdum í umhverfismatsskýrslu.</p>

	<p><i>framkvæmdina. Það er ekki sannfærandi fagmennska og vekur upp tortryggni. Einnig voru efnistöð og kynningargögn óvönduð.</i></p> <p><i>Efnistökin eru eingöngu uppsetning vindorkuversins. Ekki er fjallað um umhverfisáhrif af framkvæmdunum og uppbyggingunni sjálfri, hvað verður um jarðveg, hvernig verður komið með byggingarefni, verður gerð náma uppi á Múla, hvað verður um úrgang, verða settar upp verkamannabúðir.</i></p> <p><i>Óhjákvæmilegur hluti orkuvers er flutningur á orkunni, bæði frá vindmyllunum sjálfum og svo til kaupanda. Engir innviðir sem vindorkuverið þarf voru kynntir, engin vegalagning, enginn flutningur á orku né tengivirki. Það er því mjög villandi að kynna eingöngu hluta af uppbyggingunni.</i></p>	
30.23	<p><i>„Ekki var gerð grein fyrir skuggavarpi á aðliggjandi byggð. Skuggi af vindorkuveri er svakalegur. Þar sem þetta stendur svo hátt þyrfti að gera ráð fyrir skuggavarpi af miðnætursól.“</i></p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verða möguleg áhrif skuggaflökts á bóndabýli og sumarhús metin og niðurstöður birtar á loftmynd eða korti. Matið verður byggt á verstu aðstæðum. Leitast verður við að staðsetja vindmyllur þannig að nálægir viðtakar verði ekki fyrir áhrifum.</p>
30.24	<p><i>„Kynningarfundur</i></p> <p><i>Haldinn var kynningarfundur í gengum netið um framkvæmdina sem hluti af samráði. Framsetningin var villandi, það var talað niður til fólks, og sumar fullyrðingar voru hrein og klár uppspuni.</i></p> <p><i>Sýndar var samanburður í „fyrir og eftir“ myndum. Val á sjónarhornum virtist hafa ráðist af vanþekkingu á svæðinu eða ásetningi um að villa um fyrir umfang og sýnileika. Til að mynda var ekki tekið sjónarhorn frá neinu lögbýli eða sumarbústað. Upplifun af slíku er að það fólk sem notar svæðið mest skipti engu máli í þessu samhengi og hvort sem um er að ræða álit þessara manneskja eða áhrif vindorkuvers á þær og eignir þeirra</i></p> <p><i>Myndir sem sýndu þar sem vindmyllurnar voru komnar inn voru annað hvort gerðar af lélegri photoshop kunnáttu eða ásetningi um villandi framsetningu. Teknar voru ljósmyndir í fallegu veðri frá einkennilegum sjónarhornum og settar inn á þær hvítar vindmyllur í háglans í allt</i></p>	<p>„Fyrir og eftir“ myndir af kynningarfundum 10. febrúar síðastliðinn voru unnar fyrir Rammaáætlun og sýndu fyrirhugaða ásýndarbreytingu frá tveimur stöðum á Þjóðveginum og frá frístundabyggð í Sanddal, rétt norðan við Hvammsmúla. Við mat á landslagi og ásýnd verða teknar ljósmyndir frá fleiri stöðum, byggt á tillögum frá staðkunnugum og sýnileikagreiningu, og út frá þeim unnar ásýndarmyndir. Við ljósmyndun og vinnslu mynda er farið að leiðbeiningum NatureScot um sjónrænt mat á vindmyllum.</p>

	<p><i>annarri en íslenskri birtu. Hvítu vindmyllurnar voru í sólarljósi og náttúrulegri birtu sem einkennir birtu í mið- og suður Evrópu. Þær voru felldar inn í fallegu myndirnar og féllu vel inn og földu sig í skýjahnoðrum. Það var enginn skuggi af þeim né á þeim. Vindmyllur geta verið gráar og svartar. Víða hefur slíkt verið gert til að þær séu sýnilegri fyrir fugla. Það hefur reyndar ekki verið sýnt fram á að litur vindmylla dragi úr fugladauða í nágrenni þeirra.</i></p> <p><i>Starfsmenn Eflu og Friðjón frá Qair héldu fram að leitað hafði verið til fólks sem væri kunnugt staðháttum. Þetta vakti undrun okkar sem höfum alist upp í Hvammi og vöktum við athygli á því. Svörin voru að „það ætti eftir að gera það“ en eins og þetta var fyrst lagt upp með var sagt að það hafði verið gert. Við fjölskyldan frá Hvammi höfum aðeins kannað hvort einhverjir sem við þekkjum og eru vel kunnugir staðarháttum hafi veitt álit sitt. Allir sem við spurðum svöruðu neitandi.“</i></p>	
30.25	<p><i>„Einn fundargestur hafði áhyggjur af mengun vegna örplasts vegna vindorkuversins. Starfsmenn Eflu snéru út úr því með því að segja að aðal mengunarvaldur vegna örplasts væri úr fatnaði og hefði mest áhrif í sjónum. Þess háttar dónaskapur og hroki er ekki ásættanlegur í svona samhengi. Svar við spurningu vegna mengunar örplasts á svæðið kom ekki.“</i></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.</p>
30.26	<p><i>„Matsáætlun</i> <i>Að lesa þennan texta er eins og að bíta í álpappír. Textinn er gildishlaðinn, lofsöngur um fyrirtækin sem standa að þessu og fögur fyrirheit um vinnubrögð að bestu gerð. Nokkur dæmi:</i> <i>Byrjað er að vísa í Landskipulagsstefnu um að afstaða sveitarfélaga til möguleika á orkuframleiðslu skuli vera „í sátt við við náttúru og samfélag“. Það vita allir sem hafa átt einhver samtöl við samfélagið í Norðurárdal að þetta vill enginn þarna.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili leggur áherslu á upplýsingagjöf og að samráð sé haft við íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu um framgang umhverfismats og niðurstöður rannsókna.</p>
30.27	<p><i>„„Við val á staðsetningu fyrir vindorkugarðinn voru álitlegir staðir fyrir slíka framkvæmd skoðaðir á landsvísu og í kjölfarið nokkrir staðir, sem</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili leggur mikla og ríka áherslu á að vanda vel til verka varðandi val á staðsetningum fyrirhugaðra vindorkukosta, enda tekur</p>

	<p><i>Þóttu álitlegastir, teknir til nánari skoðunar. Qair Iceland hefur áform um byggingu vindorkugarða á fleiri stöðum sem þykja henta vel til slíks reksturs.“ Þetta er lygi samkvæmt kynningu Qairs á kynningarfundinum.</i></p> <p><i>„Við staðarval var ekki einungis horft til nauðsynlegra þátta er varða rekstur vindorkugarðs, s.s. nægs vinds, nálægðar við flutningskerfi og góðs aðgengis að svæðinu, heldur var einnig mikil áhersla lögð á þætti eins og fjarlægðir frá mikilvægum náttúru- og menningarminjum, fjarlægðir frá þéttbýlum og mikilvægum viðkomustöðum tengdum ferðaþjónustu.“ Sem sagt, íbúar í samfélaginu og sumarbústaðaeigendur skipta engu máli. Baula er t.d. mjög vinsæll staður til útivistar. Það ætla enginn að segja mér það heldur að þetta hafi ekki mikil neikvæð áhrif á náttúruupplifun þar.“</i></p>	<p>tímafrekt og kostnaðarsamt ferli við að vali loknu. Það er svo ekki fyrr en að rannsóknnum loknum sem hægt er að leggja mat á áhrif á þá þætti sem umsagnaraðili bendir á.</p>
30.28	<p><i>„Í umhverfismatinu verður einnig fjallað um svokallaðan núllkost sem felst í því að aðhafast ekkert, þ.e. að vindorkugarðurinn Múli verði ekki reistur. Að jafnaði má gera ráð fyrir óbreyttu ástandi þeirra náttúruvafarsþátta sem til skoðunar eru í mati á umhverfisáhrifum. Með því að aðhafast ekkert kæmi hins vegar ekki til sá ávinningur sem felst í auknu framboði á endurnýjanlegri orku.“ Í fyrsta lagi væri þeir sem ekki myndu græða á núll-kostinum vera landeigandi og Qair. Í öðru lagi er þetta stór fullyrðing um vinnslu endurnýjanlegrar orku þar sem líftími vindmylla er takmarkaður og dregið er í efa ef lagður er saman sótsporið af náttúruspjöllum við framkvæmdina, framkvæmdir við uppbyggingu, eyðileggingu á núverandi náttúrlegu ferli við kolefnisbindingu, vindmyllurnar sjálfar, niðurrif og förgun þeirra, að um endurnýjanlega orku sé að ræða.“</i></p>	<p>Endurnýjanlega orku má skilgreina sem orkulind sem minnkar ekki, heldur endurnýjar sig og helst þannig í jafnvægi. Varðandi ávinning af framkvæmdinni er vísað til svarliðar 23.5 og varðandi kolefnisspor er vísað til svarliðar 16.2.</p>
30.29	<p><i>„Qair Iceland ehf. hyggst reisa vindorkugarðinn Múla í Borgarbyggð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka framboð endurnýjanlegrar raforku á Íslandi með sjálfbærum hætti.“ Til þess að eitthvað sé sjálfbært þarf að horfa á það út frá umhverfislegum, hagrænum og samfélagslegum hætti. Það er mikilvægt að beita alvöru siðferði og heiðarleika við slíkt. Hér er einungis horft á hlutina út frá hagrænum</i></p>	<p>Með hugtakinu sjálfbærni er átt við að þörfum samfélagsins sé mætt án þess að það komi niður á komandi kynslóðum.</p>

	<i>hætti fyrir landeiganda og Qair. Við eyðileggingu á landi og samfélagi ætti að hverfa frá notkun hugtaksins „sjálfbærni“, annað væri hvorki siðferðilega rétt né heiðarlegt.“</i>	
30.30	<i>„Í kafla 5.4 um menningarminjar segir að ekki sé vitað til þess að aðrar fornminjar sé að finna innan þróunarsvæðisins. Ef talað hefði verið við staðkunnuga, t.d. hann föður minn, gæti hann sagt frá mörgum slíkum stöðum sem geymst hafa í gegnum kynslóðirnar þarna.“</i>	Næstkomandi sumar mun fornleifafræðingur rannsaka fyrirhugað framkvæmdarsvæði og skrá allar minjar mögulega finnast. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum skráningar og verða allar minjar sem kunna að finnast sýndar á korti.
30.31	<i>„Í matsáætlun kemur fram að til að skoða jarðminjar verði gert ráð fyrir 1- 2 dögum á vettvangi. Ég ætla að vona að þar sé átt við vettvangsferð nokkurra starfsmanna því svæðið er mun yfirgripsmeira en það.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 5.7 þar sem nánar er gerð grein fyrir viðfangsefni jarðfræðings við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á jarðminjar.
30.32	<i>„Í kafla 5.9 segir eftirfarandi Ekki er talin þörf á að skoða eftirfarandi umhverfisþætti nánar í umhverfismatskýrslu: - Grunnvatn/vatnsból: Engin vatnsból eða vatnsverndarsvæði eru innan framkvæmdasvæðisins eða í næsta nágrenni þess. Nálægasta vatnsból er við Bifröst í um 10,5 km fjarlægð. Ekki verður nánar fjallað um vatnafar í umhverfismatskýrslu. Í fyrsta lagi þá eru náttúrulegar vatnssuppsprettur þarna víða, votlendisflákar og kaldavermsli. Þetta vatn er mjög hreint og hefur verið notað sem neysluvatn víða, bæði í sumarbústöðum og í bænum Hvammi. Einnig þykir rétt að benda á að þetta vatn rennur út í Norðurá, sem er vinsæll ferðamanna- og veiðistaður, og er talin vera ein af fegurstu áum landsins. Hár líffræðilegur fjölbreytileiki er einnig út var þessu vatnabúskap í jörðinni þarna. Það er mikilvægt að skoða umhverfisáhrif frá framkvæmdinni. Það er margt fleira í skýrslunni sem betur mætti fara og er Eflu ekki til sóma. Efla sýnir hvorki íbúum og öðrum landeigendum virðingu eða samkennd. Vinnubrögð og framsetning efnis eru ekki traustvekjandi.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar.

30.33

„Sveitarfélagið Borgarbyggð

Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur sýnt sorglega hlið á sér gagnvart uppbyggingu orkuframleiðslu í héraðinu. Á heimasíðu Borgarbyggðar er farið fögrum orðum um atvinnulíf og mannlíf í héraðinu, mikla menningu, langa og merkilega sögu og svo háskólasvæðin. Þar segir „Í Borgarbyggð er öflugt atvinnulíf, blómlegur landbúnaður, víðtæk þjónusta og verslun ásamt fjölbættri þjónustu ríkis- og sveitarfélags á sviði heilsugæslu, félagsþjónustu og uppeldismála. Í sveitarfélaginu eru leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli, menntaskóli og tveir háskólar. Hér þrífst fjölbreytt íþrótt-, menningar- og tólmundastarfsemi og ríkur félagsauður sem kemur fram í framboði og þátttöku íbúa í öflugum lista-, menningar-, íþrótt- og samfélagsstarfi af öllum mögulegu tagi.“ Síðan segir „Fjöldi ferðamanna leggur leið sína til Borgarbyggðar til að nýta sér fjölbreytta afþreyingu og þjónustu. Þekktu sögustaði er að finna í Borgarbyggð og sagnahefðinni er víða gert hátt undir höfði [...] Borgarbyggð býr jafnframt yfir einstakri náttúrufergurð og mikilli fjölbreytni í landslagi. [...] Margar þekktar laxveiðiár eru í Borgarbyggð, s.s. Haffjarðará, Hítará, Langá, Norðurá, Þverá, Hvítá og Grímsá. Einnig kjósa margir að eiga sér frístundaheimili í Borgarbyggð og víða hefur byggst upp mikil frístundahúsabyggð.“

Hvergi er minnst á orkuvinnslu. Að heimila vindorkuver án þess að setja orkustefnu sem fer saman við atvinnustefnu og stefnu um náttúruminjar og náttúruvernd er óábyrgt. Hvort ætlar sveitarfélagið að vera landbúnaðarhérað með blómlegar sveitir sem býður heimamenn, ferðamenn, stúdenta og útivistarfólk velkomið eða að vera virkjanahérað? Þetta fer ekki saman. Það er mikilvægt að sveitarstjórnin ákveði sig og setji sér stefnu í þessum málum.

- Er sveitarfélagið að taka upp orkuframleiðslu með því að heimila þessa framkvæmd? Því eru gerðar eftirfarandi spurningar:*

Athugasemdin krefst ekki viðbragaða af hálfu framkvæmdaraðila.

- Hefur verið gerð forvinna þar sem héraðið allt var skoðað og fundið út að þetta væri besti staðurinn fyrir vindmyllur? Ef svo er, hvaða staðir voru skoðaðir?
- Í hvað verður fyrirhuguð orka notuð? Til einkanota eða almennings?
- Hver er ávinningur samfélagsins af þessari orkuframleiðslu?
- Hver er ávinningur samfélagsins af heildarframkvæmdinni?
- Er ekki gengið alvarlega á hagsmuni samfélags Borgarbyggðar og komandi kynslóða fyrir einkaframkvæmd og einkahagsmuni tveggja jarðareiganda?
- Kynnt tillaga hefur fordæmisgildi. Er vilji Borgarbyggðar að fleiri vindmyllur rísi?
- Opinbera stefna sveitarfélagsins í orkumálum ætti að vera undanfari svona uppbyggingar til að tryggja að ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegum, stjórnsýslulegum og faglegum grunni.
- Hvers virði er náttúruupplifun af náttuperlum Borgarbyggðar, t.d. Baulu, Grábók, Glanna, Paradíslautar, Grábrókarhrauns og Hreðavatns?

Á kynningarfundum um verkefnið sem haldinn var í upphafi auglýsingarferlis tjáði Guðveig Anna Eyglóardóttir, kjörin fulltrúi í sveitarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn, um uppbyggingu vindorkuvers í Múla. Hún bæði tók til máls en einnig skrifaði hún inn á fjarfundinn.

Sem fulltrúi í bygginga- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar vil ég koma því á framfæri að bæði nefndin og sveitarstjórn telja almennt ekki forsvaranlegt að meina fyrirtækjum eða einstaklingum sem sýna atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu áhuga að gera rannsóknir, og eða kanna möguleika til uppbyggingu og framkvæmda. Ávinningur á rannsóknnum eins og þeim sem hér eru kynntar t.a.m. gætu verið gagnlegar fyrir sveitarfélagið. Ljóst er að í núgildandi aðalskipulagi er ekkert kveðið á um vindorku og því mikilvægt að í yfirstandandi vinnu við aðalskipulag sé mótuð stefna um vindorku innan

	<p>sveitarfélagsins og þá hvort og hvaða svæði gætu verið hentug til framtíðar. Á þeim grunni mun samþykki til framkvæmdaleyfis byggja. Þá er rétt að nefna að sérstök áhersla verður lögð á íbúasamráð í vinnu við aðalskipulag. Takk fyrir gagnlegan fund og góðar umræður.</p> <p>Það er margt athyglisvert í þessum skrifum Guðveigar. Þar fagnar hún einstaklingsframtakinu og segir þær gagnlegar fyrir sveitarfélagið. Það sem er lýðræðislegt og góð stjórnslóga er að fá óháðan aðila til að gera slíka rannsókn fyrir sveitarfélagið með almannahagsmunum í huga. Með því að fagna einstaklingsframtakinu á þann hátt sem Guðveig gerir er búið að opna dyrnar fyrir að einkahagsmunir eiganda einnar jarðar séu mikilvægari en almennir hagsmunir íbúa og jarðeigenda í kringum „einstaklingsframtakið“. Hvað íbúasamráð varðar, þá er ekki ár síðan að lýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar, vegna vindorkuvers á Grjóthálsi, var mótmælt harðlega af sama fólki og eru að fá þessa kynningu. Gerði Guðveig sér ekki grein fyrir þeim mótmælum að þetta fólk vill ekki vindorkuver í forgarðinn hjá sér? Það er ekki beint traustvekjandi sveitarstjórnarfulltrúi sem ekki skilur slíkt.“</p>	
30.34	<p>„Besti staðurinn? Á áðurnefndum kynningarfundum tók fulltrúi Qair til máls. Hann sagði m.a. söguna um hvernig staður fyrir vindorkuverið var fundinn. Sagan var á þessa leið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrirtækið Qair leigði húsnæði af landeigendum Hvamms. Í góðum kaffitíma kom upp sú hugmynd að gera vindorkuver á jörðinni. The End <p>Engar rannsóknir liggja að baki því að finna hentugan stað fyrir vindorkuver. Tilviljun réði því að farið var af stað í þessa vinnu. Þetta hljómar eins og saga um reykfyllt bakherbergi feðraveldisins á 20. öld.“</p>	<p>Hugmyndin um að skoða fyrirhugað vindorkuverkefni bar að með óvenjulegum hætti. Í kjölfarið fór fram talsverð greiningar- og rannsóknarvinna áður en tekin var ákvörðun um að hefja umhverfismatsferli, eins og nánar er fjallað um í svari við 30.27.</p>
30.35	„Lokaorð	Vísað er til svara að ofan.

	<p><i>Að þessu sögðu geri ég alvarlegar athugasemdir við veruleg neikvæð grenndaráhrif vindorkuversins. Þau koma fram í náttúruspjöllum, eyðileggingu á verðmætum, vanlíðan og hagsmunum íbúa, árekstra við aðal atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, árekstur við stefnu í loftslagsmálum um skógrækt og endurheimt votlendis, áherslu á einkahagsmuni landeiganda einnar jarðar. Kallað er eftir vandaðri stjórnslu með lýðræðislegum og sjálfbærum áherslum.</i></p> <p><i>Um svona framkvæmdir er oft sagt að það vilji þær enginn í bakgarðinum hjá sér. Þessi framkvæmd er í forgarði sveitarinnar, samfélagsins, náttúrunnar, almenningi og komandi kynslóðum.</i></p> <p><i>Ég vil að lokum minna á að Einar Ben ætlaði að virkja Gullfoss fyrir u.þ.b. einni öld. Landslagið og náttúran í Borgarbyggð er ekkert minna merkileg eða fögur en Gullfoss eða Þingvellir eða önnur náttúra sem við hyllum og setjum á stall. Skógurinn í Múla, Baula og umhverfi ættu að vera á náttúruminjaskrá.“</i></p>	
<p>31</p>	<p>Magnús Leópoldsson og Árný Sigrún Helgadóttir</p>	
<p>31.1</p>	<p><i>„Við undirrituð teljum að bygging og rekstur vindorkuvera í ofanverðum Norðurárdal og á Grjóthálsi hafi mjög neikvæð áhrif fyrir alla náttúru, náttúru upplifun, mannlíf og ferðamensku í dalnum og í raun einnig í nálægum uppsveitum.</i></p> <p><i>Eignaverð mun lækka umtalsvert, dregur úr aðsókk ferðamanna og veiðimanna að svæðinu og þannig dregur úr möguleikum íbúa og annar hús- og landeigenda til að skapa sér og sínum atvinnu og tækifæri í þessum núverandi undirstöðu atvinnugreinum.</i></p> <p><i>[...]</i></p> <p><i>Vegna þessar stórtæku áforma er eignaverð á svæðinu þegar farið að lækka og eftirspurn minkað og ýmislegt á bið þar sem áhugasamir vilja svör, verður byggt eða ekki?</i></p> <p><i>Á þetta við um allar mögulegar vindorku framkvæmdir hvort sem er á Hvammsmúla, Grjóthálsi eða annarstaðar á svæðinu.“</i></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.20.</p>

<p>31.2</p>	<p>„Ásýnd fjölda 200 m hárra vindorkumastra verður yfirþyrmandi og hvinurinn frá þeim mun berast víða, það hafa allir upplifað sem hafa komið nálægt vindorkuverum erlendis og einnig litlu vindmyllunum við Búrfell sem eru þó einungis um um 1 MW, en hávaðinn þar er það mikil að hestar fælast hjá ferðamönnum sem leið eiga um.</p> <p>[...]</p> <p>Sem sagt skaðinn er að hluta til þegar skeður.</p> <p>Múla orkuverið eins og lag er upp með er enginn smásmíði, 15 +/- 2 stykki samtals 75-85 MW og hæð á spöðum í efstu stöðu 200 metrar. Grábrók er um 70 m á hæð. Ásýnd í ofanverðum Norðurárdal mun gjörbreytast og mun skerða lífsgæði íbúa og verðmæti eigna þeirra verulega.</p> <p>Einnig neikvæð áhrif á upplifun veiðimanna í Norðurá og göngufólks á vinsælum gönguleiðu í nágrenninu, svo sem á Baulu, gönguleið úr Reykjadal í Mið-Dölum yfir í Mjóadal eða Sanddal, ýmis veiðivötn á Grjóthálsi, Karlsdalur yfir Grjótháls, Hraunsnefsöxl, Hærri-Kambur í Landi Brekku, Vikrafell og svo mætti lengi telja.</p> <p>Það þekkja allir sem hafa komið í nálægð við vindorkuver erlendis að það er stöðugur hvinur frá þeim jafnvel í margra kílómetra fjarlægð, eins og flugvél sé að nálgast úr fjarlægð. Þetta er ekki mjög hávært hljóð mælt í dB en ákaflega hvítleitt þegar fólk er úti við á friðsælum dögum. Það bendir allt til þess að slíkur hvinur muni geta heyrst á toppi Grábrókar og þar í kring, allavega í áhveðnum veður skilyrðum. Svo ekki sé talað um hvininn sem verður ofar í dalnum alla daga.</p> <p>Það kemur fram á korti meðfylgjandi matsáætlunni að hluti vindmastrana mun sjást frá stórum hluta Hvassafells lands, miklum meiri hluta Hvassafells lands sem er ofan Hvassafellsins sjálfs. Sá hluti Hvassafells lands sem er næst Múla orkuveri er aðeins í um 6 km fjarlægð að best verður séð. Þar mun heyrast hvinur það er óumdeilt.</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verða áhrif vindorkugarðsins á landslag og ásýnd metin og m.a. útbúnað líkanmyndir sem munu sýna hugsanleg sjónræn áhrif vindorkugarðsins frá völdum stöðum, s.s. vinsælum ferðamannastöðum og nálægri byggð. Byggt á því mati verður leitast við að lágmarka möguleg sjónræn áhrif.</p> <p>Einnig verður gögnum um hljóðvist á svæðinu safnað og áhrifin metin.</p>
-------------	--	---

	<i>Að ofan sögðu, það verður ekki gott að búa í Norðurárdal ef að þessu verður. Til þess þarf að stöðva allar vindorkuframkvæmda hugmyndir í uppsveitum Borgarfjarðar og víðar á sambærilegum svæðum.“</i>	
32	Guðrún Jónína Haraldsdóttir og Þorkell Daníel Jónsson	
32.1	<p><i>„Það vakti undrun okkar þegar okkur bárust þær fregnir í vikunni að uppi væru enn ein áformin um vindmyllugarð í nágrenni við Brautarlæk, frístundahúsið okkar sem er staðsett í Krókslandi. Ef öll þessi áform ganga eftir erum við nánast orðin umkringvindmyllum. Hér erum við að vísa til áforma um vindmyllugarða á Grjóthálsi ofan við Hafþórsstaði, við Sýrdalsborgir í landi Króks og nú síðast vindmyllugarðs eftir endilöngum Hvamsmúlanum. Okkur þykir satt best að segja þessi þróun ógnvænleg þar sem erlend einkafyrirtæki seilast eftir aðstöðu víða um landið til að setja niður risastór orkuver með tilheyrandi umhverfisspjöllum og skaða fyrir íslenskt samfélag. Hið fyrsta sem kemur upp í huga okkur við lestur matsáætlunar vegna Múla vindorkugarðs er óhjákvæmilegt fjárhagslegt tap okkar sem eigendur frístundahúss sem er staðsett beint á móti Hvamsmúla 5 – 700 m neðan við bæinn Krók, innan þess svæðis sem er merkt sem jaðarsvæði framkvæmdanna. Megin aðdráttarafl hússins okkar er einstaklega falleg sýn til Baulufjallanna, inn Sanddal og áfram upp á heiði þar sem Snjófjöllinn og Tröllakirkjan gleðja augað í fjarskanum. Frá þeim stað sem húsið okkar er staðsett munu vindmyllurnar verða yfirgnæfandi í landslaginu og sennilega verða þær allar með tölu sýnilegar út um stofugluggan hjá okkur. Við höfum nú þegar lagt umtalsverða fjármuni og vinnu í að byggja upp aðstöðu okkar á þessu svæði og erum með á teikniborðinu áform um að bæta aðstöðuna enn frekar. Við sjáum ekki annað en að forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu á bleðlinum okkar séu brostnar verði vindmyllurnar reistar á Hvamsmúla. Við sjáum ekki annað en að eign okkar verði svo gott sem verðlaus. Enginn heilvita maður kaupir frístundahús á landspildu þar sem það helsta sem grípur augað í landslaginu eru 200 metra háar vindmyllur“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.

32.2	<p>„Til viðbótar neikvæðum sjónrænum áhrifum vindmyllugarðsins fyrir okkur höfum við áhyggjur af hljóðrænum áhrifum garðsins. Við höfum litla trú á því að hljóðvistin verði boðleg í Brautarlæk og öðrum nálægum bústöðum með hringsnúandi spaða sem eru 110 – 170 m að þvermáli í næsta nágrenni.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 13.2.</p>
32.3	<p>„Norðurárdalurinn í heild sinni er þekkt náttúruperla sem gefur möguleika á uppbyggingu ferðaþjónustu í dalnum. Í landi þar sem ferðaþjónusta er orðin jafn efnahagslega mikilvæg og raun ber vitni þykir okkur mikið dómgreindarleysi að setja niður heilan vindmyllugarð sem verður sýnilegur öllum þeim sem um þjóðveg eitt aka. Það myndi valda óbætanlegum skaða á ímynd dalsins sem ferðaþjónustusvæðis. Nú þegar hafa nokkrir aðilar lagt út í fjárfestingar á sviði ferðaþjónustu í dalnum og hætta er á að þeir aðilar beri skaða af þessum áformum. Við veltum fyrir okkur hvort ekki sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni verði af þessum áformum. Ferðamannaíðnaðurinn veitir mun fleirum atvinnu en vindmyllugarðurinn. Hvað framdalinn varðar eiga sömu rök við og við okkar litla landbleðil við Krók. Hafi jarðaeigendur í framdalnum hug á að byggja upp ferðaþjónustutengda starfsemi á jörðum sínum þá hljóta forsendur til slíks vera brostnar með vindmyllugarðinum. Þetta á sérstaklega við um jarðirnar í næsta nágrenni við vindmyllurnar, Krók, Háreksstaði, Hól, Sveinatungu og jarðirnar inni í Sanddal.“</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verða samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar metin og m.a. tekið tillit til ferðaþjónustu á svæðinu.</p>
32.4	<p>„Við höfum haft mikla ánægju af því að fylgjast með fuglalífinu þarna í framdalnum og erum smeyk um að það bíði skaða af. Bæði vegna hljóðmengunar frá vindmyllunum og að flugleiðir þeirra verði skertar.“</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.6.</p>
32.5	<p>„Eftir að hafa lesið matsáætlun unna af Eflu verkfræðistofu fyrir Qair Iceland erum við fullkomlega sannfærð um að Múli - vindorkugarður er vanhugsuð framkvæmd. Okkur er sérstaklega brugðið vegna þess að eftir að hafa kynnt okkur þessi virkjanamál sjáum við ekki betur en að erlend stórfyrirtæki vaði yfir landið eins og logi yfir akur í leit að tækifærum til að hagnast á auðlindum landsins. Í þessu tilviki vindorkunni. Er það virkilega þannig að hætta sé á að stjórnvöld þessa</p>	<p>Athugasemd krefst ekki viðbragða.</p>

	<p>lands ætli að láta hjá líða að sníða regluverk sem girðir fyrir þessa vitleysu. Brunnurinn verður ekki byrgður eftir á.</p> <p>Í ljósi þessa lýsum við, eigendur Brautarlækjar, okkur eindregna andstæðinga þessara framkvæmda og förum fram á að fallið verði frá áformum um vindmyllugarð á Hvammsmúla“</p>	
33	Sigurður Hj. Leópoldsson, Hafdís Hrönn Ottósdóttir og Margrét Oddný Leópoldsdóttir	
33.1	<p>„Við undirrituð teljum að bygging og rekstur vindorkuvera í ofanverðum Norðurárdal og á Grjóthálsi hafi mjög neikvæð áhrif fyrir alla náttúru, náttúru upplifun, mannlíf og ferðamensku í dalnum og í raun einnig í nálægum uppsveitum. Eignaverð mun lækka, dregur úr aðsókk ferðamann og veiðimann að svæðinu og þannig dragur úr möguleikum íbúa og annar hús og-landeigenda til að skapa sér og sínum atvinnu og tækifæri í þessum núverand undirstöðu atvinnugreinum.</p> <p>Múla orkuverið eins og lag er upp með er enginn smásmíði, 15 +/- 2 stykki samtals 75-85MW og hæð á spöðum í efstu stöðu 200 metrara. Grábrók er um 70 metra á hæð. Ásýnd í ofanverðum Norðurárdal mun gjörbreytast og mun skerða lífsgæði íbúa og verðmæti eigna þeirra verulega. Einnig neikvæð áhrif á upplifun veiðimanna í Norðurá og göngufólks á vinsælum gönguleiðu í nágrenninu, svo sem á Baulu, gönguleið úr Reykjadal í Mið-Dölum yfir í Mjóadal eða Sanddal, ýmis veiðivötn á Grjóthálsi, Karlsdalur yfir Grjótháls, Hraunsnefsöxl, Hærri-Kambur í Landi Brekku, Vikrafell og svo mætti lengi telja.</p> <p>Það þekkja allir sem hafa komið í nálægð við vindorkuver erlendis að það er stöðugur kvinnur frá þeim jafnvel í margra kílómetra fjarlægð, eins og flugvél sé að nálgast úr fjarlæg. Þetta er ekki mjög hátt hljóð mælt í dB en ákaflega kvímeitt þegar fólk er úti við á friðsælum dögum. Það bendir allt til þess að slíkur kvinnur muni geta heyrt á toppi Grábrókar og þar í kring, allavega í áhveðnum veður skilyrðum. Svo ekki sé talað um kvinnur sem verður ofar í dalnum alla daga.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 31.2.

33.2	<p>„Að ofan sögðu, það verður ekki gott að bú í Norðurárdal ef að þessu verður</p> <p>Í gegnum tíðina hefur það verið nokkuð algengt að sjá til Hafarna við Norðurá sérstaklega á haustin og frameftir vetri, þetta á einnig við um Þverá. Örninn virðist sækja í seiði eða lax sem er að drepast eftir hryggningu og er því auðveld bráð. Arnarbæli er þekkt kennileiti við Hreimstaði, algeng stytting er Bæli. Fyrir nokkrum áratugum var undiriðaður Sigurður á ferð á bíl í Grábrókarhrauni austur Glitstaðaveg. SL: Þegar ég var næstum kominn að brúnum yfir Norðurá þá tek ég eftir tveimur risafuglum sitjandi á hraunstapa alveg við veginn, ég snarstoppa, já þetta voru greinilega Hafarnir, eftir nokkar störu keppni þá hefja þeir sig til flugs með því að steypa sér af stapanum og niður undir veginn nokkra metra fyrir framan bílinn minn. Og því lík sjón og upplifun að sjá þá breiða út vængina sem að mér fannst ná þvert yfir veginn. Algerlega ógleymanleg upplifun fyrir mér þó langt sé um liðið, á mér þá ósk að börning mín og barnabörn, já og sem flestir geti einhvern tíman upplifað það sama.</p> <p>Til þess þarf að stöðva allar vindorkuframkvæmda hugmyndir í uppsveitum Borgarfjarðar og víðar á sambærilegum svæðum.</p> <p>Við undirrituð Leópolds börn erum uppallinn í Norðurárdal frá barnæsku og eigum sameiginlega með systir okkar uppeldisstað okkar Haunbæ sem stendur á okkar eignalandi við Grábrók. Undirritaður Sigurður á ásamt eiginkonu sinni frístundahúsið Hraunbæ II ásamt eignar landi því fyljandi“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.7.
34	Sverrir Guðmundsson	
34.1	<p>„Ég, Sverrir Guðmundsson, mótmæli harðlega fyrirhugaðri uppbyggingu á vindorkuveri, kennt við Múla, á jörðinni Hvammi í Norðurárdal. Framkvæmd upp á 13-17 stykkjum af 200 metra háum vindmyllum á ekki að kalla jafn huggulegu nafni og garður, heldur er um orkuver að ræða. Þetta er villandi framsetning og mun ég í athugasemd minni nota orðið vindorkuver.“</p>	Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina og gagnlegar upplýsingar.

	<p>Ég ólst upp að bænum Hvammi og átti heima þar í 65 ár. Jörðin var í eigu foreldra minna og ég keypti hana árið 1980. Átti Hvamm síðan til ársins 2015 er ég hætti búskap og seldi jörðina og flutti í burtu. Ég hef því sterkar rætur til landsins og eru fáir sem þekkja svæðið jafn vel og ég og fjölskylda mín. Auk þess á ég gamla lögbýlið Desey neðar í Norðurárdal. Umfjöllun mín um fyrirhugaðar framkvæmdir er byggð á þeirri þekkingu sem ég hef á þessu landsvæði. Má segja að ég þekki hverja þúfu og hvern stein í Hvammi. Einnig veðurfar og gæti upplýst heilmikið um slíkt. Ég undrast að enginn skyldi leita til mín til að fá upplýsingarum aðstæður þarna“</p>	
34.2	<p>„Hvammur stór jörð í Norðurárdal, með mikið af fjalllendi, skóg og fallegum ám. Bærinn stendur í um 80 m.y.s. Í Hvammi hefur staðið kirkja frá því snemma á öldum. Þar er legsteinn merktur ártalinu 1237. Skógurinn á jörðinni hefur verið fleiri aldir, núlifandi elstu menn muna eftir öldungum frá því um miðja 20. öldina tala um að skógurinn hafi alltaf verið. Á korti má sjá hvernig skógarmörk eru á landamörkum milli Dýrastaða og Hvamms annars vegar og hins vegar á gömlum landamörkum Hvamms og Galtarhöfða (jarðirnar voru sameinaðar í seinni tíð). Sú saga hefur gengið gegnum kynslóðirnar að ástæðan fyrir þessum skörpu mörkum sé sú að tíund til kirkjunnar hafi verið greidd í beit dýra, byggingarefni og eldivið. Þannig hafi skóglendinu í Hvammi verið hlíft í gegnum aldirnar en skógurinn annars staðar í dalnum horfið vegna nýtingar.“</p>	<p>Vísað er til svars athugasemda í lið 30.2.</p>
34.3	<p>„Náttúruspjöll Núverandi aðstæður Fjölbreytt náttúra finnst í Hvammi. Um landið renna ýmis vatnsföll, Norðurá, Litlaá og Sandalsá þar þekktastar. Eins og áður segir er mikið skóglendi og önnur gróðurþekja en jafnframt er sandur, melar og opnar klappir víða. Við göngu um jörðina kemur maður reglulega að kaldavermslum og öðru votlendi. Öfgarnar í landinu eru miklar; hæð fer allt frá 60 m.y.s. upp í nokkur hundruð metra; sandar, votlendi, kaldavermsl, gróðurþekja og skóglendi mætast víða. Jarðfræðin er</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.4.</p>

	<p><i>mjög spennandi. Landslagið er hefðbundnar farleiðir eftir jökla, dalir neðst í hæð yfir sjávarmæli, en jökulsorfnar klappir og ruðningar ofar í landinu. Gil og hamrar rjúfa hlíðarnar með fossum og stórum lækjum. Í Selgili og í Litluá má sjá líparítsinnskot frá kviku úr eldgosi Baulu, þar sem botninn verður allt í einu gylltur í annars svörtu berginu. Frá því ég man eftir mér hafa einnig fræðimenn heimsótt landið í leit að gulli. Vegna fjölbreytileika í landslaginu er að finna margar tegundir fugla; þar hrafna verpir þarna á hverju ári; fálki átti varpstað til fjölda ára á stað sem heitir Ból en eftir að rjúpu fækkaði mikið hefur sést sjaldnar til hans; spörfuglar (skógarpröstur, auðnutittlingur, snjótittlingur, starri, maríuerla, músarrindill og steindepill); vaðfuglar (heiðlóa, hrossagaukur, jaðraka, óðinshani, sandlóa, spói, stelkur og tjaldur); fjöldi andategunda; rjúpa; ránfuglar eins og smyrill, ugla, fálki, og örninn úr Breiðafirðinum flýgur eftir þeirri línu, þar sem gert er ráð fyrir vindmyllum, í sínu skoðunarflugi og fá sér lax í Norðurá á haustin. Dýralíf annað en fugla er fjölbreytt. Í ám og lækjum eru lax, silungur, hornsíli, smásíli og ýmis vatnadýr. Refur og minkur virðast ekki þrífast þar samtímis, en alltaf er annar hvor þeirra á staðnum. Sauðfé hefur verið á beit á sumrin um alla jörðina. Við votlendið eru ýmis smærri lífverur eins og bobbar og fjöldi skordýrategunda. Plönturíkið á jörðinni er fjölbreytt eftir landslagi, villtur birkiskógur með hefðbundnum skógarbotni, víðir, fjalldrapi, reynir, lyng og mosi, gróðurþekja af grösum, votlendisgróður, mólendi, og smágerðar blómategundir. Þessi villti birkiskógur er samkvæmt mælingum Skógræktar ríkisins um 370 ha af 2m háum (2m og yfir allt að 6m) villtum birkiskógi og einhverjir tugir ha af villtu birkikjarri undir 2m. Á Svínagilsöxl hefur fundist jöklasóley og annar hálendisgróður. Á Íslandi er kappsmál í að koma upp skógum og endurheimta votlendi. Í Múla og víða um jörðina Hvamm er náttúrulegur skógur og votlendi hefur ekki verið framræst. Það ætti að leggja sérstaka áherslu á að varðveita þessi fyrirbæri vegna loftslagsmála.“</i></p>	
34.4	„Veðurfar	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.5.

	<p>Veðurfar á fyrirhuguðu svæði á Múla er mjög óstöðugt. Landið er í um 300m hæð milli hárra fjalla og djúpir dalir og gil gera loftið mjög óstöðugt og mikill munur á hvaða vindátt er. Getur verið mjög stormasamt og misvinda þótt þokkalegt veður sé niður í dalnum. Hef sjálfur verið þarna oft í misjöfnum veðrum og oft er ekki stætt þarna uppi á Múla.“</p>	
34.5	<p>„Aðalskipulag og skipulagsreglugerð Samkvæmt skipulagsreglugerð eiga svæði fyrir vindmyllur að þessari stærðargráðu vera skilgreind í aðalskipulagi sem iðnaðarsvæði. f. Iðnaðarsvæði (I). Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Það er eitthvað mjög rangt við það að fara skilgreina það svæði sem ég lýsti hér að ofan á þennan hátt. Það er rangt við það að skilgreina svæði með landnámskógi og fjölbreyttu vistkerfi á þennan hátt.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.6.
34.6	<p>„Uppsetning og undirbúningur vindmylla Til þess að svona framkvæmd verði að veruleika þarf að leggja vegi, gera mikið jarðrask, jafnvel námur á staðnum, grafa og sprengja á djúpt ofan í landið, flytja mikið byggingarefni. Ekki er gerð grein fyrir því hvað verður gert við þann jarðveg sem upp kemur af framkvæmdinni né hvernig og hve miklu byggingarefni verður komið á staðinn. Þetta jarðrask yrði mjög erfitt að græða upp og tæki langan tíma vegna hæðar og veðurfars. Það er sorglegt að virt stofa eins og Efla fullyrðir að þetta sé allt endurheimtanlegt í umhverfinu þegar það er það ekki. Einnig að Efla skyldi ekki leita til staðkunnugra manna.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.7.

<p>34.7</p>	<p>„Samantekt úr kafla</p> <p><i>Hér er um stórkostleg náttúruspjöll að ræða á marga vegu, landslagi, vistkerfi, jarðvegi, skóglendi, votlendi og líffræðilegan fjölbreytileika. Víða um landið er verið að keppast við að gróðursetja og búa til skóga. Hér er um náttúrulegan landnámskóg að ræða og í honum felast mikil náttúruleg verðmæti sem jafnframt binda mikið magn koltvísýrings. Í loftslagsmálum skipta votlendi líka miklu máli, þar sem þau binda margs konar og mikið magn gróðurhúsalofttegunda. Þar sem þetta er allt að finna í Múla og víðar á jörðinni Hvammi, þá hefur fyrirhugað vindorkuver alvarleg og gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif, bæði staðbundin og hnattræn.“</i></p>	<p>Vísað er til svara við athugasemdum í liðum 34.3 til 34.6.</p>
<p>34.8</p>	<p><i>Neikvæð umhverfisáhrif</i></p> <p><i>Náttúruupplifun</i></p> <p><i>Foreldrar mínir, sömuleiðis amma mín og afi sem bjuggu einnig í Hvammi, kenndu mér að lifa með náttúrunni, njóta hennar, og nýta með virðingu. Á jörðinni Hvammi eru margir dásamlegir staðir þar sem hægt er að upplifa náttúruna mjög sterkt. Upplifun á náttúru er ekki bara um hið sjónræna, heldur skiptir lykt, hljóð, snerting og önnur skynjun miklu máli og nefna ber. Auk þess er hægt að upplifa minningar, sögu og frásagnir í náttúrunni. Sálfræðileg endurheimt er meiri og hraðari í náttúru en annars staðar. Hér vísa ég í skrif umhverfissálfræðingsins Páls Lindal. Náttúran í Hvammi gefur ofboðslega mikið á mjög fjölbreyttan hátt. Það eru margir staðir sem hægt er að setjast niður í mjúkan gróður í skjóli dældar, hlusta á vind, einnig kyrrð, fugla, rollur, tófuna, vatnsnið, hljóðin í skóginum, finna lykt árstíðarinnar, snerta lyng og mosa, bragða á jurtum og berjum, fá sér vatnssopa úr læknum, horfa á þúfu sem mús hefur grafið út og litla dæld þar sem refafjölskylda bjó fyrir nokkrum árum. Forvitinn örninn flýgur yfir til að kanna þessar mannaferðir. Minningar um gönguferðir með fjölskyldumeðlimum og vinum spretta upp og frásagnir að það sé bannað að fara tilteknar leiðir vegna þess að fálkinn liggur á hreiðri. Hugsanir um náttúruöflin sem hafa verið að verki þegar tilteknir</i></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.9.</p>

	<i>klettar hafa brotnað eða gil opnast. Svona náttúruupplifanir eru forréttindi. Þetta er það sem ferðamannaíðnaðurinn markaðssetur til erlendra aðila sem upplifun íslenskrar náttúru. Þetta er íslensk náttúra sem almenningur þarf á að halda.</i>	
34.9	<i>„Sjónmengun 200 metra há mannvirki eru mjög framandi í þessu umhverfi. Til að setja þessa stærð í samhengi við eitthvað sem við þekkjum og skiljum, þá er Hallgrímskirkjuturn 74,5 metrar á hæð. Þetta samsvarar í hæðina 2,7 Hallgrímskirkjuturnum ofan á hver öðrum. Mælikvarðinn er ekki í samræmi við þá byggð sem er þarna er fyrir né í samræmi við þá náttúru sem þarna er. Það verður seint hægt að sannfæra mig um að þessi mannvirki verði sett upp til að fegra umhverfið. Þau verða lýti á umhverfinu, samfélaginu, náttúrunni og kennileitum.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.10.
34.10	<i>„Hljóðvist Hljóðvist af vindmyllum er nokkur. Jafnvel þótt heyrnlegur hávaði fari ekki yfir viðmiðunarmörk getur verið óþægilegur hvinur frá þeim. Vindmyllur mynda einnig lágtíðnihljóð og það er heilsufarslega hættulegt og getur jafnvel valdið heyrnarskaða.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.7.
34.11	<i>„Plastmengun Ég hef verulegar áhyggjur af mengun vegna veðrunar mannvirkjana. Eitt mikilvægasta byggingarefni vindmylluspaða er plast. Ég hef miklar áhyggjur af plastmengun í náttúrunni vegna þessa, bæði stærri plasthlutir sem brotna úr spöðunum en einnig mengun vegna örtrefja sem færi í náttúruna og líffræðilegan fjölbreytileika þarna.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.10.
34.12	<i>„Líftími og urðun Ekki er gerð grein fyrir raunverulegum líftíma vindorkuversins, hvernig gert er ráð fyrir viðgerðum eða hvað gerist þegar vindmylla verður ónýtt. Í janúar síðastliðnum þurfti 6 tilraunir til þess að sprengja niður vindmyllu í Þykkvabæ. Þetta átti allt að vera svo auðvelt en þegar á reyndi þurfti Landhelgisgæslan að taka þetta niður. Í skýrslunni kemur</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.14.

	<i>fram að það eigi að flytja ónýta spaða til Danmerkur til endurvinnslu. Hver mun sjá um það? Verður það gert?“</i>	
34.13	<p><i>„Loftslagsáhrif</i></p> <p><i>Framkvæmdin gerir ráð fyrir að þurrka upp og ræsa fram töluverðu af votlendi. Fullyrt er að skógurinn verði ekki snertur en framkvæmdin mun samt hafa mikil áhrif á gróðurþekju og jarðveg. Núverandi landslag, jarðvegur og gróður í Múla bindur mikið magn gróðurhúsalofttegunda. Hver er kostnaður við það að eyðileggja það? Hvert er kolefnissporið sem bundið er í núverandi ástandi. Það er mikilvægt að skoða þá eyðileggingu í útreikningum að kolefnisspori framkvæmdarinnar.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.15.
34.14	<p><i>„Neikvæð áhrif á samfélagið</i></p> <p><i>„Not in my backyard“ er frasi sem notaður er oft um eitthvað sem enginn vill hafa nálægt sér. Vindorkuver í Múla er sett í forgarð byggðarinnar í Norðurárdal, forgarð kennileita, þekktara ferðamannastaða og náttúruperla, forgarð samfélagsins, forgarð við þjóðveginn, forgarð almennings.</i></p> <p><i>Með uppbyggingu vindorkuvers í Múla er verið að setja framandi og óþægileg mannvirki sem eru ekki í neinu samhengi við núverandi umhverfi. Íbúar og eigendur sumarbústaða sem eru allt í einu þvinguð til að fá í nærumhverfi sitt. Heimili og nærumhverfi þeirra er eyðilagt. Slíkur gjörningur er mikil ógn fyrir sálarlíf og íbúana sjálfa.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.16.
34.15	<i>„Það hefur sýnt sig í Evrópu að fasteignir í nágrenni við vindorkuver hafa lækkað í verði. Hvernig verður komið til móts við þá eignaskerðingu sem landeigendur, íbúar og sumarbústaðaeigendur verða fyrir við framkvæmdina?“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8. Error! Reference source not found.
34.16	<p><i>„Sýnt hefur verið fram á neikvæð áhrif á heilsu og líðan íbúa í nágrenni við vindorkuver eins og að framan getur.</i></p> <p><i>Rétt eins og með heilsu og líðan íbúa eru ritrýnd gögn sem sýna fram á neikvæða heilsu og líðan dýra, hvort sem þau eru villt eða búpeningur.</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.18.

	<p>Villtu dýrin forða sér af svæðinu en búpeningurinn verða stressuð. Mikið stress í búpening hefur áhrif á afurðir og framleiðslu. Vindorkuver eru frábær leið til þess að drepa útivistarsvæði og ferðamennsku. Í Helsta atvinnustarfsemi í Borgarbyggð er landbúnaður, ferðamennska og menntastofnanir. Í ljósi neikvæðra áhrifa á landbúnað og ferðamennsku verður að segjast að vindorkuver hefur neikvæð áhrif á ríkjandi atvinnustarfsemi í Borgarbyggð.“</p>	
34.17	<p>„Fugladauði Staðreynd er að vindmyllur drepa fugla. Fuglar geta flogið á snúningsblöðin. Ránfuglar eru sérstaklega í útrýmingarhættu. Þeir horfa mikið niður þegar þeir veiða og sjá því oft ekki snúningsblöðin.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.6.
34.18	<p>„Einkahagsmunir og almenningshagsmunir Eigendur Hvamms koma hugsanlega til með að hagnast á uppbyggingunni. Einkahagsmunir þeirra eru settir í forgang annarra einkaaðila og samfélagsins. ·Með uppbyggingunni er dregið úr verðgildi fasteigna í héraðinu, bæði jarða og sumarhúsa ·Uppbygging ferðamennsku er fótum troðin með gjaldfellingu víðernis, lýti í landslaginu og áreitni í náttúruupplifun. ·Norðurá hefur verið vinsæl náttúrparadís og laxveiðia í fleiri áratugi. Hætta er á að vinsældir hennar minnki við uppbygginguna. ·Verði tillagan samþykkt gætu margir átt bótarétt á sveitarfélagið vegna rýrnunar á verðgildis eigna þeirra.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.20.
34.19	<p>„Samantekt Hver mun eiga og reka vindmyllurnar? Hver borgar urðun og viðhald? Ef gerð væri svo kölluð kostnaðargreining og verðmætamat af núgildandi náttúru, hvaða verðmætum er verið að kasta á glæ? Hver situr uppi með kostnað af skemmdum?“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.21.
34.20	<p>„Framsetning og kynning á efninu.</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.22.

	<p><i>Það er frekar óþægileg tilfinning að lesa skýrslu um umhverfisáhrif framkvæmdar frá sama fyrirtæki og er að hanna og sjá um skipulagsmál fyrir framkvæmdina. Það er ekki sannfærandi fagmennska og vekur upp tortryggni. Einnig voru efnistöð og kynningargögn óvönduð. Efnistökin eru eingöngu uppsetning vindorkuversins. Ekki er fjallað um umhverfisáhrif af framkvæmdunum og uppbyggingunni sjálfri, hvað verður um jarðveg, hvernig verður komið með byggingarefni, verður gerð náma uppi á Múla, hvað verður um úrgang, verða settar upp verkamannabúðir.</i></p> <p><i>Óhjákvæmilegur hluti orkuvers er flutningur á orkunni, bæði frá vindmyllunum sjálfum og svo til kaupanda. Engir innviðir sem vindorkuverið þarf voru kynntir, engin vegalagning, enginn flutningur á orku né tengivirki. Það er því mjög villandi að kynna eingöngu hluta af uppbyggingunni.“</i></p>	
34.21	<p><i>„Haldinn var kynningarfundur í gengum netið um framkvæmdina sem hluti af samráði. Framsetningin var villandi, það var talað niður til fólks, og sumar fullyrðingar voru hrein og klár uppspuni.</i></p> <p><i>·Sýndar var samanburður í „fyrir og eftir“ myndum. Val á sjónarhornum virtist hafa ráðist af vanþekkingu á svæðinu eða ásetningi um að villa um fyrir umfang og sýnileika. Til að mynda var ekki tekið sjónarhorn frá neinu lögbýli eða sumarbústað. Upplifun af slíku er að það fólk sem notar svæðið mest skipti engu máli í þessu samhengi og hvort sem um er að ræða álit þessara manneskja eða áhrif vindorkuvers á þær og eignir þeirra.</i></p> <p><i>·Myndir sem sýndu þar sem vindmyllurnar voru komnar inn voru annað hvort gerðar af lélegri photoshop kunnáttu eða ásetningi um villandi framsetningu. Teknar voru ljósmyndir í fallegu veðri frá einkennilegum sjónarhornum og settar inn á þær hvítar vindmyllur í háglans í allt annarri en íslenskri birtu. Hvítu vindmyllurnar voru í sólarljósi og náttúrulegri birtu sem einkennir birtu í mið- og suður Evrópu. Þær voru felldar inn í fallegu myndirnar og féllu vel inn og földu sig í skýjahnoðrum. Það var enginn skuggi af þeim né á þeim.</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.24.

	<p>Vindmyllur geta verið gráar og svartar. Víða hefur slíkt verið gert til að þær séu sýnilegri fyrir fugla. Það hefur reyndar ekki verið sýnt fram á að litur vindmylla dragi úr fugladauða í nágrenni þeirra.</p> <p>Starfsmenn Eflu og Friðjón frá Qair héldu fram að leitað hafði verið til fólks sem væri kunnugt staðháttum. Þetta vakti undrun okkar sem höfum alist upp í Hvammi og vöktum við athygli á því. Svörin voru að „það ætti eftir að gera það“ en eins og þetta var fyrst lagt upp með var sagt að það hafði verið gert. Við fjölskyldan frá Hvammi höfum aðeins kannað hvort einhverjir sem við þekkjum og eru vel kunnugir staðarháttum hafi veitt álit sitt. Allir sem við spurðum svöruðu neitandi.“</p>	
34.22	<p>„Einn fundargestur hafði áhyggjur af mengun vegna örplasts vegna vindorkuversins. Starfsmenn Eflu snéru út úr því með því að segja að aðal mengunarvaldur vegna örplasts væri úr fatnaði og hefði mest áhrif í sjónum. Þess háttar dónaskapur og hroki er ekki ásættanlegur í svona samhengi. Svar við spurningu vegna mengunar örplasts á svæðið kom ekki.</p> <p>Efla sýnir hvorki íbúum og öðrum landeigendum virðingu eða samkennd. Vinnubrögð og framsetning efnis eru ekki traustvekjandi.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.
34.23	<p>„Sveitarfélagið Borgarbyggð</p> <p>Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur sýnt sorglega hlið á sér gagnvart uppbyggingu orkuframleiðslu í héraðinu. Á heimasíðu Borgarbyggðar er farið fögrum orðum um atvinnulíf og mannlíf í héraðinu, mikla menningu, langa og merkilega sögu og svo háskólasvæðin. Þar segir „Í Borgarbyggð er öflugt atvinnulíf, blómlegur landbúnaður, víðtæk þjónusta og verslun ásamt fjölbættri þjónustu ríkis- og sveitarfélags á sviði heilsugæslu, félagsþjónustu og uppeldismála. Í sveitarfélaginu eru leikskólar, grunnskólar, tónlistarskóli, menntaskóli og tveir háskólar. Hér þrífst fjölbreytt íþróttta-, menningar- og tómstundastarfsemi og ríkur félagsauður sem kemur fram í framboði og þátttöku íbúa í öfluggu lista-, menningar-, íþrótttaog samfélagsstarfi af öllu mögulegu tagi.“ Síðan segir „Fjöldi ferðamanna leggur leið sína</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.33.

til Borgarbyggðar til að nýta sér fjölbreytta afþreyingu og þjónustu. Þekktu sögustaði er að finna í Borgarbyggð og sagnahefðinni er víða gert hátt undir höfði [...] Borgarbyggð býr jafnframt yfir einstakri náttúruvegurð og mikilli fjölbreytni í landslagi. [...] Margar þekktar laxveiðiár eru í Borgarbyggð, s.s. Haffjarðará, Hítará, Langá, Norðurá, Þverá, Hvítá og Grímsá. Einnig kjósa margir að eiga sér frístundaheimili í Borgarbyggð og víða hefur byggst upp mikil frístundahúsabyggð.“

Hvergi er minnst á orkuvinnslu. Að heimila vindorkuver án þess að setja orkustefnu sem fer saman við atvinnustefnu og stefnu um náttúruminjar og náttúruvernd er óábyrgt. Hvort ætlar sveitarfélagið að vera landbúnaðarhérað með blómlegar sveitir sem býður heimamenn, ferðamenn, stúdenta og útivistarfólk velkomið eða að vera virkjanahérað? Þetta fer ekki saman. Það er mikilvægt að sveitarstjórnin ákveði sig og setji sér stefnu í þessum málum.

Er sveitarfélagið að taka upp orkuframléiðslu með því að heimila þessa framkvæmd? Því eru gerðar eftirfarandi spurningar:

·Hefur verið gerð forvinna þar sem héraðið allt var skoðað og fundið út að þetta væri besti staðurinn fyrir vindmyllur? Ef svo er, hvaða staðir voru skoðaðir?

Í hvað verður fyrirhuguð orka notuð? Til einkanota eða almennings?

·Hver er ávinningur samfélagsins af þessari orkuframléiðslu?

·Hver er ávinningur samfélagsins af heildarframkvæmdinni?

Er ekki gengið alvarlega á hagsmuni samfélags Borgarbyggðar og komandi kynslóða fyrir einkaframkvæmd og einkahagsmuni tveggja jarðareiganda?

Kynnt tillaga hefur fordæmisgildi. Er vilji Borgarbyggðar að fleiri vindmyllur rísi?

Opinbera stefna sveitarfélagsins í orkumálum ætti að vera undanfari svona uppbyggingar til að tryggja að ákvarðanir séu teknar á lýðræðislegum, stjórnsýslulegum og faglegum grunni.


·Hvers virði er náttúruupplifun af náttuperlum Borgarbyggðar, t.d. Baulu, Grábók, Glanna, Paradíslautar, Grábrókarhrauns og Hreðavatns?

Stefnumótun Borgarbyggðar í orkuframleiðslu

Fullyrðing kjörins fulltrúa í sveitarstjórn fordæmisgildi Á kynningarfundum um verkefnið sem haldinn var í upphafi auglýsingarferlis tjáði Guðveig Anna Eyglóardóttir, kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn fyrir Framsóknarflokkinn, um uppbyggingu vindorkuvers í Múla. Hún bæði tók til máls en einnig skrifaði hún inn á fjarfundinn. Sem fulltrúi í bygginga- og skipulagsnefndar Borgarbyggðar vil ég koma því á framfæri að bæði nefndin og sveitarstjórn telja almennt ekki forsvaranlegt að meina fyrirtækjum eða einstaklingum sem sýna atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu áhuga að gera rannsóknir, og eða kanna möguleika til uppbyggingu og framkvæmda. Ávinningur á rannsóknnum eins og þeim sem hér eru kynntar t.a.m. gætu verið gagnlegar fyrir sveitarfélagið. Ljóst er að í núgildandi aðalskipulagi er ekkert kveðið á um vindorku og því mikilvægt að í yfirstandandi vinnu við aðalskipulag sé mótuð stefna um vindorku innan sveitarfélagsins og þá hvort og hvaða svæði gætu verið hentug til framtíðar. Á þeim grunni mun samþykki til framkvæmdaleyfis byggja. Þá er rétt að nefna að sérstök áhersla verður lögð á íbúasamráð í vinnu við aðalskipulag. Takk fyrir gagnlegan fund og góðar umræður. Það er margt athyglisvert í þessum skrifum Guðveigar. Þar fagnar hún einstaklingsframtakinu og segir þær gagnlegar fyrir sveitarfélagið. Það sem er lýðræðislegt og góð stjórnsýsla er að fá óháðan aðila til að gera slíka rannsókn fyrir sveitarfélagið með almannahagsmunum í huga. Með því að fagna einstaklingsframtakinu á þann hátt sem Guðveig gerir er búið að opna dyrnar fyrir að einkahagsmunir eiganda einnar jarðar séu mikilvægari en almennir hagsmunir íbúa og jarðeigenda í kringum „einstaklingsframtakið“. Hvað íbúasamráð varðar, þá er ekki ár síðan að lýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar, vegna vindorkuvers á Grjóthálsi, var mótmælt harðlega af sama fólki og eru að fá þessa kynningu. Gerði Guðveig sér ekki grein fyrir þeim

	<i>mótmælum að þetta fólk vill ekki vindorkuver í forgarðinn hjá sér? Það er ekki beint traustvekjandi sveitarstjórnarfulltrúi sem ekki skilur slíkt.“</i>	
34.24	<p>„Besti staðurinn?</p> <p>Á áðurnefndum kynningarfundum tók fulltrúi Qair til máls. Hann sagði m.a. söguna um hvernig staður fyrir vindorkuverið var fundinn. Sagan var á þessa leið.</p> <p>·Fyrirtækið Qair leigði húsnæði af landeigendum Hvamms. Í góðum kaffitíma kom upp sú hugmynd að gera vindorkuver á jörðinni. The End</p> <p>Engar rannsóknir liggja að baki því að finna hentugan stað fyrir vindorkuver. Tilviljun réði því að farið var af stað í þessa vinnu. Þetta hljómar eins og saga um reykfyllt bakherbergi feðraveldisins á 20. öld.</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.34.
34.25	<p>„Lokaorð</p> <p>Að þessu sögðu geri ég alvarlegar athugasemdir við veruleg neikvæð grenndaráhrif vindorkuversins. Þau koma fram í náttúruspjöllum, eyðileggingu á verðmætum, vanlíðan og hagsmunum íbúa, árekstra við aðal atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, árekstur við stefnu í loftslagsmálum um skógrækt og endurheimt votlendis, áherslu á einkahagsmuni landeiganda einnar jarðar. Kallað er eftir vandaðri stjórnarsýslu með lýðræðislegum og sjálfbærum áherslum.</p> <p>Um svona framkvæmdir er oft sagt að það vilji þær enginn í bakgarðinum hjá sér. Þessi framkvæmd er í forgarði sveitarinnar, samfélagsins, náttúrunnar, almennings og komandi kynslóðum.</p> <p>Ég vil að lokum minna á að Einar Ben ætlaði að virkja Gullfoss fyrir u.þ.b. einni öld. Landslagið og náttúran í Borgarbyggð er ekkert minna merkileg eða fögur en Gullfoss eða Þingvellir eða önnur náttúra sem við hyllum og setjum á stall. Skógurinn í Múla, Baula og umhverfi ættu að vera á náttúruminjaskrá.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.35.
35	Logi Vilberg Gunnarsson og Sigríður Bjarnadóttir	

<p>35.1</p>	<p>„Við Logi Viberg Gunnarsson og Sigríður Bjarnadóttir, eigendur að Birkihlíð, mótmælum harðlega fyrirhugaðri uppbyggingu á vindorkugarði á jörð Hvamms í Norðurárdal, kenndan við Múla.</p> <p>Líkt og að framan er tekið fram erum við eigendur að frístundahúsi í Birkilundi við Grjóthálsveg, þar höfum við verið í uppbyggingu síðustu ár við gerð heilsárshúss til afnota fyrir stórfjölskylduna, okkar eigið afdrep út fyrir borgarmörkin. Staðsetning þessi varð fyrir valinu meðal annars vegna þeirrar einstöku náttúru sem svæðið hefur uppá að bjóða. Á svæðinu er gullfallett fjallendi, skógar og ár. Margar skemmtilegar gönguleiðir eru frá bústaðnum og brjóta hamrar upp hlíðarnar með fossum og stjórum lækjum. Mikið og fjölbreytt dýralíf er á svæðinu, í fuglaskoðunarferðum má finna hina ýmsu sporfugla, vaðfugla, andategundir. Þar má sjá hrafn, fálka, smyril, uglu og sést hefur til arnar úr breiðfirði fljúga yfir svæðið. Í ám og lækjum má finna silung og ýmis síli. Á svæðinu er minkur og yfir sumartímann er sauðfé á beit um alla jörðina. Plönturíkið er sömuleiðis fjölbreytt, birkiskógar, berjalyng, mosi, gróðurþekja af grösum, votlendisgróður, mólendi og smágerðar blómategundir svo eitthvað sé nú nefnt.</p> <p>Verði af áformum um að gerð á vindmyllugarði verði framkvæmd stórkostleg og óafturkræf náttúruspjöll á landslagi, vistkerfi, jarðvegi, skóglendi, votlendi og líffræðilegum fjölbreytileika. Yfirlýst stefna Íslands í loftlagsmálum er að byggja aftur upp votlendi og er víða um land verið að keppast við að gróðursetja og búa til skóga. Hér stendur til að eyðileggja votlendi sem sér um að binda mikið magn af margskonar gróðurhúsalofttegundum og höggva niður landnámsskóg sem í felast mikil náttúruleg vermæti sem jafnframt binda mikið magn koltvísýrings. Vindmyllur hafa neikvæð áhrif á fuglalíf og eru þær sérlega skaðlegar ránfuglum og er það ekki eitthvað sem má við hér á landi en ránfuglastofnarnir hafa minnkað hratt síðustu árin. Enginn vafi er til staðar um að jörðin okkar og bústaður verði verðlaus ef</p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.</p>
-------------	---	--

	<p><i>haldið er áfram með þessar áætlanir. Þá langar okkur að hvetja alla til að horfa heimildamynd Tucker Carlson, sem unnin var í samstarfi við FoxNation, Blown away, the people vs wind power. En í henni má sjá brot af þeirri eyðileggingu sem vindmyllugarðar í Bandaríkjunum hafa haft á íbúana. Sú mynd sýnir hver raunveruleg áhrif eru og í landi sem býr yfir tækifærum á öðrum raforkugjöfum, svo sem vatni og jarðhita verður að leita á þau mið í stað þess að taka upp mun síðri raforkukost.</i></p> <p><i>Við óskum eftir því að mótmæli okkar við fyrirhuguðum framkvæmdum vera skráð og vonumst við að fallið verði frá áformum þessum.“</i></p>	
<p>36</p>	<p>Sigrún Ása Sturludóttir</p>	
<p>36.1</p>	<p><i>„Ég undirrituð mótmæli harðlega þeim hugmyndum að reysa vindmyllugarðinn Múla í námunda við Baulu í Norðurárdal.</i></p> <p><i>Ég bý á Laxfossi í Stafholtstungum og hef ég friðað jörðina frá beit og stunda yndisskógrækt þar. Ég er einnig eigandi jarðarinnar Einifells þar sem stunduð er nytjaskógrækt.</i></p>  <p><i>Þessi mynd er tekin af útskoti við heimkeyrsluna að Laxfossbænum. Þar stoppa iðulega ferðamenn á leið upp dalinn til þess að mynda hið fallega útsýni með Baulu sem drottingu dalsins í fjarska.</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast við mat á landslagi og ásýnd.</p>



Óttast ég að upplifun heimamanna, ferðamanna og veiðimanna við Norðurá myndi ekki vera ánægjuleg ef útsýnið að Baulu líkist þessum vindmyllugarði á Tenerife.

Vil ég taka undir með orðum þeim sem Kristín Helga Gunnarsdóttir birti í Skessuhorni:

Það er skýlaus krafa að fallið verði frá áformum um að Norðurárdalur verði iðnaðarsvæði fyrir orkuver. Stefnumótun og áætlanir um stórtækar breytingar á landssvæðum undir virkjanir verða að fara fram hjá löggjafanum með fulltyngi orkufyrirtækja í almannaeigu en ekki heima í héröðum við eldhúsborð mis þrekmikilla einstaklinga á móti auðkýfingum og einkafyrirtækjum úti í heimi.“



37 Jóhann Þór Halldórsson og Birgir Þór Jóhannsson, f.h. eigenda af Túnprýði í landi Skarðshamra í Borgarbyggð

37.1 *„Athugasemdir við áformaðan vindorku „garð“ á Hvammsmúla í Norðurárdal.*
Undirritaðir f.h eigenda Túnprýðis (fast nr 134820/210-9317) mótmæla því harðlega að reist verði vindorkuver í landi Hvamms, nánartiltekið á Hvammsmúla.

Matsáætlun sú sem hér er til umræðu er verkáætlun hinnar eiginlegu matsvinnu sem umhverfismatið mun byggja á. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsókna í umhverfismatsskýrslu.

	<p><i>Túnprýði er orlofshús, í landi Skarðshamra og er ákveðinn sælureitur eiganda sem eiga rætur sínar að rekja til svæðisins njóta þess að komast í sveit með óspilltri náttúru.</i></p> <p><i>Við lýsum yfir furðu okkar að ekki sé betur staðið að gerð faglegar að rannsóknar sem unnin hefur verið að Eflu verkfræðistofu. Efla er augljóslega ekki óháður aðili og hefur hagsmuna að gæta fyrir kaupanda sinn. Á kynningarfundum sem haldinn var á vegum Qair og Eflu var farið yfir fyrirhugaða framkvæmd eða stiklað þar á milli allra stærstu steina.“</i></p>	
37.2	<p>„</p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>Má þar nefna fuglarannsóknir (Starfmaður Eflu talaði um að fuglafræðingur hefði ekki haft neitt að gera, mjög faglegt?). Einn af eigendum Túnprýðis er skotveiðimaður og hefur stundað veiðar inn í Sandalstungum í all nokkur ár og þar er komin sönnun fyrir miklu rjúpnasvæði. Skotveiðimaður myndi ekki nenna ár frá ári ef engin fugl væri á svæðinu. Má nefna að á svæðinu sést meðal annars Haförn, Hrafn, Endur, Gæsir ásamt mófuglum á þessu stutta rjúpnaveiðitímabili. Spurning hvort ekki þurfi nýjan fuglafræðing?“</i> 	<p>Framkvæmdaraðili þakkar gagnlegar upplýsingar sem munu nýtast við rannsóknir á fuglalífi. Rannsóknir á flugalífi munu fara fram yfir tveggja ára tímabil og ná yfir varptíma og fartíma að vori og hausti, skv. ráðleggingum Náttúrufræðistofnunar Íslands.</p>
37.3	<p>„</p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>Í skýrslu og kynningu var hvergi komið fram á örplast og trefjaplasmengun af vindmyllum sem samkvæmt norskum rannsóknnum segir að 65kg af trefjaplasi losni af spöðum miðað við vindmyllur af þessari stærðargráðu. Vötn og ár ???“</i> 	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.</p>
37.4	<p>„</p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>Þar sem vindmyllugarður er fyrirhugaður nærri sumarbústaðabyggð, landareigna og þjóðvegi Íslands ætti að krefjast mjög ítarlegrar rannsóknar á afísingu. Vindmyllur á þessum stað þar sem skafrenningur og frost geti myndað</i> 	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 9.1.</p>

	<i>mikla ísingar sem geta kastast fleiri tugi ef ekki hundruði metra og gæti því verið all nokkur slyshætta.“</i>	
37.5	<i>„Vegna stærðar og staðsetningar fyrirhugaðs vindmyllugarðs verður ekki hjá því komist að sjónmengum af vindmyllunum verði mikil, enda hæðin og umfang á við 3 Hallgrímskirkjuturna (sem er aðeins 74,5 m á hæð).“ Það sem virðist hafa gleymst í þessari skýrslu er að vegir, jarðrask, línur og tengivirki verða sýnilegar og er ekkert komið inn á það.“</i>	Í umhverfismatskýrslu verða áhrif á landslag og ásýnd metin og þar tekið tillit til vega og jarðrask, auk nauðsynlegra mannvirkja.
37.6	<i>„Við lýsum furðu okkar á fyrirhugaðri staðsetningu og mótmælum henni harðlega þar sem fjallið Baulan er eitt að af stærri kennileitum Borgarfjarðar, og mun það breyta núverandi ásýnd verulega. Einnig lýsum við furðu á að ekki sé þegar til skipulag og skilgreiningar opinberra aðila á / eða vegna slíkra verkefna. Vegna þessa verkefnis viljum við áskilja okkur allan mögulegan rétt okkar verði af umræddum framkvæmdum.“</i>	Athugasemd krefst ekki viðbragða.
38	Guðrún Sigurjónsdóttir, Eiður Ólason og Sigurjón Valdimarsson	
38.1	<i>„Við gerum athugasemd við hljóðmengun frá vindmyllum sem mun berast allann sólarhringinn er verst lætur og trufla þann frið sem hefur verið hér um aldir. Þar sem engar eða litlar rannsóknir hafa verið gerðar á hljóðmengun vindmylla af þessari stæðargráðu mótmælum við þessum framkvæmdum. Hljóðmengun mun hafa neikvæð áhrif á íbúa sveitarinnar svo og gesti sem dvelja t.d. í sumarhúsabyggð hér í sveit.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 13.2.
38.2	<i>„Þar sem vindmyllur munu sjást frá veiðistöðum Norðurár munu þær trufla veiðimenn sem kjósa að upplifa sem mest ósnortna náttúru. Með hvin og skuggamyndun sem myndast frá spöðum vindmyllanna minnkar ánægjan. Líkur eru því á að ásókn veiðimanna í að stunda veiði í Norðurá minnki. Með þessu er líklegt að arðsemi Norðurár lækki og fasteignaverð samhliða því.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 30.20.

38.3	„LjósMengun verður alltaf þegar myrkur er vegna ljóss sem verður á spöðunum. Þetta kemur til með að sjást mjög víða að.“	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.9.
38.4	„Ekki liggur fyrir að það muni verða ávinningur af þessum framkvæmdum fyrir sveitarfélagið eða íbúana til lengri tíma lítið en mögulega verður aukin atvinna við uppbyggingu í stuttan tíma. Efnahagsleg áhrif eru því lítil, fyrirtækin erlend og koma væntanlega ekki til með að skila arði hér. Umhverfisspjöll verða mikil s.s. mengun af örplasti sem eyðist af spöðunum kemur til með að vera hér í lífríkinu og þau efni sem eru notuð til afísingar mylluspaðanna er langt frá því umhverfisvæn. Ísland á ekki að vera ruslakista, annars konar virkjanir eru mun umhverfisvænni.“	Varðandi ávinning af framkvæmdunum er vísað til svars við athugasemd í lið 23.5 og varðandi örplastmengun er vísað til svars við athugasemd í lið 16.11. Við val og hönnun á vindmyllum fyrir verkefnið verður tekið tillit til íslenskrar veðráttu og veðurfars á framkvæmdasvæðinu, þ.m.t. ísingar. Valdar verða vindmyllur sem henta íslenskum aðstæðum.
38.5	„Sannað er að vindmyllur hafa neikvæð áhrif á fuglalíf sem hér er mikið, allt frá spörfuglum upp í erni auk þess sem á þessu svæði eru mjög mikilvæg varp-og uppeldssvæði rjúpunnar.“	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.6.
38.6	„Líftími raforkuvindmyllna er stuttur, 20 til 30 ár. Eftir þann tíma hafa hafa fjárfestarnir lítinn áhuga á dótinu og stendur það þá ónotað uppi engum til gagns, en mörgum til ama eins og dæmin sanna. Eða myllurnar eru urðaðar á staðnum og það er ekki umhverfisvænt.“ Svona virkjanaáform varða alla landsmenn. Til þess að svona starfsemi verði samþykkt þarf að taka samtalið við íbúana og þjóðina. Við þurfum ekki annað umhverfisslys í boði erlends fjármagns (sjókvíaeldið). Viljum við vindmyllur við þjóðveg 1? Viljum við vindmyllur í byggð? Viljum við að arðurinn af svona framkvæmdum fari úr landi? Við segjum nei takk.“	Að rekstartíma loknum er gert ráð fyrir að vindorkugarðurinn verði annaðhvort endurnýjaður eða tekin niður. Í kafla 4.10 í matsáætlun er fjallað um niðurrif vindorkugarðsins að rekstartíma loknum. Nánar verður gerð grein fyrir niðurrifi í umhverfismatskýrslu.
39	Inga Rósa Sigurðardóttir og Margrét Björg Sigurðardóttir f.h. Kapals hf.	
39.1	„Vísáð er til fyrirbyggjandi matsáætlunar sem Qair Iceland ehf. hefur lagt fram til skipulagsstofnunar sbr. mál í kynningu á vefsíðu stofnunarinnar.“	Vísað er til svars við athugasemd í lið 11.1.

Undirritaðar eru í fyrirsvari fyrir Kapal hf., kt. 660100-2020, en félagið er eigandi jarðanna Brekkuprengsla (L-211004) Skarðshamra (L-134819), en jörðin Skarðshamrar liggur sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði umrædds vindorkugarðs.

Fyrirliggjandi matsáætlun felur í sér umfangsmikla breytingu á landnotum landareignarinnar Hvamms, þ.e. að nýtingu jarðarinnar verði breytt úr landbúnaðarnotum í iðnað. Umrætt svæði hefur að geyma margar af glæsilegustu náttúruperlum landsins. Þá hafa allmargar jarðir í Norðurárdal verið nýttar til sumarbústaðabygginga og ferðamennsku. Veiðiréttareigendur í Norðurárdal hafa umtalsverðar tekjur af sölu veiðiréttar í Norðurá, en áin hefur verið markaðssett bæði hérlendis og erlendis sem ein vinsælasta laxveiðiá landsins.

Að mati landeiganda ganga framangreindar fyrirætlanir, sem koma fram í matsáætluninni gegn sjónarmiðum og hagsmunum eigenda aðliggjandi jarða og hafa í raun mikil neikvæð áhrif á hagsmuni allra jarðareiganda í Norðurárdal og Þverárhlið. Fyrirhugaður vindorkugarður munu hafa mjög neikvæð sjónræn áhrif á ásýnd sveitarinnar, enda er stærð og staðsetning á þeim vindmyllum sem fyrirhugaðar eru með þeim hætti að þær verða sjáanlegar frá allflestum jörðum í Norðurárdal og munu blasa við öllum sem fara um dalinn og víðar. Eðli máls samkvæmt mun tilvist þeirra vera í æpandi mótsögn við þá ímynd sem Norðurárdalurinn og Norðurá hefur í dag, sem íslensk náttúruperla, enda hefur áin oft verið nefnd „drotting íslenskra laxveiðiáa“. Að mati landeiganda munu því þessar framkvæmdir, nái þær fram að ganga, verða til þess að rýra verðmæti landareigna í Norðurárdal og verða til þess að skerða mögulegar veiðitekjur af sölu veiðileyfa í Norðurá.

[...]

Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu rýra verðgildi fasteigna í Norðurárdal verulega, þ.m.t. jarðanna Brekkuprengsla og Skarðshamra, þar sem ósnortin náttúra verður ekki lengur það

	<p><i>aðdráttarafl sem hún er í dag og hefur verið um aldir. Þá munu fyrirhugaðar framkvæmdir skerða möguleika eiganda jarða í Norðurárdal til að nýta jarðirnar undir sumarbústaðabyggð og til ferðamennsku.</i></p> <p><i>Fyrir hönd eiganda Kapals hf. eru skv. framansögðu gerðar alvarlegar athugasemdir við framlagða matsáætlun og þær framkvæmdir sem verkefnið hefur í för með sér. Matsáætlunin felur í sér einhliða mat á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki og náttúru.</i></p> <p><i>Undirritaðar skora á Skipulagsstofun að leggja gegn framangreindum framkvæmdum sem koma fram í framangreindri matsáætlun, enda mun framkvæmdin hafa mjög neikvæð áhrif á náttúru og dýralíf á svæðinu og lífsgæði þeirra sem dveljast og búa á svæðinu.</i></p> <p><i>Áskilinn er allur réttur til að leggja fram frekari rökstuðning og mótmæli við framkvæmdinni á seinni stigum málsins.“</i></p>	
39.2	<p><i>„Landeigendur benda ennfremur á að vindmyllur, eins og þær sem fyrirhugað er að setja upp, hafa gríðarlega neikvæð áhrif á lífríki, t.d. fuglalíf. Mikið fuglalíf er í Norðurárdal og eru stórir stofnar af gæsum, öndum og álftum sem eiga jafnan aðsetur í dalnum. Er fyrirséð að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa mjög mikil neikvæð áhrif á það lífríki sem er að finna í dalnum. Bent er á að Norðurárdalur er þekkt búsvæði arna, en skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að raska búsvæði friðara dýra.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 2.6.
39.3	<p><i>„Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu rýra verðgildi fasteigna í Norðurárdal verulega, þ.m.t. jarðanna Brekkuprengsla og Skarðshamra, þar sem ósnortin náttúra verður ekki lengur það aðdráttarafl sem hún er í dag og hefur verið um aldir. Þá munu fyrirhugaðar framkvæmdir skerða möguleika eiganda jarða í Norðurárdal til að nýta jarðirnar undir sumarbústaðabyggð og til ferðamennsku.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.

39.4	<p>„Fyrir hönd eiganda Kapals hf. eru skv. framansögðu gerðar alvarlegar athugasemdir við framlagða matsáætlun og þær framkvæmdir sem verkefnið hefur í för með sér. Matsáætlunin felur í sér einhliða mat á áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki og náttúru.</p> <p>Undirritaðar skora á Skipulagsstofun að leggjast gegn framangreindum framkvæmdum sem koma fram í framangreindri matsáætlun, enda mun framkvæmdin hafa mjög neikvæð áhrif á náttúru og dýralíf á svæðinu og lífsgæði þeirra sem dveljast og búa á svæðinu.</p> <p>Áskilinn er allur réttur til að leggja fram frekari rökstuðning og mótmæli við framkvæmdinni á seinni stigum málsins.“</p>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.
40	Dagrún Hálfánardóttir, f.h. Lövenskjöld ehf.	
40.1	<p>„Ekki verður annað séð af framangreindri matsáætlun en að með byggingu vindorkugarðs í landi Hvamms með óhjákvæmilegri mengun og ónæði fyrir menn og dýr, sé verið að breyta friðsælli sveit og frístundabyggð í iðnaðarsvæði. Eigandi Sanddalstungu og Háreksstaða lýsir því eindreginni afstöðu gegn fyrirhuguðum áformum“</p>	Möguleg áhrif framkvæmdarinnar verða metin í umhverfismatskýrslu og verður matið byggt á fjölda rannsókna. Lagðar verða til viðeigandi mótvægisáðgerðir ef þörf þykir, þannig að hægt sé að koma í veg fyrir, draga úr eða bætt upp fyrir hugsanleg áhrif.
40.2	<p>„Efnisleg verðmæti</p> <p>Gerð er athugasemd við að í engu er vikið að mati á áhrifum framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti og bent á fyrirsjáanleg og veruleg áhrif framkvæmdarinnar á efnisleg verðmæti á aðliggjandi fasteignum, þ.m.t. veiðiréttinda í Norðurá.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.8.
40.3	<p>„Lífríki</p> <p>Í kafla 5.3 matsáætlunar er fjallað um lífríki. Athygli vekur að þar er hvorki vikið að lífríki í ám né að áhrifum örplasts mengunar af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar á lífríki og vistkerfi. Í þessu samhengi má benda á norskar rannsóknir¹⁰ og má búast við að örplast í tonnavís auk</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 16.11.

¹⁰ https://docs.wind-watch.org/Leading-Edge-erosion-and-pollution-from-wind-turbineblades_5_july_English.pdf

	<i>annarra eiturefna muni ár hvert þyrlast frá fyrirhuguðum vindorkugörðum og skolast niður í hliðarar Norðurár með tilheyrandi mengun og hættu fyrir lífríkið m.a. ungvíði laxfiska. Þá er í engu vikið að áhrifum slíkrar mengunar á heilsu manna eða húsdýra. Gerð er alvarleg athugasemd við þetta.“</i>	
40.4	<i>„Grenndarréttur Í matsáætluninni og nánar í ensku útgáfu um framkvæmdina sem aðgengileg er á vef Orkustofnunar¹¹ má sjá drög að staðsetningu vindmylla og er þar gert ráð fyrir að vindmyllum sé raðað mjög nærri landamerkjum að Sanddalstungu. Hljóð- og sjónmengun verður ljóslega yfirþyrmandi hvort sem er í Sanddalstungu eða á Háreksstöðum. Dregið er í efa, m.a. með vísan til grenndarréttar, að heimilt sé að ganga svo freklega á eignarrétt nágranna með tröllvöxnu iðnaðarsvæði sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi skipulagi. Verði skipulagi breytt og iðnaðarsvæði af þessu tagi heimilað má ljóst vera að sveitarfélagið verði einnig bótaskyld.“</i>	Varðandi hljóð- og sjónmengun er vísað til svars við athugasemd í lið 31.2. Að öðru leiti krefst athugasemdin ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.
40.5	<i>„Tenging við flutningskerfi Ekki er vikið nánar að þeim raforku- og tengivirkjum, sbr. kafla 4.5 í matsáætlun, sem ljóst er að framkvæmdin gerir ráð fyrir og eru órjúfanlegur hluti hennar. Þá verður ráðið af áætluninni að hún taki ekki til mats á umhverfisáhrifum tengingar við dreifikerfi. Gerð er athugasemd við þetta og bent á að meta verður umhverfisáhrif fyrirhugaðs vindorkuvers og tengingar þess við dreifikerfi heildstætt.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 18.6.
40.6	<i>„Mat á umhverfisáhrifum ótímabært Samkvæmt III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er gengið út frá því að umhverfisáhrif áætlana, þar sem mörkuð er stefna fyrir leyfisveitingar til framkvæmda, skuli metin sjálfstætt áður en til mats á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar kemur samkvæmt IV. kafla. Í 9. og 10. gr. tilvitnaðra</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 28.1.

¹¹ https://orkustofnun.is/gogn/Rammaaetlun/rammi4/R4339A-MuliQuadran_Iceland_Development.pdf

laga er gerð undantekning frá framangreindu, þ.e. heimilt er að sameina skýrslugerð og kynningu vegna mats á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana og framkvæmda samkvæmt þeim. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því í lögum að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar fari fram án þess að mat á umhverfisáhrifum þeirra áætlana sem marka stefnu um leyfisveitingu fyrir framkvæmd, fari fram áður, eða í það minnsta samhliða.

Framkvæmd af því tagi sem hér um ræðir sbr. fyrirliggjandi matsáætlun, er háð leyfum sem aftur byggjast á og þurfa að samrýmast þeirri stefnu og þeim áætlunum sem gerðar hafa verið m.a. samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, raforkulögum nr. 65/2003, lögum um Náttúrufræðistofnun 60/1992 og skipulagslögum nr. 123/2010. Um er að ræða áætlanir sem eftir atvikum sæta sem slíkar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt III. kafla laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Af fyrirliggjandi matsáætlun verður ekki séð að gert sé ráð fyrir hlutaðeigandi framkvæmd, eða að hún samrýmist þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið, í gildandi áætlunum um orkunýtingu og skipulag hlutaðeigandi landsvæðis. Enn síður verður ráðið að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum áætlana sem geri ráð fyrir, eða a.m.k. heimili, hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Þá verður ekki séð að mat á umhverfisáhrifum einstakrar framkvæmdar sem unnið er án þess að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum undirliggjandi áætlana sem framkvæmdin þarf að byggjast á og vera í samræmi við, og án þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé samþætt mati á umhverfisáhrifum hlutaðeigandi áætlana, geti orðið lögmætur grundvöllur framkvæmdar, enda hefur því matsferli sem gert er ráð fyrir í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana í því tilviki ekki verið fylgt.

	<i>Með vísan til framangreinds þykir ljóst að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sé ekki tímabært enda hæpið að slíkt mat geti farið fram án þess að það verði samþætt mati á umhverfisáhrifum þeirrar áætlunargerðar, þ.m.t. skipulagsbreytinga, sem fyrirhuguð framkvæmd kallar óhjákvæmilega á.“</i>	
40.7	<i>„Samlegðaráhrif Í matsáætluninni er ekki gerð nægileg grein fyrir mati á samlegðaráhrifum, sbr. kafla 5.8. Gerð er athugasemd við það og tekið fram að ástæða þess að þessi umfjöllun matsáætlunarinnar er ekki fullnægjandi tengist því sem rakið er hér að framan um skort á fyrirliggjandi áætlunum þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdinni. Áður en unnt er að taka afstöðu til samlegðaráhrifa framkvæmdarinnar á fyrirhuguðum starfstíma hennar þarf eðli máls samkvæmt að liggja fyrir stefnumörkun um starfsemi og framkvæmdir á svæðinu á þessum tíma. Samkvæmt gildandi áætlunum er yfir höfuð ekki gert ráð fyrir hinni fyrirhuguðu framkvæmd. Mat á samlegðaráhrifum við aðrar framkvæmdir sem heldur ekki hafa verið skipulagðar eða áætlað fyrir er því ljóslega ekki tímabært á þessu stigi og ljóst að mat á þessum þætti í samræmi við fyrirliggjandi matsáætlun mun ekki þjóna tilætluðum tilgangi laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 28.8.
40.8	<i>„Lokaorð Eigandi Sanddalstungu og Háreksstaða lýsir eindreginni afstöðu gegn byggingu vindorkugarðs í landi Hvamms í Borgarbyggð. Framangreindar athugasemdir eru ekki tæmandi og fela ekki í sér endanlega afstöðu til þeirra áforma sem lýst er í fyrirliggjandi matsáætlun“</i>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 27.2.
41	Gunnar Hersveinn	
41.1	<i>„Ég mæli eindregið gegn áformum um reisa um 78-95 MW vindorkugarð innan 3.528 ha svæðis að Hvammi í Borgarbyggð.“</i>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.

	<p><i>Lykilorð skýrslunnar eru: Vindmyllur, vindorkugarður, Qair, matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum.</i></p> <p><i>Lykilorð mín eru önnur. Það sem vegur margfalt þyngra til lengri tíma er sú fegurðarreynsla og upplifun sem svæðið veitir. Ég býst ekki við að þið skiljið það en: fegurðin sem hverfur dælir nú blóði um hug og hjarta, hún snarvekur ímyndunaraflið sem bræðir okkur saman, okkur sjálf, samfélagið og náttúruna. Norðurárdalur er ekki virkjanavöllur, hann er landslags sem við viljum eiga eins og það er núna.“</i></p>	
42	Soffía Júlía Svavarsdóttir og Smári Kristjánsson	
42.1	<p><i>„Við undirritaðir eigendur sumarhúss Stapagil 1 í Sanddal í landi Sveinatungu. Mótmælum eindregið áformum um vindorkugarð í Hvamms í Norðurárdal.“</i></p>	Athugasemdin krefst ekki viðbragða.
43	Jón Hjörtur Brjánsson	
43.1	<p><i>„Það ætti að vera hverjum manni ljós að það er fjarstæðukennd hugmynd að reisa orkuver af nokkru tagi eða önnur fyrirferðarmikil mannvirki í Sanddal. Nú hefur hins vegar hópi fólks tekist að fá þessa hugmynd og ætlar að hrinda henni í framkvæmd í krafti fjárhagslegs styrks umfram það fólk sem málið varðar mest, íbúa svæðisins og unnendur þess sem notið hafa ósnortinnar náttúrunnar í marga ættliði.</i></p> <p><i>Ég velti því fyrir mér hvernig hægt sé að koma andmælum við þessa firru á framfæri þannig að forsvarsmenn Qair, landeigandi í Hvammi og aðrir sem telja hugmyndina góða skilji að þetta er glæpur gegn náttúrunni, því fólki sem fer um svæðið eða dvelur þar til lengri eða skemmri tíma og því fólki sem á eftir að gera það ef komið verður í veg fyrir þetta skemmdarverk. Þetta yrði glæpur sem ekki verður bætt fyrir eftir að hann er framinn.</i></p> <p><i>Mín niðurstaða er sú að það er ekki hægt að koma fólkinu í skilning um þetta þar sem það skilur augljóslega ekki verðmæti þess sem er fyrir framan það og undir fótum þess þegar það kemur á staðinn.</i></p>	Í umhverfismatsskýrslu verða samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar metin og þar m.a. tekið tillit til ferðaþjónustu á svæðinu.

	<p><i>Þetta fólk hefur afbriðilegt verðmætamat og er þannig óhæft um að skilja nokkrar ábendingar um hverslags tap og sóun þessi framkvæmd hefði í för með sér. Ef fólk hefði heilbriggt verðmætamat og minnsta vott af skilningi á gildi ósnortinnar náttúru hefði það hlegið að hugmyndinni strax og hún kom upp og komið henni í ruslið þar sem hún á heima.</i></p> <p><i>Ég á aftur á móti von á að hjá þeim sem halda um skipulagsvaldið finnist fólk með heilbrigða skynsemi og eðlilegt verðmætamat. Þess vegna biðla ég til þeirra að leyfa þessu orkuveri ekki að rísa í Sanddal af ástæðum sem eru augljósar öllu heiðarlegu og heilbrigðu fólk.</i></p> <p><i>Til þess að halda þessum skilaboðum í skynsamlegri lengd set ég aðrar ástæður andstöðu minnar fram í punktum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Ég tel það fullreynt að landeigandi í Hvammi geri samninga við erlenda aðila Íslendingum til hagsbóta.</i> • <i>Hver króna sem fæst fyrir virkjun íslenskrar náttúru á að verða eftir á Íslandi og ekki flytjast til erlendra aðila.</i> • <i>Á svæðinu er verið að byggja upp ferðaþjónustu og aðra starfsemi sem byggir á þeim verðmætum sem þessi framkvæmd tortímir.</i> • <i>Framkvæmdin hefði í för með sér umtalsverða lækkun á verði jarða í nágreninu.“</i> 	
44	Anja Mager	
44.1	<p><i>„Ég á helming af jörðinni Dýrastöðum sem er næsti bær vestan við Hvamm. Sem landeigandi tek ég undir athugasemdir sveitungana mína varðandi áhrif sjónmengunar og hljóðmengunar fyrir fólk sem býr nálægt fyrirhuguðum vindorkugarð.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 31.2.
44.2	<p><i>„En það sem mér finnst vera stærsti gallinn við þessa hugmynd er að það sé verið að grafa undan ferðamenskuiðnaði á mjög stóru svæði, sem sagt stóran hlut af öllu Vesturlandi. Það er verið að selja ferðamönnum Ísland sem land með ósnerta náttúru, víðerni og frelsi.“</i></p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 32.3.

Til dæmis er stærsti atvinnurekandinn í Norðurárdalnum einmitt ferðapjónustubóndi sem er með margt fólk í vinnu allan ársins hring. Ég veit ekki betur en að ferðamannaiðnaðurinn sé einn mikilvægasti iðnaðurinn á Íslandi. Hvernig passar það saman við risastórt mannvirki sem sést mjög víða? Hvernig ásýnd erum við að bjóða þessum þúsundum ferðamönnum sem keyra í Borgarfjörð undir Hafnarfjalli eða ofan af Holtavörðuheidi og það fyrsta sem þeir reka augun í eru risastórar vindmyllur? Hvernig samræmist það?

Þarna finnst mér að það sé verið að fórna mjög stórum hagsmunum (ferðamannaiðnaður á Vesturlandi) fyrir mjög litlum (hagnaði einkarekins fyrirtækis). Er virkilega ekki hægt að finna betri stað fyrir vindmyllugarð? Hvernig væri til dæmis að byggja vindmyllugarð upp úr á sjó eins og tíðkast í Danmörku og Þýskalandi? Og er ekki hugsanlega gáfulegra að nýta aðra orkulind sem þetta land á svo mikið af eins og jarðvarma. Eða ennþá betra, af hverju ekki að virkja sjávarföllinn?

Ég vona innilega að þessi ákvörðun verði tekin á lýðræðislegan hátt þar sem allir hagsmunaaðilar fá að tjá sig og verði ekki tekin í skyndi.“